

skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




## Jóhann flytur eftirlætislögin

*Jóhann Sigurðarson flytur lög úr söngleikjum og leikritum í Salnum í Kópavogi í kvöld.*

menning 32




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
30. mars 2012
76. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




### Kryddlegin skáld

*Mæðgurnar Ingibjörg og Kristín lesa upp saman í fyrsta sinn í kvöld.*

tímamót 28

### Gluteus Maximus á stjá

*Dj Margeir og Stephan Stephensen nefna nýjan dansdúett eftir rassvöðvanum.*

fólk 46



### Góðkunningar mætast

*Fjögur lið hefja í kvöld leik í úrslitakeppni körfuboltans.*

sport 42

### veðrið í dag




**KÓLNAR NA-TIL** Væta N-til í dag og slydda eða él þegar líður á daginn. Kólnar NA-til með deginum og vægt frost þar í kvöld. Milt áfram S-til.

VEÐUR 4




**TEKIST Á UM AL THANI** Ólafur Ólafsson tekur í hönd verjanda síns, Ragnars Hall, fyrir utan Héraðsdóm Reykjavíkur, eftir að hafa lýst sig saklausan af stórfelldum umboðssvikum og markaðsmisnotkun í Al Thani-málinu svokallaða. Fyrir aftan þá sést Hreiðar Már Sigurðsson, sem einnig sætir ákæru í málinu. **Sjá síðu 2** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Útlendingar hafa áhuga á að kaupa TM

**Söluferli TM hófst í gær. Landsbankinn hefur sölutryggt 99,94% eignarhlut Stoða í félaginu. Talið að söluverðið verði að minnsta kosti 13,4-14,6 milljarðar.**

**VIÐSKIPTI** Erlendir fagaðilar í tryggingarekstri hafa sýnt áhuga á að kaupa Tryggingamiðstöðina (TM), samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Formlegt söluferli félagsins hófst í gær og er talið að verðmiðinn sé á bilinu 13-15 milljarðar króna. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans annast söluna auk þess sem bankinn hefur sölutryggt ferlið. Ekki fæst uppgefið hversu há sölutryggingin er.

TM er sem stendur í eigu Stoða, sem áður hétu FL Group. Félagið er langstærsta innlenda eign Stoða. Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoða, segir félagið þegar hafa fundið fyrir miklum áhuga.

„Við höfum fundið fyrir því að bæði innlendir og erlendir aðilar hafa sýnt þessu áhuga. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum er til 4. maí. Í kjölfarið verður vonandi hægt að fara með hóp tilboðsgjafa í annan fasa sem gæti leitt til þess að einhverjir leggi fram skuldbindandi tilboð. Við höfum sagt að stefna okkar sé að selja félagið á næstu þremur til sex mánuðum.“

TM kynnti afkomu sína í síðustu viku. Þar kom fram að tekjur félagsins jukust um 2,2 milljarða króna á árinu 2011 og hagnaður þess var samtals 3,4 milljarðar króna. Þar af voru 2,4 milljarðar króna vegna hækkunar á virði eigna sem TM hefur fjárfest í. Alls nema eignir félagsins 29,3 milljörðum króna og þar af er 17,1 milljarður króna bundinn í verðbréfum.

TM á meðal annars 5,4% hlut í HB Granda, 5,4% hlut í MP banka, tæplega 10% hlut í Samherja og um 2,7% beinan eignarhlut í Högum í gegnum félagið Hagamel. Upphafleg fjárfesting TM í Högum var gerð á genginu 10 krónur á hlut. Gengi Haga var yfir 18 krónum í lok dags í gær og því hefur sú fjárfesting tæplega tvöfaldast.

Tryggingarekstur TM gengur einnig vel en samsett hlutfall félagsins, sem er rekstrarkostnaður og tjón í hlutfalli við iðgjöld, var 92,5% í fyrra. Það er einungis í annað sinn sem hlutfallið er undir 100% hjá félaginu en það var 95,2% í árslok 2010.

Eigið fé TM var 12,2 milljarðar króna um síðustu áramót og eiginfjárhlutfallið 41,8%. Samkvæmt sérfræðingum sem Fréttablaðið hefur rætt við er talið líklegt að Stoðir muni fá að minnsta kosti 1,1-1,2 krónur á hverja krónu af eiginfé TM. Heimildir Fréttablaðsins herma að sölutrygging Landsbankans sé upp á upphæð á því bili. Gangi það eftir munu Stoðir fá 13,4-14,6 milljarða króna hið minnsta fyrir TM.

- þsj

### Þóknanir Landsbanka gætu orðið háar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans sér um sölu á öllu hlutafé Stoða, alls 99,94%, í TM. Hlutaféð er til sölu í heild eða að hluta. Landsbankinn sölutryggði enn fremur hlutinn. Heimildir Fréttablaðsins herma að þóknun fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans vegna sölunnar verði á bilinu 1-2% af söluandvirðinu. Til viðbótar verður möguleg 4-5% þóknun greidd ef reynir á sölutrygginguna og bankinn þarf að kaupa tryggingafélagið.




Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá entust fram á kvöld:

# Hvíldartími ekki virtur í þinginu

**STJÓRNMÁL** Umræðu um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá samhliða forsetakosningum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Til þess að hægt væri að halda atkvæðagreiðslu um stjórnarskrána samhliða forsetakosningum þurfti að samþykkja málið fyrir miðnætti í gær.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, lagði í gærmorgun til að þingfundur gæti staðið lengur, þriðja daginn í röð. Það var samþykkt.

„Það er fáheyrt að ríkisstjórnin skuli ræða þessi mál, fiskveiðistjórnunarfrumvarpið og stjórnarskrána, í skjóli nætur,“ sagði Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, um lengd þingfundarins. „Það er greinilegt að ekki er farið hér eftir þeim hvíldartíma sem starfsmenn á almennum vinnumarkaði hafa.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók í svipaðan streng og sagði vinnubrögðin ekki boðleg sjálfri stjórnarskrá Íslands.

Um klukkan níu í gærkvöldi biðu tíu þingmenn á mælendaskrá og var áætlað að ræður þeirra tækju þrjár klukkustundir auk þess sem forseti sagði atkvæðagreiðslur geta tekið um þrjár klukkustundir til viðbótar.

- þeb / sjá síðu 10






## SPURNING DAGSINS



*Anna Dóra, meintirðu ekki að sumir ferðamannastaðir væru við Þelamörk?*

„Nei, en það er hins vegar spurning hvort Þelamörk er við þolmörk.“

Anna Dóra Sæþórsdóttir hefur unnið rannsóknir sem sýna fram á að sumir ferðamannastaðir á Íslandi eru nú við þolmörk.

Verðlagsþróun og aukið seðlamagn í umferð gefa tilefni til nýs seðils:

# Gefa út tíu þúsund króna seðil

**EFNAHAGSMÁL** Tíu þúsund króna seðill verður gefinn út á næsta ári. Már Guðmundsson seðlabankastjóri greindi frá þessu á ársfundi bankans í gær.

Undirbúningur að útgáfu seðilsins er hafinn og er stefnt að því að hann verði kominn í umferð haustið 2013. Már sagði í ræðu sinni á fundinum að reiðufé sé enn mikilvægur greiðslumiðill og hafi vaxið ásmegin að undanförnu. „Um langt árabil var hlutfall reiðufjár í umferð í hlutfalli við verga landsframleiðslu um eitt prósent en nemur nú um tveimur og hálfu prósenti,“ sagði Már. Verðlagsþróun og aukið seðlamagn í umferð hafi því gefið tilefni til að meta þörfina fyrir útgáfu nýs peningaseðils með hærra ákvæðisverði.

Nýi tíu þúsund króna seðillinn verður að sögn Más búinn fleiri og fullkomnari öryggisþáttum en seðlar hafa hingað til gert. Myndefni seðilsins tengist Jónasi Hallgrímssyni auk þess að skarta lóunni. **- þeb**



**ÁRSFUNDUR SEÐLABANKANS** Már Guðmundsson seðlabankastjóri tilkynnti um útgáfu seðilsins á ársfundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Garðabær þakkar starfsfólki:

# Fá tvo launaða frídaga að gjöf

**GARÐABÆR Allir starfsmenn Garðabæjar fá tvo launaða frídaga fyrir vel unnin störf á undanförnum árum. Í bréfi sem Gunnar Einarsson bæjarstjóri sendi starfsmönnum segir hann tilefnið vera góðan árangur á öllum sviðum bæjarins.**

**Í bréfinu segir einnig að það sé gleðilegt að geta umbunað starfsfólki á þennan hátt. Starfsfólkið hafi tekið á sig ýmsar skerðingar og hagræðingu en haldið áfram að veita íbúum afbragðs þjónustu þrátt fyrir það. - áas**

Framtakssjóður Íslands:

# Hagnaðist um 2,3 milljarða

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóður Íslands (FSÍ) hagnaðist um 2,3 milljarða króna í fyrra. Þorri hagnaðarins er tilkominn vegna sölu sjóðsins á 10% hlut í Icelandair á 2,7 milljarða króna í byrjun nóvember 2011. Hluturinn hafði þá ávaxtast um 120% frá því að hann var keyptur.

Í ársreikningi FSÍ, sem birtur var í gær, kemur fram að heildareignir sjóðsins eru metnar á 28,2 milljarða króna. Helstu eignir FSÍ eru 100% hlutur í Icelandic Group og Plastprent, 75% hlutur í Advania, 49,5% hlutur í Promens, 55% hlutur í N1 og 19% hlutur í Icelandair.

Landsbankinn er stærsti einstaki eigandi FSÍ með 27,6% eignarhlut. Aðrir eigendur hans eru 17 lífeyrissjóðir og VÍS, sem á 0,55% hlut. **- þsj**

Afkoma Skipta árið 2011:

# Tapaði 10,6 milljörðum

**VIÐSKIPTI Skipti, móðurfélag Símans, tapaði 10,6 milljörðum króna á síðasta ári. Þar af 4,5 milljörðum króna vegna lækkunar á bókfærðu virði kröfu félagsins á þrotabú Glitnis og Kaupþings. Krafan er vegna gjaldeyrisvarnarsamninga sem enn eru óuppgerðir. Auk þess voru óefnislegar eignir Skipta færðar niður um 2,7 milljarða króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Skipta sem birtur var í gær.**

**Rekstrarhagnaður Skipta fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)var um sex milljarðar króna. Alls greiddi Skipti 22,3 milljarða króna í afborganir og vexti af lánum í fyrra. Heildareignir félagsins voru metnar á 79,4 milljarða króna um síðustu áramót og skuldir þess voru 67,8 milljarðar króna. - þsj**

# Segjast saklausir af svikamyllu með sjeik

**Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson neita allir sök í Al Thani-máli sérstaks saksóknara. Ólafur segir ákæruvaldið beita ofbeldi í málinu. Saksóknari neitar að láta af hendi afrit af símhlerunum og tölvupósti.**

**DÓMSMÁL** Þrír sakborninganna í svokölluðu Al Thani-máli sérstaks saksóknara neituðu allir sök fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

„Ég lýsi mig saklausan af öllum ákæruliðum,“ sagði Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, inntur eftir afstöðu sinni til sakarefnisins. Ólafur Ólafsson í Samskipum og áður einn helsti eigandi Kaupþings, endurtók orð Hreiðars en Magnús Guðmundsson, sem var forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, svaraði með einu orði: „Saklaus.“

Fyrr í mánuðinum hafði Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, mætt fyrir dóminn og lýst sig saklausan af öllum sakargiftum.

Fjórmenningarnir eru ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun með því að hafa lánað katarska sjeiknum Al Thani tæpa 26 milljarða í lok september 2008 fyrir kaupum á fimm prósenta hlut í Kaupþingi. Lánið var veitt án trygginga, annarra en bréfanna sjálfra.

Ólafur tjáði sig við fjölmiðla að loknu þinghaldinu og sagði ákæruna hafa komið sér á óvart og væri honum vonbrigði og mikið áfall. „Og hún er enn meira áfall eftir að ég er búinn að lesa gögnin og sjá á hverju hún er byggð. Mér finnst ákæruvaldið vera að beita þarna ofbeldi. Meira hef ég ekki um málið að segja. Í ákæruskjalinu kemur fram að ég hafi tjáð mig við fjölmiðla með ákveðnum hætti þannig að ég mun gæta varúðar í frekari tjáningu við ykkur.“

Fyrir dómnum í gær var tekist á um málsgögn sem verjendur fjórmenninganna hafa krafist aðgangs



**NEITA SÖK** Hreiðar, Magnús og Ólafur eru allir búsettir erlendis. Þeir komu til landsins gagngert til að vera við fyrirtökuna í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Mér finnst ákæruvaldið vera að beita þarna ofbeldi.
>
> **ÓLAFUR ÓLAFSSON** ATHAFNAMAÐUR

að. Þeir vilja fá í hendur upptökur af hleruðum símtölum skjólstæðinga sinna og jafnframt öll tölvupóstsamskipti sem byggt er á í málinu.

Björn Þorvaldsson saksóknari hefur þegar hafnað þessari beiðni en bent á að mönnum standi til boða að kynna sér gögnin í húsakynnum saksóknara.

Þá fóru verjendurnir enn fremur fram á að rúmlega hundrað blaðsíðna skýrsla rannsakenda í málinu yrði felld út sem gagn á þessu stigi málsins. Telja þeir að skýrslan sé lítið annað en munnlegur málflutningur og það krefjist ómældrar vinnu fyrir þá að útbúa sínar greinargerðir sem svar við svo ítarlegu skjali.

Tekist verður á um bæði þessi atriði fyrir dómi 25. apríl. Þá var verjendunum veittur frestur til 24. maí til að skila skriflegum greinargerðum sínum. Ragnar H. Hall, verjandi Ólafs, kvaðst telja þann frest of stuttan, enda væru málsskjölin yfir 7.000 blaðsíður. Björn Þorvaldsson saksóknari sagðist aftur á móti telja greinargerðarfrestinn yfirdrifinn.

stigur@frettabladid.is



**ÁNÆGJA** Vel heppnuðum Mottumars lauk í gær.

Mottumarsinn afstaðinn:

# Söfnuðu nærri 30 milljónum

**HEILBRIGÐISMÁL Alls höfðu safnast 28,9 milljónir króna þegar formlegri söfnun áheita í átakinu Mottumars lauk síðdegis í gær. Magnús Sigurbjörnsson sigraði í einstaklingskeppni Mottumars. Hann safnaði 872.500 krónum. Arionbanki safnaði 1.391.500 krónum og varð efstur í liðakeppninni. Meistarafélag hárskera taldi Guðmund Þorlák Guðmundsson með fallegustu mottuna. Áfram er hægt að leggja átakinu lið fram yfir mánaðamót á mottumars.is. - gar**

Dæmdur maður ósáttur:

# Nafnbirting er fjötur um fót

**DÓMSMÁL** Persónuvernd hefur vísað frá máli manns sem kveðst mjög ósáttur við að dómstólar birti nöfn dæmdra manna á vefsíðum sínum á netinu.

„Ég tel að þetta hjálpi ekki mönnum sem hafa afplánað sína dóma við að koma aftur út í samfélagið. Þetta hefur skemmandi áhrif á aðlögun manna að samfélaginu að nýju. Það er eins og það sé verið að dæma mann upp á nýtt því að í hvert skipti sem maður sækir um vinnu eða leitar að húsnæði svo eitthvað sé nefnt þá þarf fólk lítið annað en að fletta nafninu upp á netinu og þá birtist dómurinn,“ segir í erindi mannsins til Persónuverndar sem kveður málið utan sinna valdheimilda. **- gar**






Samherji segist hafa lagt sig fram um að uppfylla kröfur um gjaldeyrisviðskipti:

# Efast um skilning Seðlabankans

**LÖGREGLUMÁL** „Hjá Samherja hefur í einu og öllu verið farið að lögum hvort sem það varðar gjaldeyrisviðskipti eða önnur málefni,“ segir í yfirlýsingu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, vegna húsleitar hjá fyrirtækinu á vegum Seðlabankans.

Þorsteinn segir aðgerðir Seðlabankans tilefnislausar og hljóta að vera byggðar á röngum upplýsingum eða öðrum ástæðum sem Samherja sé ekki kunnugt um hverjar eru.

Gjaldeyrisdeild Seðlabankas grunar Samherja um brot á gjaldeyrislögum en Þorsteinn segist engar skýringar hafa fengið. „Samherji hefur lagt sig fram um að uppfylla allar kröfur Seðlabankans um gjaldeyrisviðskipti,“ segir forstjórinn sem kveður bankann virðast eiga í erfiðleikum með að átta sig á alþjóðlegri starfsemi Samherja. „Kann það að hluta til að skýra þessar sérkennilegu aðgerðir nú.“

Þá segir Þorsteinn „harkalegar og ómálefnalegar aðgerðir“ Seðlabankans „hljóta að vera einsdæmi“. Hann skorar á Seðlabankann að leggja fram rökstuðning fyrir húsleitinni svo Samherji geti lagt sitt af mörkum til að upplýsa Seðlabankann um það sem hann vilji fá skýringar á og um leið freistað þess að takmarka tjón fyrirtækisins af aðgerðinni. **- gar**



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON** Forstjóri Samherja lýsir „fullri ábyrgð“ af húsleit á Seðlabankann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Landsbankinn fjármagnar atvinnutækin

**Landsbankinn er öflugur** samstarfsaðili fyrirtækja. Við veitum viðskiptavinum aðgang að kaupleigu til fjármögnunar tækja og bíla jafnt sem fjárfestingarlán til fjármögnunar varanlegra eigna.

**Kynntu þér** fjármögnun atvinnutækja á landsbankinn.is eða í síma 410 4000.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

**GENGIÐ 29.03.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,80 | 127,40 |
| Sterlingspund | 201,25 | 202,23 |
| Evra | 168,33 | 169,27 |
| Dönsk króna | 22,632 | 22,764 |
| Norsk króna | 22,036 | 22,166 |
| Sænsk króna | 19,024 | 19,136 |
| Japanskt jen | 1,5404 | 1,5494 |
| SDR | 196,95 | |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,5318

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar útilokar ekki aðra framlengingu á auðlegðarskatti:

# Aldraðir 37 prósent greiðenda auðlegðarskatts

**SKATTAMÁL** Alls 37% þeirra sem greiða auðlegðarskatt eru yfir 65 ára aldri. Þá er rúmur fimmtungur greiðenda yfir 75 ára aldri. Einungis 11% eru undir 45 ára aldri. Þetta var meðal þess sem kom fram á málþingi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, um auðlegðarskattinn í Hörpu í gær.

Auðlegðarskattur var lagður á árið 2009, tímabundið til þriggja ára. Fyrst um sinn var hann 1,25% af nettóeignum einstaklinga umfram 90 milljónir og hjóna umfram 120 milljónir.

Síðan hefur skatturinn verið framlengdur um tvö ár og hækkaður í 1,5% af nettóeignum einstaklinga á bilinu 75 til 150 milljónir og 2% á eignir umfram það. Þá borga hjón 1,5% af eignum umfram 100 milljónir og 2% af eignum umfram 200 milljónir. Alls greiddu 3.817 einstaklingar auðlegðarskatt á árinu 2009 og 5.570 einstaklingar árið 2010.

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, flutti erindi á fundinum og benti á að sá rökstuðningur hefði verið fyrir skattinum að þeir sem högnuðust hvað



HELGI HJÖRVAR

mest á eignabólunni fyrir hrun greiddu hluta ágóðans til baka. Tölur um greiðendur skattsins bentu hins vegar til þess að skatturinn legðist aðallega á eldri borgara, þar á meðal marga sem ættu fáar og jafnvel engar vaxtaberandi eignir.

Í pallborðsumræðum á fundinum tóku þátt meðal annarra Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands aldraðra, og Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Jóna sagði þessa skattheimtu komna út fyrir allt velsæmi á meðan Helgi Hjörvar kallaði hana sanngjarnt framlag þeirra efnuðustu á erfiðum tímum. Helgi lagði þó áherslu á að skatturinn væri neyðarbrauð sem ætti ekki að vera viðvarandi. Þá sagði hann ekki hægt að útiloka að skatturinn yrði aftur framlengdur, það færi eftir þróun stöðu ríkisfjármála. **- mþl**

Alls 132 á dauðadeild í Japan:

## Þrír morðingjar teknir af lífi

**JAPAN Þrír menn voru teknir af lífi með hengingu í fangelsum í Japan í gær. Þetta eru fyrstu aftökurnar sem fram faru í landinu í eitt og hálft ár. Mennirnir voru allir dæmdir fyrir morð sem þeir frömdu á árunum 1999 til 2002.**

**Toshio Ogawa, dómsmálaráðherra Japans, staðfesti á blaðamannafundi í gær að aftökurnar hefðu farið fram. Hann sagði að þær nytu stuðnings meðal almennings.**

**Nú sitja 132 einstaklingar í fangelsi í Japan sem hlotið hafa dauðadóm. Þeir hafa ekki verið fleiri síðan í seinni heimsstyrjöldinni. - áas**

Óhugur í Úkraínu:

## Lést eftir hópnauðgun

**ÚKRAÍNA** Átján ára úkraínsk stúlka, Oksana Makar, lést af sárum sínum á sjúkrahúsi í gær eftir hafa orðið fyrir hrottalegri hópnauðgun. Árásin átti sér stað 8. mars síðastliðinn í borginni Mykolayiv í suðurhluta landsins. Málið hefur vakið gríðarlega athygli í Úkraínu.

Þrír menn réðust á stúlkuna og nauðguðu henni, reyndu að kyrkja hana og brenndu. Stúlkan fannst svo daginn eftir og var henni þá komið á sjúkrahús. Mennirnir hafa verið handteknir en tveimur þeirra var sleppt vegna tengsla við yfirvöld. Þeir hafa verið handteknir aftur. **- áas**

**LEIÐRÉTT**

Kvikmyndin The Hunger Games fær fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. Ekki þrjár, eins og kom fram í blaðinu í gær.

# Allir kaflarnir verði opnaðir fyrir árslok

**Fjórir samningskaflar í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið verða opnaðir í Brussel í dag. Fimmtán hafa verið opnaðir en veigamestu kaflarnir bíða. Stækkunarstjóri vonast eftir að allir kaflarnir verði opnaðir fyrir árslok.**

**FRÉTTABLAÐIÐ, BRUSSEL** Stefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins (ESB), vonast til þess að búið verði að opna alla samningskafla í aðildarviðræðum við Ísland fyrir árslok. Füle lét þessi orð falla á fundi með íslenskum blaðamönnum í Brussel í gær, í aðdraganda fjórðu ríkjaráðstefnu Íslands og ESB sem fer fram í dag.

Á ráðstefnunni verða opnaðir fjórir samningskaflar, um orkumál, utanríkis-, öryggis- og varnarmál og neytenda- og heilsuvernd. Fyrirfram er búist við því að tveimur síðustu köflunum verði lokað samdægurs, enda sé samhljómur í samningsafstöðu Íslands og ESB í þeim málaflokkum.

Varðandi kaflann um samkeppnismál leggur Ísland meðal annars áherslu á að viðhalda núverandi fyrirkomulagi á verslun með áfengi og tóbak, enda sé það í samræmi við ákvæði EES-samningsins og regluverk ESB, en í afstöðu Íslands kemur einnig fram að í þeim málaflokki sé einnig beðið þess að Eftirlitsstofnun EFTA muni ljúka athugun sinni á starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Í orkumálum fór Ísland fram á aðlögunartímabil og sérlausnir, meðal annars vegna ákvæða um að aðildarríki ESB þurfi að viðhalda lágmarksbirgðum af olíu fyrir 90 daga notkun. Birgðastaða Íslands er jafnan um 32 dagar, en í stað þess að auka birgðir er þess farið á leit að Ísland fái tíma til að draga úr notkun olíu með auknu hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa, fram til þess að núverandi magn



**VIÐRÆÐUR** Sérlausnir sem önnur ríki, til dæmis Finnar, hafa fengið í viðræðum við ESB verða ekki færðar sjálfkrafa yfir á önnur lönd, sagði Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

muni nægja í tilskyldan tíma. Þá er meðal annars hnykkt á þeim ákvæðum ESB-sáttmálans sem lúta að yfirráðum aðildarlanda yfir orkuauðlindum og að eignarhald Íslands yfir orkugjöfum sínum og rétturinn til að stjórna þeim haldist óskertur.

Ef fram fer sem horfir í dag, verður búið að opna fimmtán samningskafla af 33 og loka tíu þeirra. Enn mun þó standa eftir að opna marga veigamikla kafla sem fyrirfram er talið að verði erfiðastir viðfangs, til dæmis um stjórn fiskveiða, landbúnað, byggðamál og umhverfismál. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður fiskveiðikaflinn þó ekki opnaður fyrr en í fyrsta lagi á seinni helmingi ársins, en þá munu Kýpur fara með formennsku í ESB.

Füle minntist í tali sínu á sérstöðu Íslands, sérstaklega varðandi legu landsins. Aðspurður út í möguleikann á sérlausnum, byggðum á samsvarandi lausnum sem ríki hafa fengið í fyrri aðildarviðræðum (til dæmis fékk Finnland ákveðna sérlausn vegna landbúnaðar á norðurslóðum) svaraði Füle: „Já og nei. Annars vegar sýna sérlausnir í fyrri viðræðum að sambandið reyni að koma til móts við sérstöðu ríkja í viðræðum. Það sé þó innan marka ESB-sáttmálans. Hins vegar yfirfærum við ekki slíkar lausnir sjálfkrafa frá einum viðræðum til annarra, þó við höfum þær vissulega til hliðsjónar.“ **thorgils@frettabladid.is**



**VESTURBÆRINN** Meðalleiguverð í landinu er hæst í Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar, og á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vísitala leiguverðs:

## Leiguverð tekið að lækka á ný

**HÚSNÆÐISMÁL** Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 1% í febrúar frá mánuðinum áður. Þjóðskrá Íslands birtir vísitöluna mánaðarlega en þetta er í fyrsta sinna frá því í júlí síðastliðnum sem vísitalan lækkar milli mánaða.

Alls hækkaði vísitalan um 11% á árinu 2011 en heldur hægðist á hækkunum leiguverðs undir lok ársins. Vísitalan var svo kyrr milli desember- og janúarmánaða og lækkaði milli janúar og febrúar eins og áður sagði.

Birtingu vísitölunnar er ætlað að varpa ljósi á þróun leiguverðs en hún byggir á gagnagrunni Þjóðskrár. **- mþl**

Milljónir í sálfræðikostnað:

## Einelti innan slökkviliðsins

**AKUREYRI Milljónum hefur verið varið í sálfræðikostnað til liðsmanna slökkviliðsins á Akureyri vegna eineltisvanda innan liðsins og ófullnægjandi starfsanda. Vandamálið hefur verið til staðar í mörg ár, að sögn bæjarstjóra Akureyrar, Eiríks Björns Björgvinssonar, í samtali við Akureyri vikublað.**

**Fréttablaðið greindi frá því fyrir tveimur árum að mikið ósætti ríkti á meðal slökkviliðsmanna í bænum vegna starfssamnings þeirra. Þá hafði verið reynt að finna lausn á vandanum í þó nokkurn tíma. - sv**




**VEÐURSPÁ**



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**SÝNISHORN** af öllum árstíðum! Vætusamt N-til næstu daga. Kólnar NA-til í dag og gæti snjóað þegar frystir. Milt áfram S-til um helgina, kennina og SA-til þar sem ætti að sjást eitthvað til sólar.



**Á MORGUN** Fremur hæg V-læg átt.

**SUNNUDAGUR** Víða fremur hæg V-læg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 16° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 12° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 11° |
| París | 19° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# HAFÐU ÞAÐ GOTT
## UM PÁSKANA

### STEIKTUR HEILL KALKÚNN
*að hætti kokkalandsliðsins*

1 stk heill kalkúnn
Salt og pipar
Smjör
Klútur

FYLLING
1 dl saxaður laukur
1 dl rauðlaukur saxaður
1 dl epli söxuð
1 dl saxað sellerí
Söxuð salvía
Saxað timijan
2 dl smjör
5 dl brauðteningar
2 egg

Allt grænmetið er svitað við vægan hita á pönnu uns algerlega meyrt. Kælið grænmetið og blandið saman við restina af hráefnunum. Kryddið að lokum vel með salti og pipar.

Snyrtið kalkúninn og smyrjið vel með smjöri. Kryddið að innan og utan með salti og pipar. Smellið fyllingunni í hann og lokið. Setjið á grind og brúnið í ofni við 210 gráður í ca. 12 mín eða þangað til hann er orðinn fallega gylltur. Takið kalkúninn út og lækkið ofninn í 120 gráður. Takið klút sem hefur verið bleyttur vel með smjöri og leggið yfir kalkúninn. Eldið hann áfram í ofninum í ca. 3 ½ til 4 klukkutíma og munið á 15 mín fresti að taka smjörið og safann og hella aftur í klútinn sem liggur á kalkúninum. (Uppskriftin miðast við ca 5 kg fugl).



TILBOÐ
FROSINN KALKÚNN*
999 kr/kg
Verð áður 1.549,-

*Best fyrir maí 2012




1.999 kr/kg

**Lambahryggur**
af nýslátruðu




1.699 kr/kg

**Lambalæri**
af nýslátruðu




SALT MINNI
HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN
1.699 kr/kg

**Hamborgarhryggur Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara




2.499 kr/kg

**Jói Fel úrbeinað lambalæri**
Skógarberja eða Marokkó kryddlegið

NÝBAKAÐ



PÁSKAKAKA
999 kr/stk

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
BAGUETTE 400GR
249 kr/stk
Verð áður 299.-

NÝTT
LJÓTUR BLÁMYGLUOSTUR FRÁ MS







TILBOÐ
SULTAÐUR RAUÐLAUKUR
299 kr/stk
Verð áður 479.-

*Risaegg frá Nóa er 1,4 kg*

PÁSKAEGG
Í MIKLU ÚRVALI







*úrvals kaffi*

*Valor súkkulaði - enginn viðbættur sykur*




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
24 Hagkaup

Gildir til 1. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Spilar þú í happdrættum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,2% |
| NEI | 42,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú náttúru landsins í hættu vegna átroðnings ferðamanna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Héraðsdómur Vesturlands dæmdi mann í fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot:

# Braut gróflega gegn tíu ára dóttur sinni

**DÓMSTÓLAR** Maður hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir gróft kynferðisofbeldi gagnvart dóttur sinni. Stúlkan var þá tíu ára gömul. Dómurinn var kveðinn upp á miðvikudag í Héraðsdómi Vesturlands.

Brotin framdi maðurinn á tímabilinu frá maí og fram í júní í fyrra. Fyrstu brotin áttu sér stað þegar maðurinn gætti dóttur sinnar og tveggja bræðra hennar á meðan móðir þeirra var á ferðalagi utan landsteinanna.

Stúlkan greindi skólasystkinum sínum frá brotunum í nóvember í fyrra og varð það til þess að málið komst á borð námsráðgjafa skólans og þaðan til lögreglu. Maðurinn, sem fór huldu höfði í um sólarhring eftir að fyrst var gerð tilraun til að handtaka hann í lok nóvember, neitaði sök í málinu. Hann gaf sig sjálfur fram við lögreglu.

Í dómnum er brot mannsins sagt alvarlegt og að hann eigi sér engar málsbætur. „Honum var trúað fyrir því að gæta þriggja af fjórum börnum sínum á heimili þeirra og móður þeirra er hún var erlendis á síðastliðnu vori. Á þessum tíma braut hann freklega gegn dóttur sinni og þykir refsing hans fyrir brot hans hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár en frá því skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 1. desember 2011,“ segir þar.

Að auki er manninum gert að greiða dóttur sinni 1,2 milljónir króna í miskabætur. Hann þarf svo jafnframt að greiða allan sakarkostnað, alls tæpar 3,3 milljónir króna. **- óká**

**Lýsti upplifuninni**

Í dómi Héraðsdóms Vesturlands er vísað til skýrslu stúlkunnar í Barnahúsi. „Er lýsing hennar orðuð þannig að fráleitt er að 11 ára gamalt barn geti lýst atvikum af þessum toga án þess að barnið sé að lýsa upplifun sinni. Þá er frásögn skólafélaga hennar, sem skýrslur gáfu í Barnahúsi fyrir dómi, þar sem þeir skýrðu frá því hvað brotaþoli hefði sagt þeim, í samræmi við lýsingar hennar á atvikum,“ segir í dómi Héraðsdóms Vesturlands.

Sænskir barnaníðingar:

## Dómar í Svíþjóð vegna níðs á Filippseyjum

**SVÍÞJÓÐ Svíi á áttræðisaldri hefur verið dæmdur í undirrétti í Svíþjóð í eins og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkubörnum á Filippseyjum. Maðurinn var á tíunda áratug síðustu aldar dæmdur til vistar á réttargeðdeild vegna kynferðisbrota gegn barni en var útskrifaður eftir níu ár.**

**Á Filippseyjum kenndi maðurinn tveimur stúlkubörnum ensku og beitti bæði börnin kynferðislegu ofbeldi, öðru gegn greiðslu tvisvar í viku. Maðurinn tók nektarmyndir af þriðja stúlkubarninu sem hann hafði tekið að sér að sjá farborða.**

**Þá var Svíi á fimmtugsaldri dæmdur í vikunni í sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn börnum á Filippseyjum. - ibs**



**STEN TOLGFORS** Varnarmálaráðherra Svíþjóðar hefur sagt af sér. NORDICPHOTOS/AFP

Vopnasmiðja í Sádi-Arabíu:

## Varnarráðherra Svía segir af sér

**SVÍÞJÓÐ** Sten Tolgfors, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, hefur sagt af sér vegna áforma um að Svíar taki þátt í að reisa vopnaverksmiðju í Sádi-Arabíu.

Vaxandi þrýstingur hefur verið á Tolgfors eftir að upplýsingar um þessi áform komust í fjölmiðla.

Sjálfur segir Tolgfors ekkert athugavert við þessi áform, þau séu í fullu samræmi við hernaðarsamning ríkjanna tveggja frá árinu 2005.

Hann sagðist hafa ætlað að segja af sér hvort sem er, en þessi þrýstingur hafi orðið til þess að hann hafi flýtt afsögn sinni. **- gb**

**SNÆFELLSNES**

### Tönnum stolið úr hval

Búið er að stela nær öllum tönnum úr búrhval sem rak á land í Beruvík á Snæfellsnesi um síðustu helgi. Hvalrekinn vakti mikla athygli ferðamanna sem og heimamanna. Skessuhorn segir frá því að það megi fá allt að 200 Bandaríkjadali fyrir hverja tönn og í búrhval geta verið á bilinu 30 til 60 tennur.

# Mikil óvissa ríkir um framtíð ættleiðinga

**Íslensk ættleiðing þarf um 54 milljónir króna til að geta sinnt hlutverki sínu. Núverandi framlag er 9,2 milljónir króna. Málið er á borði innanríkisráðherra.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver er staða ættleiðingarmála á Íslandi?

Íslensk ættleiðing (ÍÆ) getur ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu með núverandi framlagi ríkisins. Í fjárlögum 2012 er upphæðin 9,2 milljónir króna.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Kristins Ingvarssonar, framkvæmdastjóra ÍÆ, þarf félagið um 54 milljónir króna til að geta haldið áfram að aðstoða fólk við að ættleiða börn erlendis frá og sinna því hlutverki sem því er ætlað. Ekki er hægt að ættleiða barn erlendis frá nema fara í gegnum íslenskt ættleiðingafélag og ÍÆ er það eina sem starfrækt er hér á landi.

**Enginn samningur við ríkið**

Enginn þjónustusamningur hefur verið gerður á milli ÍÆ og innanríkisráðuneytisins, en Kristinn bjó til drög að slíkum samningi og sendi á ráðuneytið. Hann hefur þó ekki verið samþykktur.

Ekki náðist í Ögmund Jónasson innanríkisráðherra þar sem hann er staddur erlendis. Þau svör fengust frá ráðuneytinu að málið væri á hans borði og snúist um að leita leiða til að brúa það fjárhagslega bil sem nú blasi við. Verið sé að ræða við ÍÆ en ekkert sé enn til lykta leitt.

**Ekki sambærileg þjónusta**

Að mati forsvarsmanna félagsins, Kristins og Harðar Svavarssonar formanns, er enginn fjárhagslegur grundvöllur fyrir því að halda rekstri félagsins óbreyttum áfram út árið. Störf og þjónusta ættleiðingarfélaga í nágrannalöndunum sé engan vegin sambærileg hvað varðar eftirfylgni við fjölskyldur, læknisþjónustu og samskipti við ættleiðingarfélög í upprunalöndum barnanna.

Samkvæmt reglugerð ber ÍÆ að hafa lækni á sínum snærum, bæði til að undirbúa foreldrana og svo til að sinna barninu þegar það kemur til landsins. Því hefur þó mestmegnis verið sinnt í sjálfboðavinnu læknanna, aðallega af Gesti Pálssyni barnalækni, og utan þeirra eiginlegu vinnutíma fram til þessa, þar sem ekkert fjármagn er til að borga þeim fyrir vinnu sína.

Eigi þjónusta ÍÆ að verða sambærileg við nágrannalöndin, þyrfti einnig að ráða lögfræðing í vinnu, sem og félagsráðgjafa.

„Okkur er ætlað að halda úti skrifstofu, vefsvæðum, samskiptum við fjölskyldur bæði hér heima og erlendis, samstarfsaðila erlendis og fleiru, fyrir 9,2 milljónir á ári,“ segir Hörður.

**Klukkutími á dag**

Í reglugerð um ættleiðingar er félaginu ætlað að veita áframhaldandi þjónustu eftir ættleiðingu þar sem það getur haft margvíslegar afleiðingar fyrir börn að hafa verið vistuð á stofnunum í fleiri ár.

„Á bestu stofnununum fá börnin klukkutíma á sólarhring. Það skiptir því miklu máli að bregðast við um leið og börnin koma til landsins,“ segir Hörður. „Það þarf því að fræða heilbrigðisstarfsmenn og starfsmenn skólaþjónustunnar hvað börnin gætu verið að glíma við.“

**Vantar samskipti**

Starfsmenn ÍÆ hafa ekki haft tök á því á undanförnum árum að ferðast til upprunalanda barnanna til að sinna samskiptum við þarlendar stofnanir. Sambærileg félög í nágrannalöndunum fara um það bil þrisvar á ári, til að byggja upp gagnkvæmt traust við ættleiðingarstofnanir og munaðarleysingjahæli og til að afla nýrra samskipta.

„Við hættum þeim samskiptum í hruninu,“ segir Hörður. „Við erum til dæmis að fá til okkar um 160 börn frá Kína og höfum aldrei farið í fund þangað til að fara yfir reglurnar. Það er í raun merkilegt að þau treysti okkur miðað við það hversu lítil samskipti við höfum.“ Meira en 600 börn frá fjórum löndum hafa fengið nýtt heimili á Íslandi í gegn um félagið á 34 árum. **sunna@frettabladid.is**



**KÍNVERSKT MUNAÐARLEYSINGJAHÆLI** Kínverskt barn horfir á milli rimlanna í rúmi sínu á munaðarleysingjahæli. Um 160 kínversk börn hafa eignast íslenska foreldra í gegnum Íslenska ættleiðingu. NORDICPHOTOS/AFP

> Okkur er ætlað að halda úti skrifstofu, vefsvæðum, samskiptum við fjölskyldur bæði hér heima og erlendis, samstarfsaðila erlendis og fleiru, fyrir 9,2 milljónir á ári.



**HÖRÐUR SVAVARSSON,** FORMAÐUR ÍÆ



**MÓTMÆLI Í SEVILLA** Fjöldi manns hélt út á götur í öllum helstu borgum Spánar. NORDICPHOTOS/AFP

Lögðu niður störf á Spáni:

## Mótmæltu nýju vinnulögunum

**SPÁNN, AP Tugir þúsunda Spánverja lögðu niður vinnu í gær til að mótmæla breytingum á vinnulöggjöf, sem meðal annars gerir atvinnurekendum auðveldara að reka starfsfólk og lækka laun.**

**Fjöldi fólks hélt út á götur til að loka fyrir umferð og hindra að fólk kæmist inn í verslanir. Einnig komu mótmælendur í veg fyrir að sumar sjónvarpsstöðvar gætu sent út efni.**

**Allsherjarverkfall í sólarhring lamaði að mestu allt þjóðlíf í landinu. - gb**

Tölur frá Hagstofunni:

## Verðbólga fer enn hækkandi

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,05% í mars miðað við mánuðinn á undan. Tólf mánaða verðbólga hækkaði því lítillega, fór úr 6,3% í 6,4%.

Helstu aflvakar hærri verðbólgu voru útsölulok og hækkun á bensínverði. Þá hækkuðu flugfargjöld nokkuð milli mánaða.

Þar með er ljóst að verðbólga á fyrsta fjórðungi ársins var 6,4% sem er nokkru hærra en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í hagspá sinni þar sem gengið var út frá 6,1% verðbólgu. Sé leiðrétt fyrir breytingar á húsnæðisverði hækkaði vísitala neysluverðs um 1,29% í mars. Tólf mánaða verðbólga án húsnæðis er því 6,2%. **- mþl**

Kínverjar bjarga börnum:

## Rán á börnum stórt vandamál

**KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld segjast hafa bjargað 23 börnum sem hafði verið rænt og þau seld mansali. Tólf manns voru handteknir í þeirri viðleitni stjórnvalda að stemma stigu við ránum á börnum.**

**Rannsókn málsins hófst í nóvember þegar tilkynnt var að nokkrum börnum hefði verið rænt. Hún leiddi einnig í ljós að þrjú glæpagengi voru viðriðin mál þar sem börn voru seld mansali. Mansal á börnum er stórt vandamál í Kína. - áas**

# M.ICELANDAIR.IS

## INNRITAÐU ÞIG Í SÍMANUM ÞÍNUM




**Þú þarft ekki einu sinni miða. Njóttu þess**
Farðu á m.icelandair.is í símanum þínum og þú getur innritað þig í flug, fylgst með fluginu þínu og flugáætlun Icelandair. Þegar þú kemur um borð þá sýnirðu einfaldlega QR-kóðann í snjallsímanum þínum. #godaferd

+ **Skannaðu QR-kóðann á myndinni og þú getur séð frumsýningu á nýrri sjónvarpsauglýsingu Icelandair í snjallsímanum þínum.**

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 58345 03/12

LAGERSALA

Rýmum fyrir nýjum vörum
Útivistar- og vetrarfatnaður

50-80 % AFSLÁTTUR

STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA

Allt á að seljast

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



**ALÞINGI** Umræður um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða fóru fram á miðvikudag. Þær munu halda áfram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Áhrif veiðigjalds verði rannsökuð

**Sérfræðingur sem skoðaði kvótafrumvarpið að beiðni ráðuneytis telur að kanna þurfi betur áhrif hækkunar veiðileyfagjalds á útgerðarfyrirtæki. Forsætisráðherra bar Jón Bjarnason þungum sökum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Umtalsverðar breytingar til batnaðar hafa verið gerðar á frumvarpi um fiskveiðistjórnun frá því frumvarpi sem Jón Bjarnason, þáverandi ráðherra sjávarútvegsmála, lagði fram vorið 2011, að mati Daða Más Kristóferssonar hagfræðings. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bað Daða og Þórodd Bjarnason félagsfræðing að vinna greinargerð um frumvarpið.

Daði segir í sínum hluta, sem beinist að hagfræðinni, að takmarkanir á viðskiptum með aflahlutdeild hafi verið minnkaðar, frá frumvarpinu í fyrra, og einnig ákvæði sem hamli áframhaldandi hagræðingu. Hann telur hins vegar mikla þörf á því að rannsaka betur afleiðingar hækkunar veiðileyfagjalds á einstakar útgerðir.

„Ljóst er að þær útgerðir sem eru skuldsettar vegna kaupa á aflaheimildum munu eiga erfitt uppdráttar við þessa breytingu. Ef marka má úttekt sérfræðingahóps á afkomu nokkurra helstu útgerðarfyrirtækja landsins er ljóst að þessi hækkun veiðigjalds er meiri en mörg þeirra ráða við.“

Daði segir ýmsa vankanta vera á frumvarpinu og það sé enn mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Þar beri hæst hækkun veiðigjaldsins, en einnig álögur sem leggjast munu á viðskipti með aflahlutdeild og framlag allra útgerða í pottana.

„Mikilvægt er að kanna umfang þessara afleiðinga svo vega megi saman kostnað og væntan ábata aðgerðanna.“ Ekki fengust upplýsingar um það í ráðuneytinu hvort slík úttekt væri væntanleg.

kolbeinn@frettabladid.is

## Seinkun er Jóni Bjarnasyni að kenna

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var ómyrk í máli þegar hún ræddi ummæli Jóns Bjarnasonar, fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á þingi í gær. Jón sagði á miðvikudag að hann styddi ekki frumvarpið. Hún sagði Jón algjörlega snúa hlutunum á haus. Hún sagði Jón litla samvinnu hafa haft við ríkisstjórnina í málinu, en Jón kallaði utan úr sal að það væri ósatt.

„Þegar háttvirtur þingmaður Jón Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, kom loksins með frumvarpið inn í ríkisstjórn vildi hann setja það á vefinn hjá sér án þess að við gætum rætt það eða farið með það inn í þingflokkana. Það eru bara ósannindi sem hér er farið með úr ræðustól af fyrrverandi ráðherra, háttvirtum þingmanni Jóni Bjarnasyni. Það er fyrst og fremst hægt að skrifa það á hans reikning hvað við erum sein með þetta mál á þessu kjörtímabili.“

Jón var ósáttur við þessi orð Jóhönnu og sagði þau fullkomlega óboðleg og tilefni til að Jóhanna hugsaði sinn gang sem forsætisráðherra. Ásakanir um að hann hefði tafið málið væru út í hött. „Ég hef sjaldan heyrt aumari málflutning frá neinum forsætisráðherra en frá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og ég verð að segja að mér þykir það leitt fyrir hennar hönd.“

Eftir stendur spurningin hvort ríkisstjórnin hefur meirihluta fyrir frumvarpinu eftir þetta orðaskak.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



JÓN BJARNASON



Ástand umhverfisins

*Ársfundur Umhverfisstofnunar á Grand Hótel, föstudaginn 30. mars 2012 klukkan 13.00*

*Meðal efnis*
- Ávarp umhverfisráðherra
- Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri
- Skúli Helgason, þingmaður
- Maarten Hajer, forstjóri Umhverfisstofnun Hollands
- Veiting Svansleyfis
- Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga stjórnar fundinum

*Styttri erindi*
- Díoxín og sorpbrennslur
- Framkvæmdir á friðlýstum svæðum
- Stjórn vatnamála
- Viðskiptakerfi með losunarheimildir
- Friðlýsingar
- Gæðakerfi
- Svanurinn í grænu hagkerfi
- Loftgæði um áramót
- Evrópugerðir um plöntuvarnarefni
- Gagnsæi og miðlun upplýsinga
- Hreindýrstarfar með vír á hornum
- Beiting þvingunarúrræða og eftirfylgni eftirlits

Allir velkomnir og bein útsending á umhverfisstofnun.is

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri · Egilsstaðir · Ísafjörður · Mývatn · Patreksfjörður
Reykjavík · Snæfellsnes · Vestmannaeyjar

markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör

TILBOÐIN GILDA **30. MARS - 1. APRÍL**



HAMBORGAR-HRYGGUR

KJÖTSEL

**50% AFSLÁTTUR**

**999**

ÁÐUR **1.998** KR/KG

# PÁSKARNIR NÁLGAST



**GRÍSAKÓTELETTUR**
HUNANGS, LÉTTR.

GOÐI

VERÐ NÚ

**1.758**

ÁÐUR **2.198** KR/KG



**GRÍSAHNAKKI**
ÚRB.

**1.498** KR/KG

KJÖTSEL



**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
ÞURRKRYDDAÐAR

BAUTA BÚRIÐ

VERÐ NÚ

**1.798**

ÁÐUR **1.998** KR/KG

**X-TRA** GOTT VERÐ



SMÁBRAUÐ
750 G

**299**



**LAMBAHRYGGUR**
LÉTTREYKTUR

**25% AFSLÁTTUR**

VERÐ NÚ

**1.649**

ÁÐUR **2.198** KR/KG



**HUMAR**
1 KG SKELBROT

**33% AFSLÁTTUR**

VERÐ NÚ

**1.997**

ÁÐUR **2.980** KR/PK

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**LEIKIÐ Á KOTO** Japönsk kona leikur á Koto, fornt japanskt hljóðfæri, í Washington-borg þar sem heimamenn minntust þess að öld er liðin frá því að Japanar gáfu kirsuberjatré til borgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Harma ósamstöðu á þingi:

## Vilja afnema verðtryggingu

**EFNAHAGSMÁL Hagsmunasamtök heimilanna harma að alþingismenn í stjórn og stjórnarandstöðu hafi ekki komið sér saman um afnám verðtryggingarinnar á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 26. mars.**

**Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að þetta sé bagalegt, sérstaklega í ljósi þess að um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir heimilin í landinu.**

**Samkvæmt könnun sem unnin var fyrir samtökin eru 80% landsmanna fylgjandi afnámi verðtryggingar á neytendalánum. Samtökin skora því á efnahags- og viðskiptanefnd að viðurkenna óréttlætið sem felst í verðtryggingunni og að taka höndum saman um afnám hennar.** - áas

# Þingmenn þráttuðu fram á kvöld um stjórnarskrármálið

**Alþingi var í gær undirlagt umræðum um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá samhliða forsetakosningum í sumar. Brigslað um hræðslu við þjóðina. Umræðan stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**ALÞINGI** Þingfundur gærdagsins snerist um eitt mál: hvort bera ætti drög stjórnlagaráðs undir þjóðaratkvæði samhliða forsetakosningum í júní eður ei. Þingfundur hófst klukkan 10.30 með umræðum um störf þingsins, en síðan tók stjórnarskrármálið við. Umræður stóðu enn þegar Fréttablaðið fór í prentun, en til að hægt væri að halda atkvæðagreiðsluna á umræddri dagsetningu þurfti að samþykkja málið fyrir miðnætti í gær.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallaði um málið á miðvikudag og skilaði meirihlutinn nýju áliti þar sem spurningum sem leggja á fyrir þjóðina samhliða frumvarpsdrögunum var breytt. Spurningarnar má sjá hér til hliðar.

Birgir Ármannsson og Ólöf Nordal, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, lögðu einnig til að bætt yrði tveimur spurningum við er vörðuðu forseta Íslands. Annars vegar hvort í stjórnarskrá ætti að vera ákvæði um að forseta Íslands sé falið að mynda ríkisstjórn og hins vegar ákvæði um hvort forseti geti synjað lagafrumvörpum staðfestingar og vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Birgir og Ólöf ítrekuðu hins vegar í nefndaráliti andstöðu sína við málið. „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd leggjast alfarið gegn þingsályktunartillögu meiri hluta nefndarinnar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í sumar um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja tillögu um slíka atkvæðagreiðslu með öllu ótímabæra.“

Lilja Mósesdóttir lagði til að spurt yrði hvort setja ætti ákvæði í stjórnarskrána um að „almenningur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum eða varða skattamál“.

Þá lagði Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins, til að samhliða kosningunum yrði spurt um hvort draga ætti umsókn að ESB til baka.

kolbeinn@frettabladid.is

### Spurningar samhliða frumvarpinu

1. Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?
   *Já, ég vil að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.*
   *Nei, ég vil ekki að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.*
2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?
   *Já Nei*
3. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?
   *Já Nei*
4. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meiri mæli en nú er?
   *Já Nei*
5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vegi jafnt?
   *Já Nei*
6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?
   *Já Nei*



**TEKIST Á** Ekki var að sjá að umræða um stjórnarskrármálið og frekari vinna þingnefndar hefði í nokkru breytt skoðunum þingmanna á hvort kjósa ætti um stjórnarskrá í sumar eðar ei. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





# Við bjóðum kökur í Netbankanum



**Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka**

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.

MENIGA

Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM51142

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

# Best að þeir borgi sem njóti

Mikilvægustu verkefnin sem íslensk ferðaþjónusta stendur frammi fyrir er að fjölga ferðamönnum á veturna, byggja upp aðstöðu á ferðamannastöðum og hlúa að náttúrunni, segir **Árni Gunnarsson**, formaður SAF, í samtali við *Stíg Helgason*.

Fjöldi ferðamanna á Íslandi hefur nærri sjöfaldast á þrjátíu árum og enn er stefnt að því að fjölga þeim. Er svigrúm til þess? Ræður Ísland við fleiri gesti?

„Já, ég mundi nú halda að við gætum alveg ráðið við fleiri ferðamenn,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. „Kannanir sem hafa verið gerðar á þolmörkum ferðamannastaða sýna að á einhverjum stöðum eru ferðamenn farnir að upplifa það að það séu helst til margir á staðnum miðað við hverju þeir hefðu búist við,“ segir Árni.

Það sé hins vegar lykilatriði að huga að álaginu á umhverfið og aðstöðuna, göngustíga, salernisaðstöðu og annað slíkt. „Við þurfum að gera gangskör að því að byggja upp aðstöðu á þessum mest sóttu stöðum þannig að álagið af komu ferðamanna verði ekki eins mikið og við verðum betur í stakk búin til að taka við þeim. Þess vegna fögnuðum við því að sjóður um uppbyggingu ferðamannastaða var stofnaður á síðasta ári og vonumst til að þannig verði meira fé varið til uppbyggingar staðanna,“ segir Árni.

### Ráðstefnugeirinn mikilvægur

Áætlanir um þetta tengjast hinu megináhersluatriði ferðaþjónustunnar næstu árin, að sögn Árna. Það er að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann og dreifa þeim þannig betur yfir árið.

„Það er alveg ljóst að innviðirnir, eins og hótel og fjárfestingar í bílaleigubílum, rútum og öðru, nýtast ekki vel á heilsársgrunni, sérstaklega ekki á landsbyggðinni. Árangurinn hefur verið betri á höfuðborgarsvæðinu en við eigum samt töluvert verk að vinna við að ýta undir það að fleiri komi á veturna. Það dreifir álaginu og gerir það að verkum að við getum tekið við fleira fólki.“

Samtök ferðaþjónustunnar hafa tekið höndum saman við stjórnvöld um átakið Ísland allt árið, en í því felst að Ísland er fyrst og fremst markaðssett yfir vetrartímann og reynt að fjölga viðburðum sem laða hingað fólk utan háannatíma.

Árni segir að þar spili ráðstefnumarkaðurinn stórt hlutverk. „Það eru einmitt ferðamenn sem koma ekki í júlí og ágúst – þá eru menn í sumarfríunum sínum en ekki í vinnuferðum út af ráðstefnum. Það hefur gengið alveg ágætlega að efla þann geira og við sjáum mikla möguleika í því samhengi með Hörpunni. Framboð á ráðstefnusölum af stærri skalanum var takmarkað þangað til hún kom til sögunnar.“

Hins vegar sé ráðstefnuhald alls ekki það eina sem horft sé til varðandi vetrarferðamennskuna. „Við erum auðvitað líka að reyna að ná til þeirra sem fara í frí á veturna. Það eru styttri ferðir en við þekkjum það héðan og annars staðar frá að fólk gerir ekki síður vel við sig í gistingu og mat og öðru slíku í styttri ferðum.“

### Vel heppnuð heimboð

Hins vegar þurfi að fjölga möguleikum fólks sem kemur hingað að vetri til. „Það er að ýmsu leyti ágætis afþreyingarframboð í kringum höfuðborgarsvæðið en á landsbyggðinni hefur verið tilhneiging til þess að það sé minna í boði þegar fer að líða fram á haustið og að söfn og aðrir slíkir staðir séu síður opnir.“

Þetta hafi þó verið að breytast ört undanfarinn áratug. „Ég tek hvalaskoðunina sem dæmi. Hún var löngum bara yfir sumartímann en núna er verið að keyra hana nánast allt árið, til dæmis frá Reykjavík,“ segir Árni. Ýmis önnur starfsemi sem ekki er beinlínis háð tíðarfari standi nú til boða og gagngert sé unnið að því að auka hana.

„Í fréttum ekki alls fyrir löngu var sagt frá hóteli á Mývatni sem hafði gjarnan verið lokað á veturna en var nú með 50 prósenta nýtingu í febrúar. Hótel í Reykjavík eru komin í 70 til 80 prósenta nýtingu í janúar og febrúar sem er bylting frá því sem var. En þetta er verkefni sem verður ekki klárað í einum spretti. Þetta er langhlaup. Þess vegna er mjög gott að þetta verkefni sé til þriggja ára til að byrja með. Við erum að reyna núna að klára fyrsta veturinn og þá eru tveir eftir.“

Árni nefnir eitt tiltekið verkefni undir hatti Íslands allt árið sem hafi verið mjög vel lukkað. „Heimboðin með forsetann og borgarstjórann í fararbroddi vöktu mikla athygli og umfjöllun í 57 löndum þar sem átakið komst í fjölmiðla. Ég veit ekki hvort það er hægt að beintengja það því að við sáum töluverða fjölgun erlendra ferðamanna í janúar og febrúar miðað við árið í fyrra en auðvitað er slík umfjöllun mjög verðmæt.“

### Fagnar auknu flugi til landsins

Flug til og frá Íslandi gegnir sömuleiðis mikilvægu hlutverki og því segir Árni það vera fagnaðarefni að Icelandair hafi aukið til muna framboð á flugi yfir vetrartímann og að alþjóðleg flugfélög á borð við Easyjet stefni að því að fljúga hingað allt árið. „Þetta skiptir okkur meginmáli,“ segir hann.

Ásókn erlendra flugfélaga í að fljúga hingað er þó enn mest á sumrin og Árni segir það ekkert nema jákvætt. „Þegar stór erlend flugfélög á borð við Delta og Air Berlin byrja að fljúga hingað þá ná þau gjarnan til allt annars markaðar en þau sem fyrir voru. Þetta opnar líka á þann möguleika að félögin sjái ástæðu til að fara að fljúga hingað allt árið, svo að þetta getur þróast í mjög jákvæðar áttir,“ segir Árni.

### Auknar skatttekjur renni til uppbyggingar í ferðaþjónustu

Reglulega skýtur upp kollinum umræða um gjaldtöku í ferðaiðnaði, hvort heldur sem er gjaldtöku hins opinbera af aðilum í ferðaþjónustu, eða þá gjaldtöku ferðaþjónustunnar af ferðamönnunum sjálfum – eitthvað sem varla mátti nefna fyrir nokkrum árum. Aðspurður samsinnir Árni því að ferðaþjónustan í heild þurfi að móta sér stefnu um það hvernig best væri að haga þessu umhverfi.

„Við höfum sem atvinnugrein í rauninni ekki lagt niður fyrir okkur eina línu í þessum efnum og auðvitað bendir oft hver á annan um hver á að fjármagna þetta. Ríkið bendir á greinina og öfugt. Ég hef litið svo á að það sé ekkert óeðlilegt að eitthvað af þessum auknu tekjum sem ríkið fær af ferðaþjónustunni renni til uppbyggingar á ferðamannastöðum,“ segir Árni og bendir á að í fyrra hafi fjölgun erlendra ferðamanna skilað ríkinu tveimur milljörðum í beinar auknar skatttekjur.

„Síðan hef ég sjálfur haft þá skoðun að það megi alveg skoða gjaldtöku á ferðamannastöðum, og þá er horft til þess að það sé einhver þjónusta þar í boði. Þetta er þekkt úr erlendum þjóðgörðum. Það er ekkert óeðlilegt að menn borgi eitthvað fyrir merkingar, stígagerð, uppbyggingu á salernisaðstöðu og veitingaaðstöðu.

Það var gerð könnun á þessu meðal erlendra ferðamanna fyrir nokkrum árum – í Landmannalaugum, Skaftafelli og við Gullfoss og Geysi, og þeir spurðir hvort þeir hefðu eitthvað á móti því að tekin yrði upp gjaldtaka og féð rynni til uppbyggingar á staðnum. 95 prósent svarenda sögðust ekkert hafa á móti hóflegu gjaldi í þeim efnum. Möguleikar okkar eru miklu meiri í því að byggja staðina upp með því að láta þá sem njóta þeirra borga fyrir það. Ég held að það sé heilbrigðasta nálgunin: að þeir sem njóta borgi.“

### Ekki gáfulegur skattur

Gistináttaskattur sem ríkið lagði á nýverið hefur mætt mikilli andstöðu ferðaþjónustunnar. Árni segir að þar ríki skilningur á því að greinin þurfi hugsanlega að taka í meiri mæli þátt í kostnaði við uppbyggingu á ferðamannastöðum. Útfærsla gistináttaskattsins sé hins vegar alveg agaleg. Ekki gangi að taka einn þátt ferðaþjónustunnar, gistinguna, út sérstaklega og skattleggja hana.

„Þeir sem gista á hótelum fara ekkert allir á staðina sem við ætlum að nota þessa peninga í að byggja upp. Það er óréttlæti í því að kúnni sem kemur til landsins eða er jafnvel íslenskur – þetta gildir líka um þá – og er ekkert á leiðinni á þessa helstu ferðamannastaði, borgi fyrir það.“

Auk þess sé gríðarmikið um leyfislaus gistirými á landinu. Könnun í fyrra hafi sýnt að það jafngilti tveimur stærstu hótelunum samanlögðum. „Maður sér ekki fyrir sér að þessir aðilar verði fyrstir til að skila inn gistináttagjaldi. Auk þess er verið að mismuna fólki eftir því hvort það er í svefnpoka, tjaldi eða á hóteli. Útfærslan á þessu er ekki gáfuleg.“

### Mikilvægt að vernda náttúruna

Rætt hefur verið um að unnt væri að tvöfalda fjölda þeirra ferðamanna sem heimsækja Ísland árlega, þannig að þeir yrðu milljón talsins. Telur Árni það raunhæft?

„Ég held að það sé alveg raunhæft að vinna að því, að því gefnu að þeir komi ekki allir á sama tíma og dreifist jafnar um árið. En milljón ferðamenn á ári er ekkert markmið sem slíkt, heldur frekar að greinin geti vaxið og arðsemin verði ásættanleg.“

Á það hafi víða skort upp á síðkastið, þrátt fyrir gott gengi krónunnar. „Við erum að horfa miklu meira á að jafna árstíðasveifluna og auka þannig tekjurnar af ferðamönnum. Fjölgun farþega sem slík er ekki endilega aðalmarkmiðið.“

Árni segir að mest áríðandi verkefnin séu einkum tvö: Annars vegar hið títtnefnda markmið um meiri vetrarferðamennsku, og hins vegar að huga að uppbyggingu innviðanna og ekki síður varðveislu náttúrunnar. Þar séu aðilar í ferðaþjónustu reiðubúnir að leggja sitt af mörkum.

„Náttúran er aðdráttarafl númer eitt og við þurfum að passa upp á hana og ganga um hana með ábyrgum hætti. Það er orðið akút.“



**ÁNÆGÐUR MEÐ HÖRPU** Árni segir að mun betur gangi að fá hingað stórar ráðstefnur með tilheyrandi fjölda ferðamanna eftir tilkomu Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ekki má skoða og skjóta sömu hvalina

Á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar í síðustu viku var sérstaklega ályktað um stöðu hvalaskoðunar og nauðsynjar þess að stækka griðasvæðin, einkum á Faxaflóa. Árni segir þó að mjög hafi dregið úr neikvæðum áhrifum hvalveiða á ímynd landsins og að ályktunin snúist í raun ekki um veiðarnar sem slíkar.

„Við erum að álykta um að griðasvæðið á Faxaflóanum verði stækkað til að hvalaskoðunarfyrirtækin fái einfaldlega frið fyrir hvalveiðimönnunum – að það sé ekki verið að skjóta dýrin sem verið er að skoða. Þarna virðast menn vera hver ofan í öðrum. Þeir sem veiða vilja fara sem styst út og kosta sem minnstu til, sem er ekkert óeðlilegt, en fer illa saman við skoðunina. Rannsóknir sýna að þetta eru mikið til sömu dýrin sem eru þarna og við höfum mestar áhyggjur af því að það sé verið að ganga á stofninn sem við erum að skoða og skjóta hann niður.“

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Europris Hafnarfirði

## Verslunin að Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði, lokar

# 20-50%

## afsláttur á öllum vörum á meðan birgðir endast

ATH! Tilboðin gilda eingöngu í verslun Europris að Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði

www.europris.is







**FK hamborgarhryggur**
**1.498,kr./kg**




**Svínahnakki úrb.**
**1.198,kr./kg**
verð áður 1.498,-/kg




**Lambafille m/fitu**
**3.698,kr./kg**
verð áður 3.998,-/kg




**Svínalundir**
**1.598,kr./kg**
verð áður 2.198,-/kg



**Fjallalambs lambalæri (frosið)**
**1.298,kr./kg**
verð áður 1.498,-/kg



**KF léttreyktur lambahryggur**
**1.998,kr./kg**



**KF London lamb**
**1.698,kr./kg**

VISA
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort
www.FJARDARKAUP.is



**KF Lúxus lambalæri**
**1.498,kr./kg**




**FK kjúklingabringur**
**2.098,kr./kg**
verð áður 2.222 ,-/kg




**FK kryddaðar svínakótilettur**
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.583 ,-/kg




**Ali Partý skinka**
**2.055,kr./kg**
verð áður 2.683,-/kg



**Hangilæri úrb.**
**2.953,kr./kg**
verð áður 3.545,-/kg



**Hangiframpartur úrb.**
**2.189,kr./kg**
verð áður 2.479 ,-/kg




**Móa frosinn kjúklingur**
**698,kr./kg**



**KF Bayonne skinka**
**1.258,kr./kg**




**Coca Cola 4x2L**
**798,kr.**




**FK vanilluís 2L**
**298,kr.**




**Pepsi 4x2L**
**798,kr.**




**Pepsi max 4x2L**
**798,kr.**




**Freyju Draumaegg/Rísegg #9**
**1.598,kr./stk.**




**Quality street 1kg**
**1.798,kr.**




**Andrex WC pappír 9+3 rúllur**
**1.298,kr.**

**Tilboð gilda til laugardagsins 31. mars**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Áhugi stjórnmálamanna á peningum lífeyrissjóðanna er ills viti:

# Pólitískir puttar í lífeyrissjóðina

Helgi Magnússon, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, hafði rétt fyrir sér þegar hann sagði á ársfundi sjóðsins að sífellt aukinn áhugi stjórnmálamanna á lífeyrissjóðunum væri ills viti. Á vettvangi stjórnmálanna hafa að undanförnu komið fram hugmyndir um grundvallarbreytingar á lífeyriskerfinu, sem eru stórlega varasamar. Sumar þeirra voru raktar í fréttaskýringu hér í blaðinu í gær.

Eftir harða gagnrýni á rekstur og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna, sem kom fram í skýrslu óháðrar úttektarnefndar fyrir nokkrum vikum, virðast ýmsir stjórnmálamenn líta svo á að sjóðirnir liggi vel við höggi. Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson hafa lagt til að í stað „markaðsvæddrar sjóðsmyndunar“ eins og sá síðarnefndi orðar það verði kerfinu breytt í ríkisvætt gegnumstreymiskerfi. Í stað þess að hver og einn safni upp rétti til lífeyris standi greiðendur iðgjalda á hverjum tíma undir lífeyri þeirra sem farnir eru af vinnumarkaði.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Þetta er ávísun á gríðarlegar skattahækkanir í framtíðinni, því að auðvitað eru það skattgreiðendur sem munu standa undir lífeyrisgreiðslunum. Grikkland er gott dæmi um ríki sem hefur sett sig á hausinn, meðal annars með kerfi af þessu tagi.

Ástandið á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna á Íslandi ætti að vera víti til varnaðar í þessum efnum. Opinberir starfsmenn safna að vísu í lífeyrissjóð með iðgjaldagreiðslum, en réttindi þeirra taka ekki mið af eignunum eða ávöxtun þeirra, heldur launum eftirmanna og eru bundin í lög. Hið opinbera skuldar lífeyrissjóðum starfsmanna sinna nú um 500 milljarða króna. Eins og Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, benti á í Fréttablaðinu í gær hafa stjórnvöld kosið að sópa þessum vanda undir teppið og láta eins og hann sé ekki til. Hallinn mun þó koma af fullum þunga í fang skattgreiðenda á næstu árum og áratugum.

Þessi staða setur líka draum Álfheiðar Ingadóttur um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þar sem réttindin yrðu færð að réttindum opinberra starfsmanna, í ljós óraunsæis og óskhyggju. Það er rétt sem Helgi Magnússon segir; stjórnmálamennirnir ættu að leysa vanda opinbera lífeyriskerfisins áður en þeir bjóða fram aðstoð sína við að umbylta almenna kerfinu.

Áðurnefndum stjórnmálamönnum finnst heillandi hugmynd að komast með puttana í hina almennu lífeyrissjóði, bæði til að ná í peninga til lítt arðbærra opinberra framkvæmda og til að stuðla að tekjujöfnun. Það er full ástæða fyrir sjóðfélaga í lífeyrissjóðum að gjalda varhug við þessum hugmyndum. Núverandi lífeyriskerfi, þar sem almannatryggingar, samtryggingarsjóðir og séreignarsparnaður spila saman, hefur reynzt vel og er mörgum öðrum ríkjum fyrirmynd. Þar er annars vegar tryggður lágmarkslífeyrir og hins vegar nýtur fólk eigin dugnaðar og fyrirhyggju þegar komið er á efri ár.

Þeir sem ráða fyrir lífeyrissjóðunum þurfa að læra ýmislegt af mistökum fyrri ára. En það er nákvæmlega engin ástæða til að kollvarpa kerfinu og endurtaka mistök annarra þjóða.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



GEÐVERND

## Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands

**Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn laugardaginn 31. mars næstkomandi, að Hátúni 10, 9. hæð kl. 10 árdegis.**

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf.

Að aðalfundarstörfum loknum flytur Styrmir Gunnarsson erindið „Aðstandendur geðsjúkra – falinn vandi?“

Félagar eru hvattir til að mæta.

**Stjórn Geðverndarfélags Íslands**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lögbrot á Alþingi?

Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins segir að fundi Alþingis skuli halda í heyranda hljóði. Því má velta fyrir sér hvort ítrekaðir næturfundir um viðamikil mál fari gegn anda stjórnarskrárinnar í þessu efni. Nefna má að stjórnarskráin kveður líka á um að dómþing skuli haldin í heyranda hljóði, enda hafa þau sjaldan verið haldin að nóttu til. Hvers vegna funda nefndir Alþingis ekki frekar á nóttunni, þar sem fundir þeirra eru lokaðir? Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, minnti í gær þingmenn á að virða lög. Þeir eru nefnilega gjarnir á að tala lengur en þeir mega, en kveðið er á um ræðutíma í lögum um þingsköp. „Það gilda lög um störf þings,“ sagði Ásta. Þingmenn virða þau lög hins vegar lítils.



### Lagahöfundum kennt

Persónuvernd skilaði inn umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu. Taldi stofnunin nauðsynlegt að benda þingnefndinni á að fara eftir Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, en það hafði verið látið undir hælinn leggjast í frumvarpinu.

### Fundaði ekki um kvóta

Jón Bjarnason, fyrrum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, lýsti því í pontu á miðvikudag að hann styddi ekki nýtt kvótafrumvarp. Það kom ýmsum á óvart, ekki síst samherjum hans í þingflokki Vinstri grænna. Þingflokkurinn fundaði í tvígang um málið áður en það var lagt fram og samþykkti það samhljóða. Jón sá hins vegar ekki ástæðu til að mæta á þá fundi, en tjáði afstöðu sína frekar þingheimi öllum.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Steinsmuga


Viðskipti



Þorsteinn Pálsson

fv. sjávarútvegsráðherra


Forsætisráðherra hefur undanfarna daga gert menn út af örkinni til að bera mér á brýn að hafa staðið óheiðarlega að sölu á SR-mjöli fyrir tæpum tveimur áratugum. Með þeim samanburði á myndin af núverandi landsstjórn að líta betur út. Þegar draga á athygli frá málefnalegri rökræðu er þó heppilegra að fara rétt með.

Við söluna var ráðinn óháður ráðgjafi með útboði. Það var Verðbréfamarkaður Íslandsbanka undir forystu Sigurðar B. Stefánssonar. Ráðgjafinn samdi síðan útboðsreglur sem fylgt var.

Samkvæmt útboðsreglunum var væntanlegum tilboðsgjöfum gert að sýna fyrirfram að þeir hefðu fjárhagslegt bolmagn til kaupanna. Annar tveggja bjóðenda gat ekki að mati ráðgjafafyrirtækisins fullnægt þessu skilyrði. Ég ákvað að veita honum til þess frest jafnlangan tilboðsfrestinum. Það var eina frávikið frá leikreglum ráðgjafans. Við lok tilboðsfrests lagði ráðgjafafyrirtækið til að lægra tilboðinu yrði tekið enda hefði hitt tilboðið ekki uppfyllt skilyrðin þrátt fyrir frestinn. Af 157 nýjum hluthöfum voru þrír stærstu aðeins með 7,5 prósent hlut hver: Sjóvá, Alþýðubankinn og Lífeyrissjóður Austurlands.

Forsætisráðherra lætur erindreka sína segja að ég hafi verið að þjóna flokksvinum. Hefðu slík sjónarmið skipt einhverju var úr vöndu að ráða því að í hópi þeirra sem stóðu að baki ógilda tilboðinu voru menn sem stóðu mér mun nær bæði persónulega og pólitískt.

Reglan um að tilboðsgjafar þyrftu fyrirfram að sýna að þeir réðu við kaupin var sett meðal annars til að draga úr líkum á að kaupverðið yrði eftir á dregið út úr fyrirtækinu sjálfu eða farið yrði á svig við lög um fjárfestingar útlendinga. Þessi regla þótti þá vera nokkurt nýmæli en er nú viðurkennd varúðarregla. Hneykslun forsætisráðherra á að henni skuli hafa verið beitt segir sína sögu um siðferðileg viðhorf í stjórnarráðinu.

Loks var höfðað mál til ógildingar á samningnum með því að réttum reglum þótti ekki hafa verið fylgt að áliti stefnenda. Þeir töpuðu málinu.

Af þessu má ráða að eina ályktun sem eftir situr í þessari umræðu stafar frá málefnalegri steinsmugu forsætisráðherrans.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Veikasti hlekkurinn

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Til stendur að kjósa um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá í ráðgefandi atkvæðagreiðslu í sumar. Hvort þetta sé góð hugmynd er annað mál, en látum það eiga sig að sinni.

Það er margt fínt í tillögum stjórnlagaráðs. Ég hygg að hryggjarstykkið í þeirri stjórnskipan sem sett er upp í tillögunum gangi þokkalega upp. Þá á ég við leikreglur um samspil forseta, stjórnar og þings. Að sama skapi er nýr kafli um dómsvaldið tímabær, sem og endurskoðun þeirra ákvæða sem varða utanríkismál. Margt af þessu er ekki hlutir sem fólk er að sturlast af spenningi yfir en eru góð mál engu að síður.

Margar aðrar breytingar eru róttækari en kannski minna aðkallandi. Mannréttindakaflanum er bylt. Hlutverk forseta við stöðuráðningar er aukið. Nýju kosningakerfi komið á. Ísland er síðan látið stíga skrefið frá því að vera ríki þar sem þjóðaratkvæðagreiðslum er beitt mjög sjaldan og til þess að færast skammt á eftir Sviss hvað varðar notkun beins lýðræðis við ákvarðanatöku. Það er stór breyting.

**Breytingarákvæðin**

Það eru þó ákvæðin um breytingar á stjórnarskránni sjálfri sem mest þarf að ígrunda. Eðli málsins samkvæmt eru þetta veikustu hlekkir hverrar stjórnarskrár. Engu gildir hverju stjórnarskrá lofar borgurunum ef því má auðveldlega snúa við.

Í dag þurfa tvö þing með kosningum á milli að samþykkja breytingar á stjórnarskránni til að þær öðlist gildi. Stjórnlagaráð lagði til breytingar á þessu ferli. Ákvæðið um breytingar á stjórnarskránni hljóðar svo í tillögum stjórnlagaráðs:

„Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður."

> Engu gildir hverju stjórnarskrá lofar borgurunum ef því má auðveldlega snúa við.

Grunnurinn að textanum kemur úr dæmi A í tillögu stjórnlaganefndar, og þaðan er tímaramminn 1-3 mánuðir fenginn. Stjórnlagaráð felldi þó burt þann þröskuld að 30% allra kjósenda í landinu þyrftu að samþykkja tillögurnar, sem var í tillögum stjórnlaganefndar, og bætti við þeirri leið að 5/6 hlutar þings gætu samþykkt stjórnarskrárbreytingar án þjóðaratkvæðis.

Stærsta dempunartækið í gildandi stjórnarskrá er í raun sá tími sem það tekur að breyta henni. Sitjandi þingmenn rjúfa þing ekki svo glatt svo að tækifæri til að leggja fram stjórnarskrárbreytingar gefst helst á fjögurra ára fresti. Fyrir vikið hafa menn lengst af lýðveldissögunnar reynt að ná fram tiltölulega breiðri sátt um þær breytingar sem gerðar eru. Þessari dýnamík er breytt í tillögunum.

Þær tvær breytingarleiðir sem boðið er upp á í tillögum stjórnlagaráðs, þ.e.a.s. þing+þjóðaratkvæði eða stóraukinn meirihluti þings þýða ekki endilega að stjórnarskrárbreytingar verði mjög auðveldar, en þeim verður hægt að koma í gegn á skemmri tíma. Það má spyrja sig: Er engin hætta á því að stjórnvöld muni nota þjóðaratkvæðagreiðslutækið til að kalla fram kosningar um umdeild mál líðandi stundar? Er það gott að stjórnarskrá sé hægt að breyta nánast samdægurs ef allir þingmenn eru um það sammála? Um hvort tveggja má hafa heilmiklar efasemdir. Hvort tveggja hefði mátt skoða betur, en vilji þingsins stóð ekki til þess.

**Kosið um tillögurnar eins og þær liggja fyrir**

Fyrirfram ætti að vara fólk sterklega við því að taka trúanlega þá sem hyggjast svara gagnrýni á einstaka ákvæði með því að eitthvað verði hægt að laga í þinginu á seinni stigum málsins. Alþingi hafði á hálfu ári hvorki rýnt tillögurnar efnislega né mótað sér afstöðu til þeirra.

Það kallaði saman stjórnlagaráð að nýju, en tók ekki afstöðu til þess sem frá því barst. Stjórnlagaráð lagði þannig til á marsfundi sínum valkost um að ofannefnd 5/6-leið félli út, en fátt var gert með þá niðurstöðu. Engin ástæða er því til að ætla að nokkuð verði „lagað" héðan í frá. Með þá vitneskju þurfum við að ganga í kjörklefann.

# Krónan eða kúgildið

Fjármál
Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Íslenska krónan sem gjaldmiðill sjálfstæðrar þjóðar er nú komin á ellilífeyrisaldurinn. Öll hennar vegferð hefur verið sama markinu brennd. Ýmist hefur hún verið í frjálsu falli eða hrunið stall af stalli niður til móts við botnlaust hyldýpið. Krónan er nú innan við eyris virði á við það, sem var þegar lagt var upp með hana.

Samt vilja sumir halda því fram, að krónan hafi bjargað landsmönnum og geri það enn. Í hvert skipti sem krónan hefur hrunið hefur hún flutt verðmæti frá almenningi til útvaldra – ekki síst til útvegsmanna. Þann hagnað hafa menn svo notað með ýmsum hætti sér og sínum til hagræðis – stundum til þess að kaupa sér útgerðarfyrirtæki í útlöndum nú eða kvóta hver af öðrum. Í hvert skipti sem krónan hefur fallið hefur kaupmáttur launa almennings hrunið. Kaupgeta rýrnað. Ávöxtur kjarabaráttu horfið. Húseignir almennings verðfallið. Traust glatast. Svo segja menn að þjóðin hafi grætt á því!

Aðrir vinir hrunkrónunnar halda því fram, að íslenska krónan sé svo „þjóðleg". Ég sé ekki hvað er þjóðlegt við það að hanga á gjaldmiðli, sem alltaf er á hausnum. Vel má vera, að útlendingar, sem töpuðu meira en sjö þúsund milljónum króna á því að lána Íslendingum peninga, telji að þar hefi skel kjafti þegar þjóð, sem illa er treystandi noti gjaldmiðil, sem ekki er treystandi – en að það eigi að vera þjóðlegt get ég ekki skilið. Er samhengið þar?

Svo hangið sé áfram á hinum þjóðlegu nótum þá kennir Íslandssagan okkur að þjóðin hefur átt miklu hafbílli gjaldmiðla í sögu sinni en íslensku krónuna. Þeir, sem þjóðlegheitanna vegna vilja taka upp nýjan og stöðugri gjaldmiðil en hrunkrónuna og umfram allt vilja Íslendinga við þá heimsálfu, Evrópu, sem Drottinn kaus okkur sem íverustað, ættu að leita þjóðlegra lausna í sögunni. Þar eru a.m.k. þrjú fordæmi um gjaldmiðil, sem var stöðugri en krónan.

1. Mörk silfurs. Sá var gjaldmiðillinn í árdaga íslenskrar sögu. Sú mynt var hins vegar vegin en ekki slegin og sá ljóður var á, að svindlarar þjóðveldistímans, sem nú heita víst útrásarvíkingar, komust fljótt að raun um að hafa mátti fé af almenningi bæði með því að svindla á vog og silfri. Gullaldaríslendingar gáfu því þennan gjaldmiðil frá sér – enda ekki eins umburðarlyndir með ónýtum gjaldmiðli og afkomendurnir.

2. Alin vaðmáls. Sá gjaldmiðill stóð lengi fyrir sínu sbr. „Sögu Íslendinga" eftir Jón Jóhannesson. Erfiðleikarnir í dag yrðu hins vegar þeir, að eftir lokun ullarfabrikka SÍS á Akureyri og Álafossverksmiðjanna er vaðmál nánast ekki lengur framleitt á Íslandi og því hætt við að lausafjárskortur yrði meðal þjóðarinnar ef þessi gjaldmiðill yrði nú endurupptekinn.

3. Kúgildi tók svo síðar við sem verðgildisviðmið og grundvöllur viðskipta og eignamats á Íslandi. Sá gjaldmiðill var miklu stöðugri en íslenska krónan – enda kýr tregar í taumi. Að byggja nýjan gjaldmiðil á Íslandi á kúgildinu er því ekki aðeins traustleikamerki heldur umfram allt einkar þjóðlegt. Hvað er þjóðlegra en það að nota íslensku kúna, sem er af mjög sérstöku kúakyni sem hvergi finnst annars staðar og framleiðir auk þess mjólk sem talin er vera sú hollasta í heimi og þó víðar væri leitað – að nota þessa dýrðarskepnu sem undirstöðu nýs gjaldmiðils, kúgildisins?

Myntfóturinn gæti sem hæglegast verið afurðamikil kýr í Árnessýslu, sveitinni hans Guðna míns Ágústssonar. Á bakhlið kúgildismyntarinnar færi vel að hafa mynd af rjómabúinu á Baugsstöðum og á framhliðinni portrett af Guttormi sálaða, húsdýragarðsnauti, en Guttormur sá mun vera einna frægastur nautpenings á Íslandi frá landnámi næstur á eftir Þorgeirsbola. Í stað þess að menn hneykslist svo yfir því að útrásarvíkingar skuli nota gullsand sem útálát með sósunni í London, París eða Róm geta blöðin slegið því upp að þeir hafi étið kúgildi á mann í London, París eða Róm. „Blessaaaaðir mennirnir", mundi Guðni þá segja.

Þetta ættu þjóðhollir menn að skoða vandlega. Svo leitað sé í nýyrðasafn Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, þá ætti forystan þar að „stinga höfðinu í steininn" og efna til ráðstefnu sem gæti heitið: „KRÓNAN EÐA KÚGILDIÐ". Ekki þyrfti þá að leita að fyrirlesurum utan landsteinanna því í þeirri sveit er mikið til af aldeilis kýrskýru fólki.




# Hverra virkjun?

Orkumál

Líf Magneudóttir
varaborgarfulltrúi VG



Orkuveita Reykjavíkur sleppti heldur betur fram af sér beislinu í hinu svokallaða góðæri á Íslandi. Fyrir hrun var fjárfest fyrir milljarða króna. Það hefur svo komið á daginn að forsendur þessara fjárfestinga reyndust ekki halda. Skuldir Orkuveitunnar hafa hækkað allverulega vegna gengisbreytinga en tekjurnar hafa ekki aukist til samræmis, þrátt fyrir miklar hækkanir á gjaldskrám til almennra notenda.

Það er augljóslega eitthvað skakkt við þetta allt saman. Orkuveitan er og á að vera fyrirtæki í almannaeigu sem veitir íbúum á suðvesturhorninu lífsnauðsynlega þjónustu. Það ætti að vera nógu einfalt. Væntanlega þótti það bara ekki nógu fínt. Boginn var spenntur hátt og skotið geigaði.

Núna þegar Reykvíkingar standa frammi fyrir því að þurfa að punga út háum fjárhæðum mánaðarlega fyrir grunnþjónustu eða horfa upp á gjaldþrot Orkuveitunnar ætlar meirihlutinn í Reykjavík samt að halda áfram að virkja til stóriðju. Það hljómar hálfpartinn eins og gallsúr gamanvísa þegar lagt er til að fyrirtæki sem nýverið rambaði á barmi gjaldþrots, að sögn borgarstjóra, fjárfesti fyrir milljarðatugi í sömu verkefnum og leiddu fyrirtækið fram að brúninni. Reyndar er fullyrt að þetta sé áhættulaust fyrir Orkuveituna þar sem nýta eigi kosti svokallaðrar verkefnafjármögnunar.

Miðað við lýsingarnar á þessu fyrirbæri tryggir það að hagnaður af virkjuninni rennur allur til Orkuveitunnar en tapið hvílir allt á einhverjum öðrum. Sem sagt algjör snilld. Það verður reyndar fróðlegt að sjá hver verður ginntur til þess að gera slíkan snilldarsamning við Orkuveituna sem tryggi henni þessa afar hagfelldu útkomu. Ætli einhvern rámi kannski í snilldarsamningana sem tryggðu okkur góðærið og gleðina sem rann svo út í sandinn á örfáum klukkutímum haustið 2008? Og hverjir voru það þá sem tóku á sig tapið?

Ákveðið var að ráðast í Hverahlíðarvirkjun til þess að selja raforku til stóriðju á hátindi gróðærisins. Þessari aukabúgrein Orkuveitunnar erum við vinstri græn ekki hrifin af. Sá stóriðjusamningur sem nú er verið að efna er gerður með ýmsum fyrirvörum sem nauðsynlegt er að láta á reyna áður en stóriðjustefnunni verður blint haldið áfram. Þá er ljóst að alvarleg vandkvæði fylgja niðurdælingu affallsvatns og óvissa ríkir um brennisteinsmengun á svæðinu. Ekki hefur fundist lausn á þessum þáttum og með enn einni gufuaflsvirkjuninni gæti vandinn orðið illviðráðanlegur.

Í stuttu máli gæti því niðurstaðan orðið sú að nýja virkjunin dæli upp heitu vatni til þess eins að dæla því niður aftur (sem eykur skjálftatíðni á svæðinu), spúir mengandi gufum yfir íbúa á suðvesturhorninu og framleiðir raforku sem ekki er þörf fyrir núna. Þetta hljómar auðvitað ekki mjög skynsamlega. Hins vegar þurfum við ekki að hafa áhyggjur því samkvæmt forsvarsmönnum Orkuveitunnar verður gerður einhver æðislegur verkefnafjármögnunarsamningur sem leiðir til þess að Orkuveitan getur ekki tapað, bara grætt. Því miður kom þessi frábæri samningur fullseint til sögunnar. Og það sem verra er, það er að Orkuveitan hefur ekki gert slíkan samning við íbúa Reykjavíkur.

> Núna þegar Reykvíkingar standa frammi fyrir því að þurfa að punga út háum fjárhæðum mánaðarlega fyrir grunnþjónustu eða horfa upp á gjaldþrot Orkuveitunnar ætlar meirihlutinn í Reykjavík samt að halda áfram að virkja til stóriðju.

# Lánað úr litlum forða

Fjármál

Gylfi Magnússon
dósent við viðskiptafræðideild HÍ



Fyrir Landsdómi og í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var talsvert fjallað um þá ákvörðun Seðlabanka Íslands að lána Kaupþingi 500 milljónir evra þann 6. október 2008. Þremur dögum síðar féll bankinn og nú er því miður útlit fyrir að Seðlabankinn og þar með skattgreiðendur tapi miklu á þessari lánveitingu, endurheimti e.t.v. ekki nema rétt um helming lánsfjárins.

Þessi lánveiting var um margt afar skrýtin. Í fyrsta lagi mátti öllum vera ljóst á þessum tíma að Kaupþing var á leið í þrot, þótt ekki hafi legið fyrir þá hversu slæmt eignasafn bankans var í raun. Það var engin von til þess að Kaupþing gæti lifað af gjaldþrot Glitnis og Landsbanka. Gjaldþrot eins af stóru bönkunum þremur hlaut að fella hina tvo – og nú voru tveir þegar fallnir.

Í öðru lagi mátti Seðlabankinn alls ekki við því að missa 500 milljónir evra af gjaldeyri á þessum tíma. Raunar fékk Kaupþing alls nær 600 milljónir evra frá Seðlabankanum síðustu dagana fyrir hrun því að bankinn fékk einnig tvö önnur lægri lán.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans hafði verið mikið áhyggjuefni í aðdraganda hrunsins. Hann var rétt um hálfur milljarður evra í ársbyrjun 2006 en á árunum 2006 til 2008 voru tekin langtímalán upp á 1,3 milljarða evra til að auka forðann. Frá árinu 2006 og til haustsins 2008 var forðinn rétt um 1,5 milljarðar evra. Forðinn er vitaskuld í ýmsum gjaldmiðlum, ekki einungis evrum, en hér verður miðað við stærð hans í evrum, m.a. til að gengisfall krónunnar skekki ekki myndina.

Gjaldeyrisforði er hér miðaður við það lausa fé í erlendri mynt sem Seðlabankinn hefur tryggt sér til a.m.k. tólf mánaða. Það eru fyrst og fremst innstæður í öðrum seðlabönkum eða hjá alþjóðastofnunum og auðseljanleg örugg verðbréf, allt í erlendri mynt. Reiknaður er hreinn gjaldeyrisforði þannig að til frádráttar koma fyrirsjáanlegar útgreiðslur næstu tólf mánuði, þ.e. fé sem getur eða mun streyma út úr bankanum þegar greiða þarf af lánum hans eða tekið er út af óbundnum reikningum í erlendri mynt í bankanum. Vergur gjaldeyrisforði (án fyrrnefnds frádráttar) var hærri upphæð, rétt um 2.500 milljónir evra í september og október 2008. Sá hluti vergs forða sem getur komið til greiðslu næstu mánuði er ekki nothæfur í raun. Sé því fé ráðstafað verður veruleg hætta á greiðsluþroti seðlabanka.

Sviptingarnar haustið 2008 kipptu fótunum undan fjármögnun gjaldeyrisforða Seðlabankans. Þegar í lok september, nokkrum dögum fyrir hrun bankakerfisins og fyrrnefnda lánveitingu til Kaupþings, var orðið ljóst að í óefni stefndi. Gjaldeyrisforðinn var kominn niður í 825 milljónir evra og lánin þrjú til Kaupþings því rétt rúm 72% hreins forða. Vergur forði var að vísu jákvæður um 2.576 milljónir evra en það stefndi í nettóútgreiðslur næstu tólf mánuði sem samsvöruðu 1.751 milljón evra. Allar þessar tölur eru aðgengilegar á heimasíðu Seðlabankans, í krónum. Því miður eru tölurnar eingöngu birtar miðað við stöðuna í lok hvers mánaðar en mjög áhugavert væri að sjá þróunina frá degi til dags þessa haustmánuði.

Þegar gjaldeyrisforði Seðlabanka var orðinn þetta lítill hafði bankinn nær ekkert raunverulegt svigrúm til að tryggja bankakerfinu laust fé í erlendri mynt. Seðlabankinn gerði það samt og afhenti Kaupþingi tæpar 600 milljónir evra. Það var hluti af skýringunni á því að í lok október 2008 var gjaldeyrisforðinn orðinn neikvæður um 319 milljónir evra – Seðlabankinn átti vergan forða upp á einungis 2.670 milljónir evra til að standa í skilum með greiðslur sem gátu numið allt að 2.989 milljónum evra á næstu tólf mánuðum og þar af allt að 1.813 milljónum í nóvembermánuði einum. Þróun gjaldeyrisforðans þessa haustmánuði þýddi einfaldlega að það stefndi mjög hratt í greiðsluþrot Seðlabankans og íslenska ríkisins og vöruskort innanlands. Því var afstýrt með því að kalla til aðstoð Alþjóða gjaldeyrissjóðsins.

Hefði raunverulegur gjaldeyrisforði Seðlabankans verið um 2,5 milljarðar evra haustið 2008, eins og upplýsingafulltrúi bankans heldur nú fram, þá hefði Ísland ekki þurft á aðstoð Alþjóða gjaldeyrissjóðsins að halda. Það hefði a.m.k. ekki þurft bæði gjaldeyrishöft og aðstoð AGS.

Það var að vísu gæfa Íslendinga, svo undarlega sem það kann að hljóma, að gjaldeyrisforði Seðlabankans var þetta rýr. Hefði hann verið digrari hefði Seðlabankinn að öllum líkindum lagt viðskiptabönkunum sem voru að falla til enn meira fé en þó engan veginn nóg til að bjarga þeim. Því hefði tjón Seðlabankans og þar með skattborgaranna orðið enn meira. Það var reynt, m.a. var rætt í fullri alvöru að nýta erlendar eignir lífeyrissjóðanna í þessu skyni helgina fyrir fall bankanna.




# Er þingræði lýðræði?

Lýðræði

Jón Lárusson
forsetaframbjóðandi



Við almenningur viljum trúa því að við búum í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þjóðfélagi þar sem hagsmunir samfélagsins ganga framar sérhagsmunum. Þar sem réttur lítilmagnans er ekki fótum troðinn svo hinir sterku geti fengið sitt fram. Þessu hefur hins vegar verið haldið frá okkur svo áratugum skiptir, allt í valdi einhvers sem kallað hefur verið þingræði.

Samkvæmt fyrstu grein stjórnarskrárinnar þá er Ísland lýðveldi með þingbundinni stjórn. Það þýðir ekki að þingið sé eitt og allt í öllu, heldur einfaldlega að framkvæmdavaldið er bundið ákvörðunum þingsins. Það er þingið sem setur reglurnar. Það er því mjög áhugavert að í tillögum stjórnlagaráðs er fyrsta greinin á þann hátt að Ísland sé lýðveldi með þingræðisstjórn.

Einhverjum gæti fundist þetta litlu skipta, en þessi eina breyting fjarlægir stjórnarfyrirkomulagið frá lýðræði og festir í sessi vald hinna fáu. Með þessari breytingu fellur niður aðskilnaður framkvæmda- og löggjafarvalds, nokkuð sem er talið hornsteinn í raunverulegu lýðræðisþjóðfélagi.

Í þingræði á þingið að ráða, en þegar við horfum til þess að eftir kosningar koma einstaklingar sér saman um meirihluta á þingi og svíkja auðveldlega loforð sín fyrir valdið, þá sitjum við uppi með ríkisstjórn sem fer með allt vald í nafni meirihluta. Þegar svo horft er til hinnar erfiðu leiðar fyrir nýtt afl inn á þing, þá erum við að horfa á fyrirkomulag þar sem fámenn valdastétt skiptist á að fara með völdin, en við almenningur höfum ekkert með það að gera.

Með þessum breytingum er búið að þjappa valdinu saman á einn stað og leiðin til einræðis hefur opnast.

Ég hvet alla til að lesa drögin að nýju stjórnarskránni sem liggja fyrir því þau eru slík aðför að lýðræðinu að nær ekki nokkurri átt. Þó haldið sé að okkur eiturpillum eins og þjóðaratkvæðisákvæði og neitunarvaldi forseta, þá eru þessir þættir bundnir slíkum takmörkunum að þeir verða aðeins táknrænir.

Við lifum á viðsjárverðum tímum og við verðum að gæta okkar. Ef við hugum ekki að lýðræðinu, mun frelsið frá okkur tekið og án þess eigum við enga framtíð.

Við almenningur höfum þurft að þola mikið frá árinu 2008, en okkur sem ekki fengum að njóta ávaxta hins svokallaða góðæris hefur verið gert að bera byrðarnar.

Okkur almenningi hefur verið ýtt í svaðið og með brellum erum við leidd til framtíðar sem er okkur þvert um geð. Okkur er boðið fullveldisafsal og innganga í sambandsríki þar sem „vinirnir" fá allt, en aðrir verða að taka því sem fellur af borðum. Okkur er boðin þjóðfélagsskipan þar sem almenningur hefur ekkert um framtíð sína að segja, þar sem lýðræðið er fótum troðið og frelsið skammtað af þeim sem ráða.

Það er kominn tími til að almenningur rísi upp og taki framtíðina í sínar hendur. Það er kominn tími til að almenningur hætti að láta blekkja sig með innihaldslausum loforðum. Það er kominn tími til að almenningur segi stopp, hingað og ekki lengra.

SÍÐUSTU FORVÖÐ
Páskatilboðsdögum á þvottavélum lýkur 4. apríl
Miele
PÁSKAVERÐ*
Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900
Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900
* á meðan byrgðir endast

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is









# Hamborg

**FRÁ 19.900 KR**

FÓR Á GEGGJAÐA TÓNLEIKA Í HAMBORG Í FYRRASUMAR OG KOMST AÐ ÞVÍ AÐ ÞAR ER MARGT AÐ SKOÐA. RISAVAXIN HÖFN, MJÖG FLOTTUR DÝRAGARÐUR OG GLEÐIHVERFIÐ REEPERBAHN Í ST PAULI. ALVEG TIL Í AÐ HEIMSÆKJA ÞESSA FALLEGU BORG AFTUR.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Þessi ferð gefur frá 1.800 til 5.400 Vildarpunkta aðra leiðina.

# Ævintýrið heldur áfram

Samfélagsmál

Baldur Ágústsson
forstjóri og forsetaframbjóðandi



Íslenskir skátar fagna því þessa dagana að eitt hundrað ár eru liðin frá því skátastarf hófst á Íslandi. Það gera þeir undir einkunnarorðunum „ævintýrið heldur áfram“.

Sem ég nú óska skátahreyfingunni til hamingju með þennan áfanga, þá hvarflar hugurinn til þeirra ára sem ég átti sjálfur í hreyfingunni frá níu ára aldri – fyrst sem ylfingur en síðan sem skáti og skátaforingi. Margt rifjast upp, svo sem útilegur, skátamót, varðeldar, gönguferðir, söngur og leikir. Ég kynntist nýjum félögum, strákum og stelpum – ungum og öldnum. Svo komu fullorðinsárin og lágu spor okkar víða. Einn er nú læknir, annar smiður, þriðji sálfræðingur, fjórði leikari og einn stofnaði virt stórfyrirtæki. Þannig mætti lengi telja.

Sumir eru fallnir frá, „farnir heim“ eins og við kölluðum það, en eru engu að síður skýrir og nálægir í minningunni.

### Leikur og þroski

Lítið vissi ég sem ungur strákur að skátastarf er annað og meira en leikur einn. Að skilaboðaleikur ylfinga var þjálfun í að hlusta, taka eftir og skila því sem manni var trúað fyrir. Sömuleiðis að gjaldkerastarfið í skátaflokknum tæki mann fyrstu skrefin í því að umgangast peninga af ábyrgð og innrætti heiðarleika og nákvæmni. Að læra þjóðsönginn og allt um íslenska fánann jók virðingu okkar fyrir landi okkar og þjóð. Að vera síðan foringi flokks og sveitar þroskaði m.a. ábyrgðartilfinningu, mannleg samskipti, umhyggju og stjórnunarhæfileika.

Á námskeiðum lærðum við skipulagningu, kennslutækni, stjórnun við varðeld, samstarf við foreldra, kortalestur, umgengni við náttúruna, ótal hnúta og skyndihjálp – sem þá kallaðist „hjálp í viðlögum“.

Hér er stiklað á stóru og fátt eitt nefnt. En þegar saman fór leikur og skemmtilegur lærdómur voru áhrifin merkjanleg: Samheldni, sjálfsöryggi, áræðni, heiðarleiki, hjálpsemi og jákvæðni urðu meira og meira áberandi í fari og persónuleika ungra drengja og stúlkna sem fyrr en varði urðu fullorðin og að hefja þátttöku í hringiðu þjóðfélagsins.

Sjálfur veit ég að tíma mínum í skátunum var vel varið. Þeim er að þakka að ég kom betri og sterkari inn í fullorðinsárin, betur undir nám og störf búinn. Ég veit að mín gömlu skátasystkini eru á sömu skoðun. Það sem meira er; samkenndin og gagnkvæmt traust er enn til staðar. Margt sem ég lærði í skátunum hefur oft komið að gagni. Þörf fyrir skyndihjálp hefur komið upp, reynt hefur á frumkvæði og oft hafa hnútarnir komið sér vel, ekki síst „pelastikkið“ sem ég kann enn áratugum síðar – bæði einfalt og tvöfalt!

### Æskan – framtíð þjóðarinnar

Foreldrum ræð ég heilt þegar ég segi: Kynnið ykkur skátastarf fyrir börn ykkar og unglinga. Það er heilbrigt, skemmtilegt og þroskandi. Ef þið voruð ekki sjálf í skátunum á margt eftir að koma ykkur gleðilega á óvart. Góð byrjun gæti verið að skoða vefsíðu bandalags skáta – www.skatar.is. Skoðið þar hvað skátar hafa fyrir stafni og lesið skátaheitið og skátalögin.

Næsta skref er svo að hafa samband við skátafélagið í bænum ykkar eða – á höfuðborgarsvæðinu – félagið í ykkar hverfi. Það verður tekið vel á móti ykkur.

### Stjórnvöld, ríki og sveitarfélög

Ég hvet stjórnvöld til að mæta vel fjárhagslegri þörf skátahreyfingarinnar og annarrar heilbrigðrar æskulýðsstarfsemi. Á tímum efnahagsþrenginga er sérstaklega nauðsynlegt að tryggja börnum og unglingum jákvæð, holl og þroskandi viðfangsefni fjarri hættulegum og spillandi freistingum okkar tíma – unga fólkið er framtíð þjóðarinnar.


## Heilsuhelgi um páskana í Kríunesi. Dagana 4-9 apríl.



- Markþjálfun
- Margvísleg hreyfing úti í náttúrunni
- Fitumæling
- Hugleiðsla, teygjur, æfingar, slökun og fræðsla
- Kvöldvökur
- Heilsufæði.

Í Kríunesi er frábær aðstaða, m.a. gufa, pottur, hjól, bátar og.fl.

**Eftir dvölina ferðu heim með:**

- **Basískann Líkama**
- **Hugarfarsbreytingu til framtíðar**
- **Meðvitund um að líkaminn er musteri sálarinnar**
- **Löngun til að hugleiða daglega**
- **Lærir fullt af æfingum sem þú heldur áfram að gera**

**Nánari upplýsingar á www.hvatning.com og í síma 897 2400 Bubbi**


# Einkunnabólga: orsakir og afleiðingar

Menntamál

Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari



Einkunnir í grunnnámi bandarískra háskóla hafa farið hækkandi. Í Harvard hækkaði meðaleinkunnin úr sem svarar 6,75 árið 1963 í 8,63 árið 2005. Þetta vekur spurningar.

Fara námshæfileikar nemenda sívaxandi? Fá nemendur sífellt betri undirbúning fyrir háskólanám? Leggja nemendur æ harðar að sér?

Svarið við spurningunum er nei. Nemendur nota æ minni tíma í námið skv. National Survey of Student Engagement, NSSE.

### Hvað orsakar einkunnabólgu?

George Kuh frá NSSE telur að milli háskólakennara og nemenda sé þegjandi samkomulag. „Ef þú lætur mig í friði, þá skal ég ekki gera of miklar kröfur til þín“. Þarna vísar hann til kennslukannana þar sem nemendur eru spurðir um frammistöðu kennara. Miklu skiptir fyrir kennara að koma vel út úr þeim. Stuart Rojstaczer, prófessor við Duke háskólann, skrifaði grein í Washington Post. Þar segist hann hættur að gefa lægri einkunnir en B- (5,8). Gæfi hann þeim C sem það eigi skilið fengi hann færri nemendur og á markaðstorgi æðri menntunar sé slíkt talið merki um lélega kennslu. John Thorstensson, prófessor í eðlisfræði, segir 9 af hverjum 10 nemendum sínum í fyrsta áfanga í eðlisfræði dreyma um að komast í læknaskóla. Einkunn undir A- gerir það illmögulegt. Háskólakennarar eru því undir miklum þrýstingi.

Guðrún Geirsdóttir, dósent í kennslufræði í HÍ, vekur athygli á áhugaleysi íslenskra háskólanema og heimtufrekju þeirra. „Nemendur virðast vilja gera sem minnst sjálfir, en krefjast hins vegar mikils af kennurum.“ Margir nemendur sækjast ekki eftir menntun og þroska heldur aðeins prófgráðu með sem minnstri fyrirhöfn. Þeir mæta illa, lesa ekki kennslubækurnar en krefjast hárra einkunna. Mæti þeir í tíma eru þeir oft á fésbókinni í stað þess að taka þátt í kennslustundinni. Gjarnan er skilað skýrslum og verkefnum sem einhver annar hefur unnið, t.d. nemandi frá fyrra ári. Fái þeir sínu framgengt munu háskólar í auknum mæli útskrifa hyskið, heimtufrekt og ómenntað fólk.“

Á Rás 2 voru þessi mál til umræðu og var m.a. rætt við háskólanema. Þeir létu sumir ótrúlegustu hluti út úr sér og var hreint átakanlegt að hlusta á þá. Af máli þeirra mátti ráða að verði kennari ekki við heimtufrekju þeirra megi hann búast við að verða „tekinn af lífi“ í kennslukönnunum en gegnum þær hafa nemendur kverkatak á kennurum sínum. Þær byggja að hluta til á þeim misskilningi nýfrjálshyggjunnar að skóla sé hægt að reka eins og hvert annað framleiðslufyrirtæki í samkeppni.

Líklega kynda kennslukannanir undir einkunnabólgu og undanlátssemi kennara enda er oft fylgni milli einkunna sem kennari fær og einkunna sem nemendur búast við frá honum. Það gleymist að kennarar þurfa að halda uppi aga og námskröfum og slíkt er ekki alltaf vinsælt meðal nemenda. Markaðsvæðing menntunar er ákaflega vandmeðfarin. Eru til sölu á Íslandi fyrirhafnarlitlar námseiningar?

Ég hef ekki séð tölur um einkunnabólgu á Íslandi. Vegna örra breytinga á námskrám og nemendasamsetningu framhaldsskólanna er erfitt að mæla einkunnabólgu hér. Líklega er þó sums staðar dulin einkunnabólga. Hún birtist ekki í hærri einkunnum heldur því að fleiri komist í gegn með minni kunnáttu en áður. Kennari sem kennt hefur sama áfanga lengi getur hugsanlega sýnt fram á að meðaleinkunn hafi staðið í stað, en það gæti stafað af því að hann hafi slakað á námskröfum vegna svipaðs þrýstings og fyrr var lýst.

Í framhaldsskólum fór færiband frjálshyggjunnar að rúlla fyrir rúmum áratug með nýrri námskrá og hinu illræmda reiknilíkani. Valfrelsi nemenda var aukið, t.d. getur nemandi á náttúrufræðibraut valið sig framhjá lykilgreinum í náttúrufræðum og útskrifast sem stúdent t.d. með litla eðlis- og efnafræðikunnáttu. Nemendur fengu sem sagt frelsi til að gengisfella stúdentsprófið sitt. Jafnframt ýtti þetta undir samkeppni milli kennara um nemendur. Kennarar sem bera virðingu fyrir nemendum og menntun þeirra og vilja standa fast á eðlilegum námskröfum geta orðið undir í þeirri samkeppni því að sumir nemendur velja auðveldustu leiðina og sneiða hjá slíkum kennurum.

Með reiknilíkaninu fengu kennarar skilaboð um að skólar fengju ekki greitt fyrir nemendur sem ekki mættu í lokapróf þótt þeim hefði verið sinnt alla önnina. Skólar með hátt hlutfall getulítilla nemenda lentu fljótt í taprekstri vegna brottfalls nemenda. Til að vinna bug á taprekstrinum var kennslumagn minnkað svo að tekjur kennara í viðkomandi skólum lækkuðu. Þeir voru hýrudregnir fyrir að skila ekki öllum áfram á færibandinu. Hefðu þeir hleypt öllum í gegn hefðu þeir uppskorið hærri tekjur vegna meiri framleiðni eins og það heitir á máli frjálshyggjunnar.

Fyrir kennara er freistandi að láta undan þrýstingi nemenda og yfirvalda og sigla lygnan sjó, gera litlar kröfur og gefa hátt. Það eykur líkur á góðri útkomu í kennslukönnunum og er gott fyrir fjárhag skólanna. En undanlátssemin er auðvitað vanvirðing við nemendur og menntunina sem þeir þurfa að öðlast.

> Nemendur virðast vilja gera sem minnst sjálfir, en krefjast hins vegar mikils af kennurum.Margir nemendur sækjast ekki eftir menntun og þroska heldur aðeins prófgráðu með sem minnstri fyrirhöfn.

Ráðuneyti menntamála gerir lítið til að hjálpa framhaldsskólakennurum að meta hvað séu hæfilegar námskröfur. Skólar senda ráðuneytinu námskrár en lítið er fylgst með hvað gert er í raun og hvaða námskröfur eru gerðar. Ráðuneytið telur hve margir nemendur skila sér í próf og veitir fjárveitingar skv. því. Fjöldi nemenda mætir í próf bara til að skrifa nafnið sitt. Það lækkar á pappírnum hið illræmda brottfall.

Margir stúdentar sem hefja nám í HÍ hafa góðan undirbúning úr framhaldsskóla og eru fullfærir um að stunda bitastætt háskólanám, en svo virðist sem vaxandi fjöldi sé það ekki og því telur HÍ nauðsynlegt að taka upp inntökupróf. Það þýðir að sum stúdentsprófsskírteini séu talin marklítil plögg eða svikin vara eins og Ólafur Stephensen ritstjóri orðaði það. Ekki er ólíklegt að einkunnabólga, dulin eða ódulin, sé undirrót þessa vanda sem er að grafa undan menntakerfinu.

# KSÍ og fordómar

Kynþáttafordómar

Baldur Kristjánsson
sérfræðingur í ECRI og áhugamaður um knattspyrnu



Því miður fór umræðan svolítið úr böndunum á netinu þegar aganefnd KSÍ dæmdi tvo drengi í leikbann og gagnrýnt var. Svolítið er eins og verið sé að stíga inn á heilagt svæði en knattspyrna kemur okkur öllum við og kynþáttafordómar eru því miður staðreynd hér á landi.

Nú tek ég drengina tvo út fyrir sviga enda hafa þeir sæst en tilvikið gefur tilefni til umræðu og ábendinga.

Nauðsynlegt er að mínu mati að KSÍ og önnur sambærileg sambönd komi sér upp verklagsreglum í meðferð svona mála. Þau eiga að leita til sérfræðinga við gerð þeirra.

UEFA hafði samráð við ECRI (Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum) þegar verklagsreglur voru settar fyrir síðasta og einnig næsta Evrópumót um það hvernig ætti að tækla rasisma á fótboltavellinum. Knattspyrnusambandið í Englandi hefur haft samráð við svipaðan aðila þar.

Ekki skal efast um góðan ásetning forystu KSÍ, þ.m.t. Þóris Hákonarsonar, en þetta með verklagsreglur og hvernig þær eiga að vera er ekkert sjálfgefið. Þar ætti m.a. að kveða á um að dómarar og þeir sem sitja í ráðum og nefndum fái fræðslu um það hvernig þekkja eigi rasisma og hvernig bregðast eigi við honum. Það sama á við um yfirstjórn og starfsmenn. Félögin eiga með hjálp KSÍ að fræða þjálfara um rasisma og helst ekki að ráða þá til starfa nema að undangengnu námskeiði um það hvernig meðhöndla eigi hann.

Þá er í meira lagi vafasamt að bregðast við með leikbönnum í yngri flokkum. Slíkt getur einangrað og útilokað. Fræðsla er á því stigi árangursríkust. Þetta eru drengir/stúlkur á mótunarskeiði. Sá sem gerir sig sekan um rasisma er yfirleitt hvorki betri né verri en félagarnir en endurspeglar þá menningu sem þeir eru allir sprottnir úr. Hann er, má segja, einnig fórnarlamb hennar.

Rasisma má líkja við veiru sem þarf að útrýma. Rasískt hugarfar flokkar fólk eftir uppruna, litarafti, þjóðerni og jafnvel menningu og trú og felur í sér fyrirlitningu á hóp eða hópum sem við tilheyrum ekki.

Rasismi kumrar í yfirborði samfélags. Kemur stundum upp á yfirborðið og er þá gjarnan meðhöndlaður sem einstakt tilvik.

Það er ekki bara KSÍ sem þarf að koma sér upp verklagsreglum í þessum málaflokki. Þess þurfa önnur sambærileg sambönd svo og skólar og allir þeir sem koma að mótun unglinga.

# VORTILBOÐ

KÖBEN / LONDON / BERLÍN / VARSJÁ / ALICANTE FRÁ:

# 14.950 KR.*

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá **14.950 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00–23.59
**Áfangastaðir:** Kaupmannahöfn, London, Berlín, Varsjá og Alicante.
**Ferðatímabil:** 10. apríl–31. maí.

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

**SKRÁÐU ÞIG Í NETKLÚBBINN OG FÁÐU NÝJUSTU FRÉTTIR OG ALLT UM HEITUSTU TILBOÐIN!**

Iceland Express
- lækkar verð



**AÐEINS Í DAG! HEFST Á HÁDEGI**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÞAÐ MUNAR UM MINNA ÞAÐ MUNAR UM MINNA



**1995** KR.KG

**NÓA KONFEKT I KG.**

AÐEINS 4000 KASSAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI !



**198** KR. POKINN

**BÓNUS NÝBAKAÐ KORNKUBBAR**

4 GERÐIR - 4 STK Í POKA




**279** KR. 400 ML

**BÓNUS RJÓMI** 400 ML.

# AFMÆLISTILBOÐ BÓNUS 23 ÁRA

NÝ FRAMLEIÐSLA GAMALT VERÐ




**1998** KR. 1 KG

1 KG.

**BÓNUS PÁSKAEGG**




**679** KR. 2 LTR.

**MJÚKÍS - 2 LTR. SÚKKULAÐI & VANILLA**




**139** KR. 185 ML

**BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI**

185 ML. - 10% OG 18%




**139** KR. 230 ML

**BÓNUS MAYONNAISE**

230 ML. / NÝJAR UMBÚÐIR




**298** KR. 250 GR

**BÓNUS FETI-OSTUR**

Í KRYDDOLÍU / MEÐ ÓLÍFUM

**BÓNUS 5 FLATKÖKUR: 98 KR.**

**HANGIÁLEGG 143 GR: 398 KR.**




**98** KR. 5 STK




**398** KR. 143 GR




**698** KR. 6 LTR.

**COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.**




**759** KR. 8 LTR.

**PEPSI 4 X 2 LTR. = 8 LTR.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 9 | 4 | 1 | |
| | 4 | 9 | 1 | | | 8 | | 6 |
| | 7 | | 4 | 6 | | | | |
| 2 | 6 | | | | | | | |
| 7 | | 1 | | 3 | | 9 | | 2 |
| | | | | | | | 6 | 4 |
| | | | | 4 | 6 | | 9 | |
| 4 | | 6 | | | 8 | 1 | 7 | |
| | 5 | 7 | 3 | | | | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞAÐ MUNAR UM MINNA ÞAÐ MUNAR UM MINNA
BÓNUS BUFFALÓ FULLELDAÐ
KJÚKLINGAVÆNGIR OG LEGGIR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729 KR. KG
800 GRÖMM
BÓNUS BUFFALO VÆNGIR
398 KR. BOXIÐ
800 GRÖMM
BÓNUS BUFFALO LEGGIR
598 KR. BOXIÐ
BÓNUS Kjúklingur Læri
679 KR.KG
KJÚKLINGALÆRI
BÓNUS Kjúklingur Leggir
679 KR.KG
KJÚKLINGALEGGIR
BÓNUS Kjúklingur Læri, leggir vængir
595 KR.KG
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
BÓNUS KJÚKLINGUR Á BETRA VERÐI
BÓNUS Kjúklingur Vængir
295 KR.KG
KJÚKLINGAVÆNGIR
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1979 KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS Kjúklingur Kjúklingalundir
1979 KR.KG
KJÚKLINGALUNDIR
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
1395 KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
BÓNUS Kjúklingamolar
998 KR. 1 KG
BÓNUS KJÚKLINGAMOLAR
1 KG - FULLELDAÐIR - BARA AÐ HITA
Ali
698 KR. KG
ALI GRÍSAKJÖT
FERSKUR GRÍSABÓGUR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
1195 KR.KG
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS 1. sæti
MÆLINGA Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA
Ali
1795 KR. KG
Ali
NÝREYKTUR ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1495 KR.KG
NÝREYKTUR ÚRBEINAÐUR ALI HAMBORGARHRYGGUR
1795.KR.KG
Ali
1495 KR. KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Mennska í takt við nýja tíma

Forsetaembættið

Andrea Róberts

BA í félags- og kynjafræði og MS í mannauðsstjórnun



Hér á landi eru konur og karlar nú jöfn fyrir lögum og fjallað er um að einstaklingurinn sé frjáls, hafi val og að kyn skipti sama og engu máli er kemur að því að fóta sig í lífinu. Staðreyndin er hins vegar önnur og veruleikinn sem við blasir mun flóknari. Kynjamótunin hefst strax á fæðingardeildinni og félagsmótun á sér stað í gegnum allt lífið með gamaldags hugmyndum um eðli kynjanna. Bræðingur af ósýnilegum reglum, gildum og viðmiðum sem eru einungis skrifuð í lífið sjálft. Niðurstöður rannsókna sýna fram á stöðnun, bakslag og eftirlit með aðgerðum er af skornum skammti.

Þrátt fyrir menntun kvenna og mannkosti hafa þær síður náð í æðstu stjórnunarstöður. Launamunur kynjanna er enn til staðar og flest heimilisstörf halda áfram að erfast milli kynslóða kvenna. Í ljósi alls þessa vil ég meina að konur sitji ekki við sama borð og karlar þegar kemur að því að nýta sér jafnréttið.

Úff hvað þetta er niðurdrepandi. En margir óttast breytingar, fólk veit hvað það hefur en veit ekki hvað það fær. Ég persónulega hélt á tímabili að enginn gæti komið í stað Simons Cowell í American Idol en raunin var önnur. Það er enginn ómissandi. Það er mikilvægt að hugsa og stíga út fyrir rammann.

**Femínistar**

„Femínisti er karl eða kona sem veit að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og vill gera eitthvað í því.“ Er það ekki elegant og getum við ekki öll verið sammála um að við viljum jöfn tækifæri fyrir syni okkar og dætur? Þess vegna er alveg óskiljanlegt hversu eldfim umræða um jafnréttismál eru. Því er ekki að neita að kvennabaráttan hefur skilað okkur betra þjóðfélagi sem byggir á baráttu formæðra okkar. Þær eru steypustyrktarjárn fyrir bæði konur og karla til að byggja áframhaldandi baráttu fyrir jafnrétti kynjanna í þágu lýðræðis. Það er þó umhugsunarvert að kvennabaráttan virðist ekki hafa skilað konum sérstöku brautargengi eins og áður segir. Það skiptir máli að konur fari nú að fá raunverulegt vald sem helmingur mannkyns. Kyn er mikilvæg breyta þar sem hún býr til mörk og skapar hindranir. Það var því söguleg stund og heimsviðburður þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin. Stóð þessi einstæða móðir sig með svo mikilli prýði að eftir var tekið af heimsbyggðinni allri. Enn í dag.

**Með ælu á öxlinni**

Samkvæmt nýjustu stöðlum tískunnar eiga konur að fullkomna sig með móðurhlutverkinu, án þess þó að vera með ælu á öxlinni. Jafnframt er ætlast til að móðirin setji sjálfa sig og þarfir sínar ávallt í annað sæti. Auðvitað er eðlilegt að börn og barneignir gefi draumum, löngunum og væntingum stefnu tímabundið. Ekkert er betra en sú skilyrðislausa ást á börnunum okkar. Markmið femínismans er einmitt ekki að frelsa konuna frá móðurhlutverkinu sem slíku heldur frá ástandi móðurhlutverksins sem kúgunartæki. Mikilvægt er að reyna að grafa undan þessum gömlu hugmyndum sem eru orðnar viðtekinn sannleikur sem mótar möguleika kynjanna, konum í óhag.

**Hverja langar á „ballið“ á Bessastöðum?**

Laugardaginn 29. júní 1996, daginn sem Ólafur Ragnar Grímsson var kjörinn forseti Íslands, var hægt að ferðast með Akraborginni, Baywatch var á dagskrá Sjónvarpsins kl. 19 og kvikmyndin Trainspotting var í bíó. Myndin er orðin klassík. Sama hvað ég reyni þá finn ég fátt ferskt og brakandi við Nýja Ísland. Hvað varðar forsetaembættið þá má lengi fjalla um tilverurétt og uppbyggingu þess embættis. Lego er ekki að fara að framleiða embættisbústaðinn á Álftanesi og Ísland er ekki nafli alheimsins ef út í það er farið.

Það er ekki til umræðu hér heldur mikilvægi þess að skapa hressandi fyrirmyndir fyrir komandi kynslóðir hér heima og erlendis. Að fá konu á Bessastaði væri fyrirmynd fyrir syni okkar og dætur til að máta sig við og læra að lesa kyn sitt upp á nýtt. Deila má um hversu valdamikið forsetaembættið er en það er ekki hægt að horfa fram hjá því að um er að ræða embætti sem er sýnilegt og í augum margra sjarmerandi. Að hafa konu í embætti forseta Íslands mun minna á sigrana í jafnréttisbaráttunni. Að við vitum að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og að við viljum gera eitthvað í því. Það myndi klárlega bæta ímynd og ásýnd landsins. Það er kominn tími á nýtt og enn betra Ísland. Þetta mega kjósendur í forsetakosningunum og hugsanlegir frambjóðendur hafa í huga – sama hvernig þeir líta út fyrir neðan nafla.

# Framkvæmdir eða framkvæmdaleysi

Vegaframkvæmdir

Sigþór Sigurðsson

formaður Mannvirkis



Samgönguáætlun til fjögurra og tólf ára er nú til umfjöllunar á Alþingi. Fyrir liggur að fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki og lífsnauðsynlegt fyrir íslenskt efnahagslíf að allra leiða sé leitað til þess að auka framkvæmdir og fjárfestingar. Á sama tíma og hert gjaldeyrishöft og almennt vantraust á efnahagsstefnu í landinu okkar loka fyrir allar erlendar fjárfestingar sendir stjórnarráðið frá sér fréttatilkynningu um að yfirvofandi séu hundraða milljarða fjárfestingar (sjá www.stjr.is).

Upptalningin í fréttinni er dapurleg lesning því annaðhvort er um að ræða verkefni sem þegar er lokið, eru í miðjum klíðum eða hreinlega hefur verið hætt við. Stjórnvöld virðast beita áróðri til að telja okkur trú um að hér sé allt á uppleið þegar staða venjulegra fyrirtækja sem lifað hafa hörmungarnar af hefur aldrei verið verri. Nú eru að verða liðin fjögur ár frá hruni efnahagskerfisins og ríkisstjórnin stingur enn höfðinu í sandinn.

Það er skylda stjórnvalda að skapa sæmileg skilyrði til rekstrar, það er skylda stjórnvalda að koma fjárfestingum af stað og það er skylda stjórnvalda að leita allra leiða til að fólk og fyrirtæki geti lifað í þessu landi.

Ef utanaðkomandi fjárfestingar koma ekki til verður að leita annarra leiða. Hér eru innilokaðar íslenskar krónur sem nema hundruðum milljarða. Lífeyrissjóðir landsmanna þurfa að fjárfesta fyrir 10 milljarða á mánuði og mega enga peninga flytja úr landi. Á þessu og næsta ári þurfa lífeyrissjóðir að koma 200 milljörðum í vinnu. Sjá stjórnvöld ekki að við erum í vítahring?

Nú þarf að bretta upp ermar og koma hlutunum af stað. Ef ekki núna hvenær þá?

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 segir m.a. að reyna eigi: „til þrautar að finna útfærslur sem gera mögulegt að ráðast í umfangsmiklar samgönguframkvæmdir á Suðvesturlandi og eftir atvikum víðar, fjármagnaðar með sérstökum hætti.“ Samtök iðnaðarins hafa tekið undir hugmyndir um flýtingu stórra framkvæmda í samgöngumálum. Um er að ræða þær þrjár leiðir sem liggja til og frá höfuðborginni, þ.e. endurbætur á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi auk nýrrar brúar yfir Ölfusá, að lokið verði við tvöföldun Reykjanesbrautar og ráðist í gerð Vaðlaheiðarganga þar sem hófleg veggjöld standa straum af endurgreiðslu lána og vaxta. Óþarfi er að tíunda rökin vegna tjóna- og slysatíðni. Margoft hefur komið fram að ofangreind verkefni eru arðbær ein og sér og er þá ekki innreiknaður ábati ríkisins af auknum umsvifum í samfélaginu.

Hér með er skorað á hæstvirtan innanríkisráðherra að hefja þegar í stað viðræður við lífeyrissjóði landsins á ný um aðkomu þeirra að þjóðhagslega arðbærum og mikilvægum verkefnum. Og ekkert þras um að þetta taki langan tíma. Verkefnið var langt komið þegar ráðherra sló það út af borðinu á síðasta ári.

# Bág kjör

Samfélagsmál

Þór Gunnlaugsson

heilunarmiðill



Lýsingar á bágum kjörum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem eiga hvorki fyrir mat né lyfjum hafa varla farið fram hjá nokkrum manni.

Nýlegt dæmi er um krabbameinssjúkling sem átti 15.000 kr. til að lifa af eftir greiðslu húsaleigu og hafði ekkert handbært fé til matarkaupa né krabbameinslyfja. Íslendingar eru örlát þjóð og við látum ekki fólk sitja óbætt hjá garði og eigum skilyrðislaust að rétta fram hjálparhönd og meðal annars leggja niður komugjöld á dagdeild LHS fyrir þá sem eru í krabbameinsmeðferð. Er réttlætanlegt að skafa skinnið af þessum sjúklingum og láta sem svo að þetta verði kannski lagfært í gegnum skattkerfið?

Hvað með eldri borgara sem hafa fengið skerðingu á sínum tekjum sem duga ekki fyrir nauðþurftum en einhverjir hundraðkallar eru skildir eftir í formi vasapeninga? Þvílík niðurlæging á ævikvöldi þeirra eftir að hafa staðið undir framþróun landsins alla sína ævi uns halla fór undan fæti og þeir réttu fram hönd sér til aðstoðar.

Ef þessi gamalmenni eiga einhverjar eignir, sparifé eða fasteign skal það greiða yfir 230.000 á mánuði með sér fái það vistun á hjúkrunarheimili og skyldi það ákvarða flýtimeðferð inn á móti öðrum sem á ekkert og þarf ekkert að greiða fyrir sömu þjónustu? Hvar er jafnræðið og réttlætið í þessu landi?

Nú heyrast raddir að handbremsa sé sett á þá vistun sjúklinga sem þurfa að fá S-merkt lyf sem eru rándýr og stofnanir geta ekki veitt þessum aðilum vegna daggjalda sem ekki gera ráð fyrir slíkum útgjöldum.

Hvað með Framkvæmdasjóð aldraðra? Hvert rennur það fé? Varla í uppbyggingu heimila fyrir okkur þegar tíminn er kominn þótt skatturinn rukki grimmt inn gjöld pr. ár í þennan sjóð.

Þá skulum við skoða heimilin í landinu og þá þróun sem hefur átt sér stað í átt til örbirgðar og mér er bara um megn að hugsa til þess að heimili 200 fjölskyldna verði boðin upp á þessu ári og fólkið sett út á gaddinn þar sem tekjur þess duga ekki fyrir húsaleigu.

Rödd konunnar sem viðtal var við, vel menntuð en atvinnulaus, alltaf staðið í skilum með greiðslur og þá kom hrunið sem kippti grundvellinum undan fjölskyldu hennar sem býr í gamalli íbúð án íburðar svo ekki var bruðlað á þeim bæ. Umboðsmaður skuldara vísaði máli hennar á dyr eins og mörgum öðrum en mál hennar tók tvö ár í vinnslu og síðan: Nei, því miður. Þú getur ekki greitt húsaleigu.

Hvers vegna og til hvers var þetta dýra embætti stofnað? Jú, þeir áttu að semja um niðurfellingu skulda að 110% markinu. Embættið var sett á laggirnar með miklum lúðraþyt sem bjargvættur.

Því miður hefur annað komið á daginn og sýnist mér að hér hafi verið stofnað embætti til að fletta skjölum og færa á milli borða eins og Spaugstofumenn lýsa á sannfærandi hátt. Koma af stað áskrift á vanskilalista ákveðinna fyrirtækja og auka enn á áþján viðkomandi fjölskyldna.

Skyldu þeir aðilar sem hafa fengið háar fjárhæðir afskrifaðar hafa lent á slíkum vanskilalistum? Jú, tveir aðilar svo vitað sé lýstir gjaldþrota en líf þeirra hefur ekkert lækkað við það og árið er enn 2008 á þeim heimilum.

Ég vil hvetja þá sem eru með sár í sálinni, börn sem fullorðna að koma í Bústaðakirkju 2. apríl kl. 20.00, setjast þar niður í kyrrð og ró og njóta þess að hlusta óáreitt.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**HOLLT OG GOTT**

**Lárpera (avocado) er mjög hollur ávöxtur, enda er hún rík af A-, C-, E- og B-vítamínum. Þá inniheldur lárperan trefjar, magnesíum og kalk. Þótt lárpera sé afar holl þá er hún fiturík og þess vegna ekki heppileg fyrir þá sem þurfa að léttast mikið. Lárperu má nota í andlitsmaska með góðum árangri.**








**GÆÐI**
Texture er með Michelin-stjörnu.
MYND/JOHN CAREY



**FRÖNSK STEMNING**
Veitingastaðurinn 28°50° leggur áherslu á bistrómat. Agnar opnar bráðlega annan stað í anda hans.
MYND/JOHN CAREY



# FÆRIR ÚT KVÍARNAR

**BÍSTRÓBAR** *Agnar Sverrisson matreiðslumaður opnar nýjan veitingastað í West End í London í sumar. Fyrir rekur hann tvo veitingastaði í borginni.*

Þetta er vínbar þar sem í boði verða 30 tegundir af eðalvíni og ljúffengur franskur matur. Ekta staður fyrir áhugafólk um vín og góða matargerð," segir matreiðslumaðurinn Agnar Sverrisson sem stefnir á að opna nýjan veitingastað í West End í London í júní.

Agnar hefur verið búsettur í London um árabil og rekur þar tvö veitingahús við góðan orðstír ásamt viðskiptafélaga sínum vínþjóninum Xavier Rousset: Annars vegar Michelin-veitingastaðinn Texture við Portman Square sem er í göngufæri frá Oxford Street og hins vegar 28°50° í City. Á þeim fyrrnefnda er meðal annars hægt að fá íslenskt lamb og þorsk og skála í einu breiðasta úrvali freyðivína í Bretlandi. Sá síðari leggur áherslu á sígilda franska matseld og vín frá svæðinu sem afmarkast af breiddargráðunum í nafni staðarins. Verður nýi veitingastaðurinn opnaður undir merkjum hans.

„Ástæða þess að við erum að fara af stað með nýjan stað er sú velgengni

**GOTT GENGI**
„Ástæða þess að við erum að fara af stað með nýjan stað er sú velgengni sem 28°50° hefur átt að fagna."

FRAMHALD Á SÍÐU 2













FRAMHALD AF FORSÍÐU

sem 28°50° hefur átt að fagna síðan staðurinn var opnaður í júní í fyrra. Reksturinn gekk í raun vonum framar. Þannig að við sáum okkur leik á borði með því að opna annan og í West End þar sem lengi hefur vantað vínbar með góðum bistrómat. Hann er bara í um það bil fimm mínútna göngufjarlægð frá Texture.“

Að sögn Agnars verður nýja veitingahúsið á tveimur hæðum og kemur til með að taka 55 í sæti í matsal, tólf í sæti við barinn og sextán í kjallara, en þar verður opið eldhús. „Helsti munurinn á milli staða er sá að vín- og matseðlar verða stærri á þeim nýja.“

Spurður hvort til standi að færa enn frekar út kvíarnar í Bretlandi segir Agnar þriðja 28°50° staðinn vera á teikniborðinu. „Hins vegar ráðast frekari framkvæmdir af því hvernig þessi gengur,“ tekur hann fram og þvertekur fyrir að veitingahúsakeðja sé á döfinni. „Alls ekki. Við ætlum bara að taka eitt skref í einu. Núna er bara verið að byggja á fullu og gera allt klárt fyrir sumarið.“

Þannig að það stendur þá ekki heldur til að opna veitingastað á Íslandi? „Ég sé það ekki fyrir mér,“ svarar Agnar en viðurkennir að stundum sakni hann heimahagana. „Sérstaklega fjölskyldu og vina. En hér hef ég verið í tólf ár og reikna með að vera önnur tólf þótt maður viti auðvitað aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Hins vegar veit ég að hérna úti mér líður vel.“

Á vefsíðu Freistingar er að finna fleiri myndir úr 28°50° í City. Slóðin er www.freisting.is ■ rve



**Á UPPLEIÐ** Agnar Sverrisson rekur tvo veitingastaði við góðan orðstír. Þann þriðja opnar hann í júní á þessu ári. MYND/JOHN CAREY

## PITSUÁSKORUN



**MATGÆÐINGUR** Steingrímur Sigurgeirsson með pitsuna góðu sem heitir Napólí pitsa. MYND/STEFAN

# SKORAR Á HALLDÓRU

**GÓÐGÆTI KYNNIR** *Wewalka pitsudeig er hægt að útbúa á margvíslegan hátt.*

Næstu föstudaga verða birtar hér uppskriftir af uppáhaldspitsu hinna ýmsu matgæðinga. Ýmsar útgáfur munu líta dagsins ljós og hugmyndaflugið fær að njóta sín. Pitsurnar eiga það sameiginlegt að vera gerðar úr Wewalka-pitsudeigi.

María Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Góðgætis og félagsráðgjafi, reið á vaðið í síðustu viku og skoraði á Steingrím Sigurgeirsson, matgæðing og ritstjóra www.vinotek.is, að gefa lesendum uppskrift að uppáhaldspitsunni sinni sem kemur hér.

## KLASSÍSK ÍTÖLSK NAPÓLÍ PITSA

**ALLA NAPOLETANA CON RUCOLA E PROSCIUTTO**

1 Wewalka speltbotn
1 bréf ítölsk skinka (prosciutto)
mozzarellakúla
tómatsósa (passata)
tómatar, niðursneiddir
klettasalat
nýrifinn parmesanostur
ferskt basil
þurrkað óreganó
topp ólífuolía

Þekið botninn með þunnu lagi af tómatasósunni og kryddið með óreganó. Rífið niður mozzarellakúluna og dreifið yfir. Setjið í ofninn.

Þegar pitsan er fullbökuð er hún tekin út, þakin með skinkusneiðum, á hana bætt ríkulega af klettasalati og síðan tómatasneiðum. Rífið parmesan-ost yfir með grófu rifjárni, klippið niður nokkur basilblöð og hellið loks smávegis af bestu ólífuolíunni ykkar yfir.




**Ég skora á Halldóru Traustadóttur, forstöðumann á viðskiptabankasviði Íslandsbanka, að deila með lesendum uppáhaldspitsunni í næstu viku.**

## ÖÐRUVÍSI LAX

**LAX Í KARRÍI MEÐ GRÆNMETI**

**4 laxabitar, beinlausir**
**4 dl kókosmjólk**
**2 msk. rautt karrímauk (curry paste)**
**1 msk. fiskikraftur**
**Ferskt kóríander, smátt saxað**
**100 g sykurbaunir**
**2 rauðar paprikur**
**100 g sveppir**
**2 gulrætur**
**1 msk. ólífuolía**
**1 tsk. sesamolía**
**Ferskt kóríander**
**Salt og nýmalaður pipar**

**Stillið ofninn á 200°C. Leggið laxabitana í eldfast form.**

**Hrærið saman kókosmjólk, karrímauki og fiskikrafti. Hellið blöndunni yfir fiskinn og bakið hann í um það bil 20 mínútur. Skreytið með fersku kóríander. Skerið papriku í strimla, sneiðið sveppi og gulrætur. Hitið ólífuolíu á wok-pönnu og steikið grænmetið þar til það verður mjúkt. Bætið þá við sesamolíu, fersku kóríander og bragðbætið með salti og pipar.**

**Réttinum má breyta með því að nota fleiri eða aðrar grænmetistegundir.**



**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

30. MARS 2012

# Lífið

FITNESS-DROTTNING MEÐ STÓRA FJÖLSKYLDU

FRAMAKONUR Á FLUGI

SIRRÝ BEINT Á TOPPINN



# HEFÐI EKKI ÞURFT AÐ STRÖGGLA SVONA MIKIÐ

## VALA MATT UM ÁSTRÍÐUNA FYRIR FJÖLMIÐLUM, FERILINN OG NÝ VERKEFNI SEM EIGA HUG HENNAR ALLAN

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Veitingastaðurinn 101 Hótel var þéttsetinn á laugardagskvöldið. Þar var útvarpsstjarnan **Sigurður Hlöðversson** og eiginkona hans, Þorbjörg Sigurðardóttir, Þuríður Hildur Halldórsdóttir hárgreiðslumeistari, Sigurður Kristjánsson flugþjónn, **Íris Björg Tanya Jónsdóttir** athafnakona og **Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson** lögfræðingur. Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi og Kolfinna Kristófersdóttir fyrirsæta mættu ásamt fjölda manns alls staðar að úr heiminum á Hönnunarsýninguna á vegum 66°norður sem haldin var í bláa lóninu síðustu helgi.









Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

FORSÍÐUMYND
Hár: Steinunn hjá Karli Berndsen
Hálsklútur: Steinunn Sigurðardóttir

# FRAMAKONUR Á FLUGI

**Það virðist vera sem sjarminn af flugfreyjustarfinu sé hvergi nærri horfinn því yfir þúsund manns sóttu um starf hjá flugfélaginu WOW air. Lífið tók fjórar konur tali sem allar eiga það sameiginlegt að sinna öðru starfi meðfram fluginu.**



MARÍA VALDIMARSDÓTTIR, 35 ÁRA

**Menntun/bakgrunnur:** Markaðshagfræði frá Århus Business College og snyrtifræðingur.
**Fyrri störf:** Ég rek litla heildsölu með snyrtivörur. Þar fara fremst í flokki snyrtivörumerkin frá danska kremkónginum Ole Henriksen og Youngbloodförðunarvörurnar sem unnar eru úr náttúrulegum steinefnum.
**Af hverju sóttirðu um flugfreyjustarfið?** Með flugfreyjustarfinu get ég í raun sameinað áhugamálin: vinnuna og að vera í kringum skemmtilegt fólk. Kannski kitlar það mann eftir að hafa búið erlendis að fljúga annað slagið frá eyjunni okkar góðu og viðhalda þeim tungumálum sem ég hef lært á lífsleiðinni.
**Lífsmottó:** Held að ég vitni í Guðna Gunnars í Ropeyoga: Allt sem þú veitir athygli vex og dafnar.



HARPA GUÐJÓNSDÓTTIR, 36 ÁRA

**Menntun/bakgrunnur:** Ég er grunnskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands auk þess sem ég hef lokið prófi í ferðamálafræðum.
**Fyrri störf:** Í dag hanna ég skartgripi undir nafninu HARPA design og sel í verslunum Leonard, Gjöfum jarðar og á souk.is en fljótlega kemur frá mér ný og fersk lína fyrir sumarið í björtum og fögrum litum.
**Af hverju sóttirðu um flugfreyjustarfið?** Ég hafði um nokkurn tíma velt fyrir mér hvaða starf ég gæti hugsað mér samhliða skartgripahönnuninni. Flugfreyjustarfið lenti þar alltaf ofarlega á blaði. Best er að lýsa þessu þannig að þegar maður hefur prófað flugfreyjustarfið einu sinni þá er líkt og maður fái vírus í blóðið og úr verði skæð flugbaktería sem kveikir algjörlega í manni.
**Lífsmottó:** Ekki líta til baka – lífið er núna!



ANNA MARGRÉT STEINGRÍMSDÓTTIR, 21 ÁRS

**Menntun/bakgrunnur:** Útskrifaðist úr MR 2011, tók mér hálfsárs frí og fór m.a. til Madrid í fimm vikna spænskunám. Stunda núna nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.
**Fyrri störf:** Ég var svo heppin að komast undir væng Múlakaffis-fjölskyldunnar þegar ég var 15 ára og hef ég unnið hin ýmsu störf fyrir hana, nú seinast sem þjónn á Nauthóli.
**Af hverju sóttirðu um flugfreyjustarfið?** Það lá nú bara beint við í framhaldi af fyrri störfum og útskrift af nýmálabraut II eða hinni víðfrægu „flugfreyjubraut“. Ég er einnig svolítið alin upp við flug en pabbi minn er flugstjóri og við eigum flugvélar. Það er meira að segja verið að smíða flugvél á heimilinu og já, ég get alveg sagt að það sé mikið talað um flug í kringum mig.
**Lífsmottó:** Lifa lífinu lifandi og brosa framan í heiminn.



MARGRÉT BJÖRNSDÓTTIR, 20 ÁRA.

**Menntun/bakgrunnur:** Dúxaði næstum því Versló í fyrra og svo vann ég náttúrulega Íslandsmeistaratitilinn í break-dansi 2003. En titillinn hefur verið drifkraftur lífs míns og gerði mig að konunni sem ég er í dag.
**Fyrri störf:** Afgreiðsludama í fallegustu vintage-búð landsins, Rokki & rósum, og vaktstjóri á 101 Hóteli.
**Af hverju sóttirðu um flugfreyjustarfið?** Systir mín er flugfreyja og hún hættir ekki að tala um hvað það er mikil snilld og svo sá ég auglýsingu frá þessu nýja og spennandi fyrirtæki og ég hugsaði með mér að auðvitað ætti ég að slá til og sækja um.
**Lífsmottó:** Koma vel fram við aðra og njóta þess að vera til því það er svo meiri háttar gaman!


Mind Xtra
fyrir konur eins og þig
OPNUNARTILBOÐ
Leggings 1990 kr.
Bómullar-blúndubolir 1990 kr.
Full búð
af nýjum vörum og frábærum tilboðum
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is


BYLGJAN 989 25 ÁRA
Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# SIRRÝ BEINT Á TOPPINN

**Fjölmiðlakonan Sirrý Arnardóttir fagnaði útkomu bókarinnar Laðaðu til þín það góða í vikunni.**

„Ég elska að lesa alls konar bækur eins og sagnfræði og krimma og ég nærist á að hafa hvetjandi bækur á náttborðinu mínu. Ég les sjálfshjálparbækur til að endurskoða mig,“ segir Sirrý spurð hvaða bækur hún kýs að lesa en bókin hennar, Laðaðu til þín það góða, fór beinustu leið í 1. sæti á metsölulista Eymundsson í flokki fræðibóka.

„Ég finn það á námskeiðunum sem ég hef haldið undanfarin tíu ár fyrir mjög ólíka hópa, hvort sem ég hef verið með námskeið fyrir trésmiði, bankastarfsmenn, hjúkrunarfræðinga, kennara eða fólk í atvinnuleit, að þetta efni virkar til að laða til sín það góða og er hvetjandi til að fá það mesta út úr lífinu. Þetta er bók fyrir alla sem vilja vítamínsprautu fyrir sálina. Ég gríp bókina þegar mig vantar kraft og uppörvun og þarf að hlúa að mér,“ segir hún.



Fjöldi manns fagnaði með Sirrý í Eymundsson Austurstræti.



Hér er höfundurinn ásamt Huldu Gunnarsdóttur.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sýningar í maí eru komnar í sölu.
Sýningum lýkur í vor.
Les Misérables
FIMM STJÖRNU STÓRSÝNING!
SGV / Morgunblaðið
JBG / Fréttatíminn
JVJ / DV
Leikarar: Þór Breiðfjörð, Egill Ólafsson, Valgerður Guðnadóttir, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Margrét Vilhjálmsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Atli Þór Albertsson, Baldur Trausti Hreinsson, Bjarni Snæbjörnsson, Edda Arnljótsdóttir, Eggert Þorleifsson, Friðrik Friðriksson, Heiða Ólafsdóttir, Hilmir Jensson, Jana María Guðmundsdóttir, Margrét Eir Hjartardóttir, Orri Huginn Ágústsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Hrefna Karen Pétursdóttir, Halldóra Elín Einarsdóttir, Ari Páll Karlsson, Valgeir Hrafn Skagfjörð, Elva María Birgisdóttir, Agla Bríet Gísladóttir.
Leikstjórn: Selma Björnsdóttir.
Sýningarréttur: Josef Weinberger Ltd. fyrir hönd Music Theatre International og CAMERON MACKINTOSH LTD.
Tryggðu þér sæti!
Miðasala: 551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## HEIMILISHORNIÐ



### TANNKREM Á VEGGINA

Það má finna ýmis önnur notagildi í tannkremi en að hreinsa tennurnar með því. Ef til stendur að pússa silfrið prófaðu þá að nuddaðu það upp úr tannkremi og skolaðu svo með köldu vatni. Einnig má nota það til að þrífa pennastrik og liti á veggjum eftir litla putta.




## ATHAFNAKONAN

# FÆR INNBLÁSTUR FRÁ DÓTTURINNI



**HVER ER KONAN?** Andrea Magnúsdóttir.

**STARF?** Fatahönnuður & eigandi Andrea boutique.

**BAKGRUNNUR/MENNTUN?** Stúdentspróf úr FG, förðunarfræðingur og fatahönnuður frá Margrethe-skolen í Kaupmannahöfn.

**LÁ ÞAÐ ALLTAF FYRIR AÐ FARA ÞESSA LEIÐINA Í LÍFINU?** Já, ætli það ekki, einu sinni þegar ég var í framhaldsskóla ætlaði ég að fara í sálfræði eða viðskiptafræði en svo fékk ég overlock-vél í útskriftargjöf og þá varð ekki aftur snúið.

**HVERNIG GENGUR AÐ VERA FATAHÖNNUÐUR OG REKA VERSLUN Á SAMA TÍMA?** Það er í nógu að snúast og okkur leiðist aldrei.

**HVAÐA STRAUMA MUNUM VIÐ SJÁ Í SUMAR?** Í sumar sjáum við fullt af litum, falleg munstur og skósíða kjóla.

**ÁTTU ÞÉR DRAUMAVERKEFNI?** Já, ég á mér alltaf drauma og draumaverkefni. Ég er einmitt að byrja að vinna að einum þeirra núna og stefni á og vona að hann rætist árið 2013.

**HVERNIG GENGUR AÐ SAMTVINNA FERILINN OG MÓÐURHLUTVERKIÐ?** Það gengur rosalega vel. Við vinnum mikið saman ég og maðurinn minn og reynum að leyfa börnunum að taka sem mestan þátt í vinnunni okkar. Sonur okkar, sem er 13 ára, fór til að mynda með okkur í síðustu vinnuferð til útlanda sem var frábært. Ég held að það sé bara holt fyrir börn að sjá hvað foreldrarnir eru að gera og um að gera að leyfa þeim að vera þátttakendur í því eins og hægt er. Svo sit ég oft og teikna með dóttur minni sem er 6 ára, hún er oft með æðislegar hugmyndir að rosalegum kjólum, litavalið hennar er innblástur fyrir mig.

**HVAÐ GERIRÐU ÞEGAR ÞÚ ERT EKKI AÐ VINNA?** Þá nýt ég þess að vera með fjölskyldunni. Ég kann sem betur fer að stimpla mig út, fara í frí og njóta þess að vera með fólkinu mínu.

**HVERT ER ÞITT MOTTÓ Í LÍFINU?** Draumar eru til að láta þá rætast og það er allt hægt.

## HAMINGJUHORNIÐ

# FERÐAST UM ALHEIMINN Á NÓTTUNNI

### ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON RITHÖFUNDUR



**HVAÐ GERIR ÞÚ TIL AÐ TÆMA HUGANN EFTIR ERFIÐA VINNUVIKU?** Hjá mér er engin erfið vinnuvika. Ég er aldrei í vinnunni af því ég er að sinna áhugamálinu, að halda fyrirlestra og skrifa. En hugurinn tæmist hjá mér við margvíslegar aðstæður. Í ræktinni, við bóklestur, í göngutúr í rigningu og þögn.

**HVERNIG HLEÐUR ÞÚ BATTERÍIN?** Ég hleð batteríin við það að taka á því í ræktinni og sömuleiðis á nóttunni. Þar sem ég er geimvera þá ferðast ég um alheiminn á meðan ég sef. Dásamlegt.

**HUGLEIÐIR ÞÚ EÐA NOTAR ÞÚ AÐRAR AÐFERÐIR TIL AÐ RÆKTA HUGANN?** Ég hef ekki enn átt fasta tíma í hugleiðslu daglega en það að halda fyrirlestra er hugleiðsla. Og það að gefa af sér – sá fræjum er hugleiðsla.

**VILTU DEILA MEÐ OKKUR UPPÁHALDS-HAMINGJUMOLANUM ÞÍNUM?** Hver er sinnar gæfu smiður – og stefndu alltaf á sólina, þú gætir krækt í stjörnu.

**HVERNIG RÆKTAR ÞÚ HJÓNABANDIÐ?** Ég á margt eftir ólært þar. Engin leikrit í gangi en það er kúnst að kunna að sleppa og treysta og losa um bandið í hjónabandinu.



Beiersdorf
NIVEA
100 ÁRA
HÚÐUMÖNNUN
ALLA ÆVI
NÝ NIVEA Q10 -FORMÚLA
MEIRI ÁHRIF, MINNI HRUKKUR
NIVEA Q10 Anti-Wrinkle Moisturizer dagkremið sem inniheldur náttúrulegt Q10 húðarinnar er nú með nýrri og betri formúlu. Enn meiri virkni í baráttunni gegn hrukkum og 30% meira af rakagefandi innihaldsefnum.
IMPROVED FORMULA:
BETTER WRINKLE
REDUCTION,
MORE MOISTURIZER
NIVEA
VISAGE
Q10 plus
ANTI-WRINKLE
MOISTURIZER DAY
SPF 15
Reduces wrinkles visibly
Helps to prevent new wrinkles
NIVEA
VISAGE
Q10 plus
ANTI-WRINKLE
MOISTURIZER DAY
SPF 15

MAC KYNNIR:

SHEEN SUPREME
Nærir og gefur fallegan gljáa

ZOOM WATERFAST LASH
Léttur og vatnsheldur, lengir og sveigir






## SAGAN Á BAK VIÐ GRÆNA PENNANN

Þegar ég byrjaði í beinum útsendingum með Helga Péturssyni og Páli Magnússyni í frétta- og dægurmálaþættinum 1919 á Stöð 2 var ég yfirleitt með svona penna við hendina því þetta voru útsendingar þar sem ýmislegt óvænt gat komið upp á og þá þurfti blað og penna. Þessi þáttur gekk rosalega vel og við fengum gífurlegt áhorf og jákvæð viðbrögð víðast hvar. Eftir það datt ég eiginlega í þá hjátrúna að ef ég væri með svona penna gengi allt vel. Og það má segja að það sé eiginlega alveg málið. Mér finnst hann færa mér lukku og velgengni. En þetta er auðvitað bara huglægt. En svínvirkar.

Svo sagði mamma mér frá því fyrir nokkrum árum að pabbi, sem var skólastjóri, hefði verið mjög sérvitur og aldrei notað aðra tegund af pennum. Ég áttaði mig ekki á því að ég hafði tekið þennan sið upp eftir honum, en þykir rosalega vænt um það af því penninn minnir mig á pabba, sem lést fyrir mörgum árum og ég sakna svo oft. Pabbi var svo ofboðslega skapgóður og hlýr og yndislega mikill húmoristi. Penninn tengir mig við hann og er lukkugripur sem ég vil helst ekki vera án, svo finnst mér gott að skrifa með honum, sem er ekki verra.

lavera
VOTTAÐAR LÍFRÆNAR HÚÐVÖRUR

KYNNING

LYFJU LÁGMÚLA
föstudag 30. mars kl. 12–16

LYFJU SMÁRALIND
laugardag 31. mars kl. 13–16

20% Kynningarafsláttur




lavera HOLLT FYRIR HÚÐINA





# HEFÐI EKKI ÞURFT AÐ STRÖGGLA SVONA MIKIÐ

**Vala Matt gerir allt sem hún tekur sér fyrir hendur af ástríðu. Hún sagði Lífinu frá þeirri nýjustu, hápunktum ferilsins og galdrinum á bak við unglegt útlit sitt.**

VALGERÐUR MATTHÍASDÓTTIR
**Starf?** Arkitekt og fjölmiðlakona
**Menntun?** Masterspróf MA í húsaarkitektúr, FAÍ
**Áhugamál?** Fjölmiðlun, arkitektúr, hönnun og sælkeramatur
**Hvar ertu alin upp?** Í Reykjavík
**Dekur?** Ferðalög þar sem ég bý á skemmtilegu hóteli og præði góða veitingastaði, gott nudd í heilsulind og æðislegu Lancôme-kremin mín.

**Eins og þekkt er orðið áttu langan og farsælan feril í fjölmiðlaheiminum. Ertu sátt í dag við örlögin og þann stað sem þú ert á í dag?** Ég útskrifaðist eftir sex ára nám í arkitektúr frá Arkitektaskóla Listaháskólans í Kaupmannahöfn. Hafði áður en ég fór í arkitektúrinn ætlað að vinna við leiklist, leikstjórn eða leikmyndahönnun.

Sjónvarpsvinnan og fjölmiðlavinnan í heild sinni hefur svo sameinað öll mín áhugamál. Ég er nákvæmlega þar sem ég á að vera og á þeim stað sem ég stefndi að. Eina sem ég hefði kannski breytt aðeins, þó ég hafi alltaf haft það sem lífsmottó að sjá aldrei eftir neinu, þá hefði ég kannski ekki átt að klúðra tilboðum sem ég fékk um eignarhlut í Stöð 2 og forkaupsrétt á hlut í Skjá einum. Hefði átt að sinna því betur. En ég hef aldrei verið peningamanneskja. Áhuginn var bara ekki nógu mikill. En fyrr má nú rota en dauðrota, eins og sagt er. Þá hefði ég kannski ekki þurft að ströggla jafn mikið undanfarin ár. En það er önnur saga. Segi hana kannski seinna. Ég er mjög sátt þar sem ég er í dag. Enda algjörlega mitt val og ég er mjög hamingjusöm yfir að vera alltaf að vinna við verkefni sem ég hlakka til að takast á við á hverjum degi. Það eru forréttindi.

**Hvaða augnablik standa upp úr á ferlinum?** Þau eru orðin þónokkur en það sem má til dæmis nefna þegar við fórum í loftið í fyrsta skiptið á Stöð 2 og ollum þannig fjölmiðlabyltingu á Íslandi og svo einnig þegar við Andri Freyr á Rás tvö tókum viðtal við Þóri Guðmundsson hjá Rauða krossinum og hjálpuðum til við að safna mörg hundruð þúsundum króna til hjálpar börnum í neyð og björguðum þannig barnslífum. Í raun fátt sem getur toppað það síðarnefnda. Það er svo magnað þegar fjölmiðlar eru notaðir til góðs.

**Hefurðu upplifað að það sé erfitt að vera kona í fjölmiðlaheiminum?** Ég held að það sé mjög misjafnt eftir fjölmiðlum og jafnvel deildum innan þeirra. Án efa finna einhverjar konur fyrir því. Ég hef verið heppin að því leyti að mín innkoma í fjölmiðlaheiminn var nokkuð sérstök, þar sem ég var með alveg frá byrjun við stofnun tveggja fjölmiðla. Stofnendur Stöðvar 2, Jón Óttar og Hans Kristján, voru til dæmis og eru miklir jafnréttissinnar og ég naut góðs af því. Þess vegna upplifði ég þónokkuð jafnræði þar alveg frá byrjun. En við eigum auðvitað enn eftir að ná meira jafnrétti í fjölmiðlunum á ýmsum sviðum eins og á svo mörgum öðrum vinnustöðum. Ég held að eitt af því mikilvægasta sé launajafnrétti.

**Þú ert búin að vera að vinna að spennandi verkefni undanfarið, viltu segja okkur aðeins frá því?** Já, ég var orðin alveg hundleið á því að ferðast um landið og vita ekkert um alla þá frábæru veitingastaði um allt land sem bjóða upp á dýrindis, ferskan og himneskt góðan sælkeramat. Hvergi er að finna samantekt um þessa staði og upplýsingar um þá.

Þegar ég keyri um landið nenni ég ekki að fara einungis í endalausar vegasjoppur og bensínstöðvar bara af því að ég veit ekki um matinn sem alls staðar er að finna á fjölda veitingastaða í öllum landshlutum.

Undanfarið ár hef ég því verið að undirbúa og vinna að mjög stóru og ofboðslega spennandi verkefni þar sem ég er að kortleggja Sælkeralandið Ísland. Þetta er eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef unnið á mínum fjölmiðlaferli. Þetta er sannkallað fjölmiðladæmi og ég nota alla miðla. Hér er ég líka komin í útgáfustarfsemi sem er nýtt fyrir mér, því ég er að klára flottan bækling sem er í raun lítil bók með sælkerakorti. Svo er ég með sérstakar heimasíður og kvikmyndaefni, sem er eins og ég hef áður talað um, í raun útsending á stærstu sjónvarpsstöð í heimi, Internetinu. Verkefnið mun bjóða upp á nýjustu tækni svo sem QR-kóða, sérstakt App og fleira í þeim dúr en bæklingurinn eða litla bókin með kortinu er notuð jafnhliða bæði fyrir þá sem ekki eru enn með snjallsíma á ferðalögum og eins er mjög þægilegt að hafa heildaryfirsýn yfir staðina í hendinni og í bílnum.

Þetta er gríðarlega skemmtilegt. Svona heildarupplýsingar hafa ekki verið til. Allir staðirnir eru sérvaldir þannig að þú getur gengið að því vísu að þeir bjóði upp á ferskan fisk, eða dýrindis lambakjöt, eða ferskt grænmeti og dásamlega eftirrétti. Þegar ég ferðast skiptir mig miklu máli að geta borðað gómsætan sælkeramat. Bæði í Reykjavík og úti á landi hef ég upplifað mat sem er alveg á heimsmælikvarða, jafn góðan og á flottustu veitingastöðum erlendis. Við eigum svo mikið af góðum kokkum að það er lyginni líkast. Og að miðla þessu á lifandi og skemmtilegan máta er aðalatriðið. Ef ég upplifi eitthvað áhugavert er ég yfirleitt viðþolslaus þangað til ég get miðlað því til sem flestra.

**Er Sælkerakortið hugsað fyrir erlenda ferðamenn eða munu Íslendingar njóta góðs af?** Þetta er bæði fyrir erlenda ferðamenn en ekki síður okkur sem hér búum.

Þessar upplýsingar hefur bráðvantað, bæði þegar við Íslendingar og einnig útlendingar ferðast um landið. Aðalheimasíðan er „http://www.icelandlocalfoodguide.is“ www.icelandlocalfoodguide.is og svo eru Youtube-síður, Facebook-síður og allt sem þarf. Maríanna Friðjónsdóttir fjölmiðlasnillingur setti upp fyrir mig ensku heimasíðurnar og nú eru íslensku síðurnar í vinnslu

og verða fljótlega tilbúnar. Og allt verður klárt fyrir sumarið.

Þannig að þegar þú ferð næst í ferð um landið þarftu ekki bara að sjá sjoppufæðið. Þú getur náð í bæklinginn með kortinu yfir alla sælkerastaðina á Íslandi, en honum verður dreift í Reykjavík og um allt land og svo geturðu einnig skoðað lifandi kvikmyndaefni á netinu, bæði í tölvunni, spjaldtölvunni og snjallsímanum. Svo er þar einnig að finna æðislegar og oft óvenjulegar uppskriftir. Þetta er alveg geggjað.

Á einum veitingastaðnum á Vestfjörðum upplifði ég ævintýri þar sem ég fékk einn besta mat sem ég hef borðað á ævinni. Glænýr fiskurinn, lambið beint af fjallinu og jurtir og kryddplöntur tíndar í fjallshlíðinni, með þvílíkum sósum að ég bað um að fá að sleikja diskinn, sem vakti nokkra kátínu í eldhúsinu. Það er fátt betra. Svo verða einnig frábærar uppskriftir, bæði í litlu bókinni og einnig kvikmyndaðar á heimasíðunum.

Ein fiskuppskriftin hljóðar til dæmis svona: Skerðu glænýjan skötusel í um 2 cm þykka og 10 cm langa strimla. Vefðu einni sneið af beikoni utan um hvern strimil. Steiktu þá í smá olíu í um 2 mínútur á hvorri hlið og helltu síðan rjóma yfir.

Ekkert krydd, bara beikonið. Með glænýjum kartöflum er þetta ótrúlega fljótlegt og lygilega gott. Þetta er eitt af því besta sem ég hef smakkað.

**Hver eru helstu mistök Íslendinga þegar þeir fara í ferðalag um landið?** Ég held að helstu mistökin liggi hreinlega í því að við ferðumst ekki nógu mikið um Ísland. Ég verð að viðurkenna að þar var ég áður fyrr engin undantekning. En ég hef verið að breyta því og hvílík dýrð sem þessi einstaka náttúra er sem við eigum og hvílíkir veitingastaðir um allt land. Það er fátt betra.

**Áttu þér uppáhaldsstað á landinu?** Kjósin, þaðan á ég dásamlegar æskuminningar frá dýrindis sumrum með fjölskyldunni og þar á ég ættingja úr föðurættinni svo taugarnar liggja alltaf þangað. Þykir óhemju vænt um Kjósina.

**Úr náttúrunni í umhverfisátakið, Grænn apríl sem þú leggur nú lið annað árið í röð.** Umhverfisátakið Grænn apríl er alveg einstakt. Guðrún Bergmann og Maríanna Friðjónsdóttir fengu mig til liðs við sig og ég er svo heppin að hafa fengið að vinna með þeim að þessu jákvæða átaki. Ástandið í umhverfismálum í heiminum er orðið skuggalegt og við erum allt of sofandi gagnvart þróun mála á því sviði. Þetta er annað árið sem umhverfisátakinu er hrint af stað í apríl. Skoðað er meðal annars hverjir eru að gera jákvæða og umhverfisvæna hluti, bæði fyrirtæki og einstaklingar. Og einnig hvað má betur fara. Við sem neytendur höfum gífurlega mikið vald með innkaupum okkar, til dæmis fyrir heimilið.

Það er í raun í okkar höndum að velja að versla frekar græna og umhverfisvæna vöru frekar en vörur skaðlegar náttúrunni. Við höfum fengið velflesta fjölmiðla til liðs við okkur, bæði sjónvarpsstöðvarnar, útvarpsstöðvarnar og blöðin til þess að sem flestir geti tekið þátt og lagt sitt af mörkum. Margt smátt gerir eitt stórt og ótrúlegt hverju hægt er að áorka í krafti fjöldans. Guðrún og Maríanna eiga skilið að fá fálkaorðuna fyrir frumkvöðlastarf á þessu sviði.

**Hvað getur almenningur gert til að leggja sitt af mörkum?**

1) Breyta bílnum í metanbíl. Það er minn stærsti draumur og á dagskrá hjá mér. Ekki bara umhverfisvænt heldur sparar fleiri tugi þúsunda á ári í rekstrarkostnaði. Ekki veitir nú af.

2) Flokka ruslið á heimilinu. Það þarf ekki að vera flókið. Hér í fjölbýlishúsinu mínu erum við búin að safna 700.000 krónum á tveimur árum, bara með því að flokka og skila flöskum og dósum sem við fengum greitt fyrir.

3) Við eigum að neita að taka við öllum óþarfa umbúðunum sem settar eru utan um vörurnar þegar við verslum, það er fáránlegt magn og ónauðsynlegt.

**Ásamt því að hugsa vel um náttúruna þá ertu þekkt fyrir jákvætt viðmót og unglegt útlit. Hver er galdurinn?** Lífrænn matur eins oft og hægt er og reyna alltaf að finna tækifærin til þess að hlæja og vera glaður. Náttúrulega morfínið endorfín, sem líkaminn framleiðir við hlátur, er sannkallað yngingarmeðal. Ekki alltaf auðvelt, en nauðsynlegt að reyna sem oftast að finna gleðina. Lífið er svo stutt.

**Eitthvað að lokum?** Ég segi eins og Megas „Ef þú smælar framan í heiminn, þá smælar heimurinn framan í þig“ og svo finnst mér gott að segja alltaf reglulega við sjálfa mig: Aldrei, aldrei, aldrei að gefast upp!

## LÍFSSTÍLLINN

**Hreyfingin?** Allt of lítil. Er búin að vera dálítið á leiðinni í ræktina.

**Veitingastaðurinn?** Of margir góðir til þess að gera upp á milli, bæði hér í Reykjavík og á landsbyggðinni. Get þó nefnt að einn af mínum uppáhaldsstöðum í útlöndum er Le George, veitingastaður í París, uppi á þakinu á Centre Pompidou-safninu.

**Heimasíðan?** http://www.icelandlocalfoodguide.is, www.icelandlocalfoodguide.is og http://www.graennapril.is, www.graennapril.is og Google og Youtube

**Tímaritið?** Vanity Fair.


rouge COCO



CHANEL

IN LOVE WITH LIPSTICK

www.chanel.com

ROUGE COCO og ROUGE COCO SHINE litirnir eru tákn um glæsilegan og frjálslegan stíl.
Náttúrulegir og lifandi litir sem draga fram tilfinningar og gefa brosinu birtu.

Sérfræðingar CHANEL verða í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlunni
29. mars – 4. apríl og veita þér faglega ráðgjöf.
20% afsláttur verður af varalitum og glossum ásamt glæsilegum kaupaukum frá CHANEL*

*Á meðan birgðir endast

Nýju sumarblöðin komin







Frábær páskatilboð í garndeild







FÖNDRA
www.fondra.is

Dalvegi 18, Kóp.
Sími 568 6500
www.fondra.is

Opið 10-18 virka daga,
Laugardaga opið frá 11-16



AUGLÝSING: DOROTHY PERKINS KYNNIR



Kjóll kr. 5.995

DOROTHY PERKINS SMÁRALIND



Buxur kr. 7.495

DOROTHY PERKINS SMÁRALIND



Bolur kr. 5.995

DOROTHY PERKINS SMÁRALIND


# PRÚÐBÚNIR FRUMSÝNINGARGESTIR

**Leikritið Hótel Volkswagen eftir Jón Gnarr, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar, var frumsýnt um síðustu helgi á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu.**



Matthea Lára Petersen og Katrín Hall.



Rebekka Sigurðardóttir, Stefán Jónsson, Benedikt Erlingsson, Charlotte Böving, Haraldur Ari Stefánsson og Kristjana Sæunn Ólafsdóttir.

MYNDIR/KOLBRÚN & ELLÝ



Dagur B. Eggertsson og Arna Dögg Einarsdóttir.



Hjónin Jóhanna Jóhannsdóttir (Jóka) og Jón Gnarr borgarstjóri, Guðlaug Ingibergsdóttir, tengdamóðir Jóns, og Hanna Gísladóttir.



Magnús Geir Þórðarson og Vigdís Finnbogadóttir.



Karítas H. Gunnarsdóttir og Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir.

Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid

AUGLÝSING: EVANS KYNNIR

# ÁHERSLA LÖGÐ Á SNIÐ OG LÖGUN

**Verslunin Evans í Kringlunni býður upp á stærðir frá 14 og upp í 32 eða frá 42 upp í 60 í evrópskum stærðum. Tölurnar segja þó ekki allt en hjá Evans er lögð aðaláhersla á snið og lögun.**

„Konur vilja falleg föt sem klæða þær. Ekki tískuföt sem búið er að stækka upp, heldur föt sem eru sérstaklega hönnuð fyrir stærri líkamsvöxt,“ segir Lovísa Halldórsdóttir, verslunarstjóri í Evans í Kringlunni. Verslunin selur föt í stærðum 14-32, 42-60 í evrópskum stærðum, en tölurnar segja ekki allt. Hjá Evans er nú lögð meiri áhersla á snið í stað þess að einblína eingöngu á númerin.

„Þegar konur koma hingað inn að versla er frekar hugsað um vaxtarlagið,“ segir Lovísa. „Sú stefna var tekin hjá fyrirtækinu að starfssérfræðingar Evans í Bretlandi gerð stóra könnun meðal viðskiptavina verslunarinnar. Talað var við 5.500 konur um allt Bretland. Af þeim fjögur þúsund konum sem rætt var beint við í verslununum voru 48 prósent með „epla-vöxt“, 28 prósent eins og „stundaglas“, 16 prósent voru „perulaga“ og 8 prósent þeirra voru “„barmmiklar“, eða eins og stundum er sagt, þríhyrningar. Héðan í frá munu öll föt Evans verða hönnuð með þetta í huga en þessi sömu hugtök hafa verið notuð lengi í tískuiðnaðinum. Með því að nota þau til að hjálpa konum að versla vildi Evans breyta sambandinu milli viðskiptavinarins og starfsfólksins í búðunum,“ segir Lovísa en allt starfsfólk Evans á Íslandi hefur fengið þjálfun í að greina vöxtinn og þjálfun í að vita hvað klæðir hvaða vaxtarlag best.

„Stærðir geta verið ruglingslegar. Sumar okkar eru miklar um sig að ofan en minni yfir mjaðmirnar eða öfugt. Ráðgjafarnir okkar í versluninni hjálpa konum að greina, versla og klæða sig í samræmi við vaxtarlagið. Við framkvæmum einnig mælingar hér í búðinni og hver viðskiptavinur sem kemur hingað inn getur fengið persónulega ráðgjöf. Við fáum nýjar vörur á tveggja vikna fresti og erum að taka upp föt sem hönnuð eru eftir þessum hugmyndum hjá Evans. Ég hvet konur til að koma til okkar og fá ráðgjöf og finna snið sem hentar þeirra vaxtarlagi.“

› Sjá nánar á visir.is/lifid




Lovísa Halldórsdóttir og annað starfsfólk Evans er sérþjálfað í að vita hvað klæðir mann best. MYND/GVA



**HELGA** er í fallegum toppi sem er með smá rykkingu í hálsmáli og á ermum, sem hentar vel fyrir peruvöxt.

**TOPPUR** 9.995,-
**ERMAR** 6.995,-
**SKÓR** 6.995,-

Elva Hín og Guðrún Birna frá MAC sáu um förðun

**HEIÐA** er í kjól sem er með V-hálsmáli og tekinn saman í mittinu og klæðir því stundaglasvöxtinn einkar vel.

**KJÓLL** 11.995,-
**LEGGINGS** 3.995,-
**SKÓR** 6.995,-

Elva Hín og Guðrún Birna frá MAC sáu um förðun

**NATALIE** er í dökkum einlitum toppi og hvítum wide-leg buxum sem henta „busty“-vexti rosalega vel.

**PEYSA** 9.495,-
**TOPPUR** 4.995,-
**BUXUR** 7.995,-
**SKÓR** 6.995,-

Förðun Natalie er eftir Elvu Hlín og Guðrúnu Birnu frá MAC

**JÓHANNA** er í bol með beinu sniði og opnum blazer-jakka sem býr til lóðrétt lag á líkamann og klæðir þær vel sem eru með eplavöxt.

**BOLUR** 9.995,-
**BLAZER** 11.995,-
**BUXUR** 8.995,-
**SKÓR** 12.995,-

Elva Hín og Guðrún Birna frá MAC sáu um förðun

**20% AFSLÁTTUR**
**AF NÆSTU KAUPUM Í EVANS GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS.**
GILDIR TIL 30. APRÍL, GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

HEILSUHEIMUR

# LÉT DRAUMINN RÆTAST EFTIR SJÁLFSSKOÐUN



Jóhanna Karlsdóttir fann mojoið í jóga.

„Það var þannig að ég var ekki fullkomlega sátt við það sem ég tókst á við en ég starfaði sem flugfreyja og síðan á verkfræðistofu í skrifstofuvinnu. Ég fór í sjálfskoðun því ég varð að finna mitt „mojo“. Mig langaði að finna það sem ég hef ástríðu fyrir og áhuga á en ég hef alltaf haft mikinn áhuga á heilsu og íþróttum og að vera í góðu formi því þá líður mér best. Ég fúnkera ekki ef ég sinni sjálfri mér ekki.

Ég rakst fyrir tilviljun á hotjóga-stöð og prófaði einn svona tíma og mér leið svo rosalega vel eftir æfingarnar og fannst gaman. Mér fannst hotjóga mjög áhugavert, fann auglýsingu fyrir kennsluréttindi og ákvað að læra og innleiða hotjóga á Íslandi. Ég fórnaði öllu, seldi íbúðina mína og komst þar af leiðandi út til Taílands í þrjá mánuði þar sem ég lærði hotjóga,“ segir Jóhanna sem kennir hotjóga í Sporthúsinu.






GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS



Freyja með eiginmanninum Haraldi Frey Guðmundssyni, fyrirliða Keflavíkurliðsins í fótbolta, og sonunum Jökli Mána, Aroni Frey og Emil Gauta. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

# FITNESSDROTTNING MEÐ FULLT HÚS AF BÖRNUM

## Freyja Sigurðardóttir keppir á Íslandsmótinu í Fitness 2012 á föstudaginn langa í Háskólabíói í fitnessflokki + 163 cm. Lífið forvitnaðist um undirbúninginn hjá henni.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir keppnina samhliða fjölskyldulífinu?** Undirbúningurinn er tíu vikna niðurskurður. Mér gekk erfiðlega að byrja að skera niður núna en um leið og ég komst í gírinn þá varð þetta gaman. Ég er með fullt hús af börnum eða þrjá prinsa sem eru átta, fjögurra og tveggja ára gamlir. Það er nóg að gera með þá. En í niðurskurði skiptir mataræðið öllu máli og svo æfi ég tvisvar á dag alla daga vikunnar og einu sinni á dag um helgar.

**Hvað borðar þú þegar þú skerð niður fyrir mót?** Haframjöl, prótein, ávexti, grænmeti, kjúkling, fisk, nautakjöt, eggjahvítur og vatn. Svona er dagurinn hjá mér og svo er veitingahúsið Nings alveg búið að redda mér. Ég næ mér alltaf í mat hjá þeim þegar ég er að þjálfa í Hreyfingu á þriðjudögum og fimmtudögum.

**Þessi niðurskurður hlýtur að taka á?** Já, þetta tekur á andlega og líkamlega en ég passa mig bara að fá nægan nætursvefn svo ég höndli þetta allt saman og svo á ég heimsins besta eiginmann sem styður mig 100% í öllu sem ég tek mér fyrir hendur. Þannig að mér líður mjög vel.

**Hvernig líður þér þegar þú stendur uppi á sviði klædd í bikiní?** Mér líður vel að standa uppi á sviði í bikiníi, þess vegna kem ég alltaf aftur og aftur. Ég er búin að vera að keppa síðan árið 1999 en ég tek það samt fram að ég er bara 30 ára gömul. Veistu, þetta er svo mikið adrenalín-kikk að mæta á sviðið og alltaf að reyna að komast í betra og betra form. Að keppa er bara eitthvað sem ég fæ ekki nóg af.



„Ég hóf minn fitness-feril á að keppa 1999 og vann þá keppni og hef verið að keppa síðan.“ MYND/JÓNAS HALLGRÍMSSON

Að taka þátt í fitness er gaman en líka rosalega dýrt sport. Ég finn mikið fyrir því þar sem ég er á sérfæði í langan tíma og þarf á sama tíma að elda venjulegan heimilismat fyrir strákana mína en ég er mjög heppin að hafa góða styrktaraðila á bak við mig eins og Nings sem fæðir mig, Sci Mix sem útvegar mér fæðubótarefni sem eru nauðsynleg, svo æfi ég í Hreyfingu og fæ hárlengingar hjá hárlengingar.is en hárið skiptir jú líka máli. Þá fæ ég prótíndrykkina hjá Hámarki og Adidas útvegar mér íþróttafatnaðinn.

**Ertu stressuð fyrir mótið í ár?** Stress. Úff, það er misjafnt. Yfirleitt tækla ég stress vel en ég á það til að verða svolítið pirruð í miklu stressi. Það er ekki gott að vera í kringum mig þá. En ég er svo ljúf og góð og skipulögð að það er ekki mikið um stress í kringum mig.




# SUM LEYNDARMÁL VICTORIU FINNAST AÐEINS Í FRÍHÖFNINNI

**Nýliðinn hlaupársdag opnaði í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli fyrsta sérverslun Victoria´s Secret á Íslandi og sú þriðja á flugvelli í Evrópu. Þar fást heimsfræg undirföt, vandfundnar tískutöskur, veski og skart, ásamt unaðslegri og draumkenndri dekurvöru fyrir dömur.**


Ásta Dís Óladóttir er framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar.

„Victoria´s Secret er eitt vinsælasta undirfatamerki veraldar og því hefur langþráður draumur íslenskra kvenna nú ræst með sérversluninni í Leifsstöð,“ segir Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, sem er sú þriðja sem opnar verslun sem þessa á flugvelli í Evrópu, hinar verslanirnar eru á flugstöð 5 á Heathrow-flugvelli og Schiphol-flugvelli í Hollandi.

„Margir óvæntir dýrgripir finnast eingöngu í verslun Victoria Secret hér. Þar má nefna töskur, ferðatöskur, seðlaveski, snyrtibuddur, iPad-hulstur, fartölvutöskur og margt fleira sem ekki býðst viðskiptavinum Victoria´s Secret í Bandaríkjunum. Því fá dömur á faraldsfæti eitthvað alveg einstakt hjá Victoria´s Secret hér,“ segir Ásta Dís.

Umræddir fylgihlutir eru hágæða tískuvara með flottum frágangi á fóðri og rennilásum; nokkuð sem hver kona getur gengið stolt með.

Gæðin skína alls staðar í gegn hjá Victoria´s Secret og það kitlar kvenlega vitund að skoða sig um í versluninni, því auk mikils úrvals nærbuxna, hlýrabola og stuttermabola má þar finna munúðarfullan ilm og krem, ásamt úrvali armbanda, lyklakippa og annars sem hentar vel fyrir allan aldur.

En hví eru brjóstahaldarar Victoria Secret ekki seldir á flugvellinum?

„Sala á brjóstahöldurum krefst meiri þjónustu og tíma en konur hafa þegar þær ferðast. Verslunin þyrfti einnig að vera minnst þrisvar sinnum stærri til að geta boðið upp á brjóstahaldaralínu Victoria´s Secret, með mátunaraðstöðu og fleiru. Því munu þeir ekki verða til sölu á flugvöllum,“ útskýrir Ásta Dís.

„Íslenskar konur hafa tekið búðinni afar vel og útlendingar eru mjög hrifnir af henni, enda vita þeir að þar eru vörur sem fást ekki á þeirra heimamarkaði,“ upplýsir Ásta Dís.

Í mánuði hverjum koma nýjar vörur í verslunina og skiptir hún nánast um útlit á hverri árstíð. Því er vel þess virði að leggja örlítið fyrr af stað í ferðalagið og koma við í Victoria´s Secret í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.





Litrík nærföt og bolir í úrvali og dásamlega fagurt skart.

Sjá nánar á visir.is/lifid



Fylgihlutir Victoriu eru draumur hverrar konu.

Töskur Victoriu vekja hvarvetna athygli fyrir glæsileik og gæði.

Skvísuleg hulstur undir vegabréf.

# SÉRHÖNNUÐU SKÓRNIR FYRIR ELETTRU KOMNIR Í FORSÖLU



Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hönnuður Gyðju Collection, sérhannaði skópar fyrir fyrirsætuna Elettru Rossellini Wiedemann, dóttur leikkonunnar Isabellu Rossellini eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni. Samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins hafa skórnir umtöluðu fengið nafnið THE MODEL og eru komnir í forsölu.

Það má því nálgast þá á www.gydja.is. Skórnir eru úr handgerðir úr leðri og íslensku laxaroði og eru hannaðir með stíl og glæsileika fyrirsætunnar í huga.



## HELGARMATURINN



**Ebba Guðný Guðmundsdóttir heilsukokkur, sem heldur úti vefsíðunni Pureebba.com ásamt því að halda námskeið um næringarríkan mat fyrir börn á öllum aldri sem og alla fjölskylduna, gefur Lífinu uppskrift að gómsætri hollri súpu sem tekur aðeins klukkustund að matreiða.**

2 dl lífrænt íslenskt bankabygg lagt í bleyti í a.m.k. 2 klst. áður með smá sítrónuskvettu (1 msk. um það bil)
Rúmlega 1 l vatn
2 vænar msk. lífrænn grænmetiskraftur (msg- og gerlaus)
1 tsk. sjávarsalt
1 msk. oregano
1 msk. timjan
1 stór laukur
5 hvítlauksrif
1 sellerístöngull eða 100 gr sellerírót
6-8 íslenskar gulrætur

1. Skolið byggið í sigti undir köldu vatni og skellið í pott með vatni, krafti, sjávarsalti, kryddi, lauk og hvítlauk.
2. Látið suðuna koma upp.
3. Þvoið og skerið sellerí eða sellerírót smátt niður og bætið út í.
4. Þvoið og flysjið ef þarf og skerið gulrætur smátt niður og bætið út í.
5. Leyfið súpunni að sjóða við lágan hita í um 45-60 mínútur.
6. Berið fram með rifnum parmesan-osti og steinselju eða öðrum ferskum kryddjurtum.

*Það má líka setja rifinn mozzarella í súpuna ef einhver vill ekki parmesan.
*Ef þið hafið ekki tíma til að leggja byggið í bleyti í 2 klukkustundir þá er gott að leggja það í bleyti í sítrónusafa í um 10-20 mínútur og skola svo vel í sigti undir köldu vatni.
*Ef þið viljið hafa súpuna þynnri bætið þið við vatni og krafti eftir smekk.

*Athugið: Súpan þarf að sjóða í um eina klukkustund.

Á LEIÐ TIL ÚTLANDA




GLERAUGNAVERSLUN Í FRÍHÖFN, LEIFSSTÖÐ

• Öll algengustu gleraugu útbúin á 15 mínútum
• Linsur: daglinsur og mánaðarlinsur • Sjónmælingar
• Sólgleraugu: Ray Ban, Oakley, Chanel, Prada og fl.

Ábyrgðar og þjónustuaðilar innanlands:
**Optical Studio Smáralind** og
**Optical Studio Hafnargötu/Keflavík**

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ



**NOTALEGT** Minjar um brugghúsið eru víða á staðnum og þægindi höfð í fyrirrúmi.







**ÍTÖLSK VEISLA** Á La Luna býðst ítalskur matur eins og hann gerist bestur að sögn Þorleifs.

MYND/ANTON

# ÍTÖLSK STEMNING Í GÖMLU BRUGGHÚSI

**LA LUNA KYNNIR** *Pitsur, pasta, gelato-ís og fleira sem tilheyrir ítalskri matargerð býðst á veitingastaðnum La Luna trattoria-pizzeria á Rauðarárstíg 37. Viðskiptavinir eiga þar kost á sælkeramat á sanngjörnu verði í notalegum húsakynnum.*

Ítölsk matargerð gengur út á einfaldleikann þar sem ferskt og gott hráefni fær að njóta sín til fullnustu. Ítölsk matargerð byggir enda á alþýðumat sprottnum upp úr nærumhverfi fólksins sem þróaði hana,“ lýsir Þorleifur Jónsson, stoltur eigandi veitingastaðarins La Luna trattoria-pizzeria við Rauðarárstíg 37. Hann segir staðinn bjóða upp ítalska matargerð eins og hún gerist best.

„Aðalsmerki La Luna eru pitsur í hæsta gæðaflokki. Við fórum saman í það, ég og Snorri Viktor Gylfason, yfirkokkur á staðnum, að búa til hina fullkomnu pitsu þegar við tókum við rekstrinum í mars á þessu ári. Í botninn notum við lítið af geri, smyrjum hann með sósu sem tekur næstum dag að gera og punkturinn yfir i-ið er svo mozzarella ostur og annað góðgæti. Útkomuna köllum við La Luna-pitsuna sem er létt í maga þar sem deigið fær að hefast fullkomlega og er ótrúlega ljúffeng á bragðið.“

Alls býður staðurinn upp á 21 tegund af pitsu og er þeim raðað niður í stafrófsröð, þó með einni undantekningu. „Ég setti q á undan p og r þar á eftir. Ástæðan er sú að ég er gallharður aðdáandi Queen Park Rangers og er þarna að skammstafa heiti liðsins,“ útskýrir Þorleifur brosandi og segir aðeins einn matargest hafa komið auga á þessa tilfærslu. Sá hafi líka verið aðdáandi.

Á matseðli eru einnig pasta, bruschetta sem er bakað daglega á staðnum og alls kyns eftirréttir, svo sem gelato-ís, tíramisú og fleira sem tilheyrir ítalskri matargerð. Þótt áherslan sé á ítalskan mat segir Þorleifur vissra íslenskra áhrifa gæta í matseldinni. „Sem dæmi bjóðum við sérstaka pitsu, eplapitsu, sem ég leyfi mér að fullyrða að er íslensk uppfinning,“ segir hann og hlær.

**ÓLÆKNANDI BAKTERÍA**

Húsnæðið var gert upp skömmu áður en La Luna opnaði og er staðurinn rekinn á tveimur hæðum þar sem gestum gefst kostur á að snæða í herbergjum eða opnum matsal. Elsta brugghús landsins var þar áður og hafa minjar um það fengið að halda sér að sögn Þorleifs. „Hér eru kútar, rör og peningaskápur frá tíma Ölgerðarinnar og koparvaskur þar sem humlarnir voru þvegnir,“ lýsir hann. „Við leyfðum þessari gamaldags stemningu að halda sér en hún er ein ástæða þess að ég fór hingað og sneri aftur í bransann eftir langt hlé.“

Spurður nánar út í það segist Þorleifur hafa tekið sér fimm ára frí frá veitingabransanum árið 2007. „Sama ár seldi ég Eldsmiðjuna sem ég hafði rekið við góðan orðstír frá árinu 1994. Á þessum þrettán árum kynnti ég til sögunnar margar skemmtilegar nýjungar sem aðrir hafa síðar haft að viðmiði í pitsugerð á Íslandi. Til dæmis fórum við að nota hnetur, kjúkling, rjómaost og fleira „óvenjulegt“ sem pitsuálegg sem er orðin viðtekin venja í dag,“ nefnir hann. „Í lokin var ég hins vegar orðinn dauðþreyttur á stritinu og sagði skilið við bransann. Ákvað að ferðast á mótorhjóli um heiminn og stofnaði fjölskyldu eftir heimkomu.“

En nú ertu farinn aftur af stað. „Ég bara get ekki haldið mig frá veitingahúsarekstrinum. Þetta er náttúrulega ólæknandi baktería,“ segir Þorleifur og hlær. „Svo réði húsnæðið úrslitum, eins og ég segi. Þegar ég gekk hérna inn varð ekki aftur snúið!“

Hann segir vel tekið á móti viðskiptavinum La Luna. Ekki nóg með að maturinn sé eldaður af vönum matreiðslumönnum og borinn fram í fallegum húsakynnum heldur sé verðinu stillt í hóf. „Þannig hafa fleiri færi á að njóta matsins sem er eins og best verður á kosið.“



**FAGMENN** Yfirkokkurinn Snorri Viktor Gylfason og eigandinn Þorleifur Jónsson hafa langa reynslu að baki úr veitingabransanum. Þeir taka vel á móti gestum La Luna. MYND/ANTON



Garðyrkjufræðingurinn
Trjáklippingar • Trjáfellingar
Almenn lóðaumsjón
Jóhann og Mímir garðyrkjufr.
S. 869 1600

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Skattframtöl 2012**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Tölvur

omn!s tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.
Sími: 565-2030
www.colas.is colas@colas.is
ISO 9001 vottun
K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.

Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR
Malbikun og malbiksviðgerðir S 551 4000 & 690 8000 www.verktak.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976 - 445 4237.




**Fermingartilboð**
15% afsláttur af öllum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is




Innréttingar og lager til sölu. Mikið að flottum innréttingum fyrir verslanir. Einngi góður fatalager til sölu. Skoðið á www.gulahusid.is og sendið fyrirspurnir á skrifstofa@gulahusid.is

**Frystiskápur til sölu**
IGNIS Frystiskápur til sölu Gamall en góður.20.000 kr s.6154349

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
849 0698
www.bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta

Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:8235669 eða 6930348




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# HEIMILIÐ

## Antík

Til sölu sófi og 2 stólar. Antik munstur. Upplýsingar í s. 553 1192

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 2 herb. íbúð í hfj. í 6 mán. Leiga 100 þ. á mán. Bankaábyrgð+2 mánuðir í tryggingu. 1 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 865 4015

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Fully furnished room with view to my beautiful oak tree, 101 Rvk, with access to kitchen, bathroom, washing machine, internet. Tel. +3546921681

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Íbúðareigandi í Hfj óskar eftir að leigja 3ja herb. íbúð í 101 í 1-2 ár jafnvel lengur. Reyklaus,reglusöm án gæludýra. Öruggar greiðslur. uppl. í s.6935016 eða hhibud@gmail.com

## Fasteignir

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta. Uppl. í s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu 21m2 bílskúr í 108 Reykjavík. Hiti,rafmagn,kalt vatn. Laus frá 1.apríl. Verð 32.000.Sími 693 9049

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir smiðum/launamönnum í klæðningarvinnu. Vissa/Kristján s. 821 9661.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir vaktstjóra í fullt starf og starfsfólk á vaktir.**

**Unnið er á 15 daga vöktum.**

**Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi.**
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

**Afgreiðslufólk óskast!**
**vantar í fullt starf og hlutastarf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfang á netfangið umsokn@kornid.is**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í uppvask og aðstoð í eldhús frá kl. 12-16.**
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 565 1810**

**The Laundromat Cafe**
**leitar að vönu starfsfólki í eldhús, full vinna eða hlutastarf. Frábær starfsandi og góðar tekjur i boði fyrir rétta aðila :)**
**Umsóknir sendist á yfirkokkinn okkar elskulega Þorkel Garðarsson í netfang : Laundromatcafe@gmail.com**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í úthringingar á kvöldin. Íslenskumælandi og eldri en 20 ára. Góðar tekjur fyrir réttan aðila. Ippl gefa Einar í 891-6091 og Svava 898-3023. svava@tmi.is

**Rodos**
Okkur á rodos vantar starfskraft í elhúsið unnið er á 2-2-3 vöktum nánari upp í síma 6624692 Baldur baldurhg@hotmail.com

## Atvinna óskast

Óska eftir smiðum/launamönnum í klæðningarvinnu. Vissa/Kristján s. 821 9661.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

## Tilkynningar

NEYTENDASAMTÖKIN

### Kjör formanns Neytendasamtakanna

Samkvæmt lögum Neytendasamtakanna skal kjör formanns fara fram það ár sem reglulegt þing Neytendasamtakanna er haldið. Í 12. grein laga Neytendasamtakanna segir svo um kjör formanns: „Framboð til formanns skulu berast stjórn Neytendasamtakanna eigi síðar en fyrir lok apríl þess árs sem reglulegt þing er haldið. Framboði til formanns skulu fylgja meðmæli 25 skuldlausra félagsmanna hið fæsta en 50 skuldlausra félagsmanna hið flesta."

Í samræmi við þetta auglýsir stjórn Neytendasamtakanna eftir framboðum til formanns Neytendasamtakanna vegna næsta kjörtímabils (2012-2014) og sem hefst frá og með þingi Neytendasamtakanna í haust. Framboðum ásamt lista yfir meðmælendur skal skilað á skrifstofur Neytendasamtakanna í Reykjavík eða á Akureyri, eigi síðar en kl. 16.00 30. apríl 2012. Einnig er hægt að senda framboð ásamt lista yfir meðmælendur í pósti og má dagsetning póststimpils ekki fara fram yfir 30. apríl 2012.

Reykjavík 30. mars 2012

**Stjórn Neytendasamtakanna**

Fljótsdalshérað

### Sorpurðun í landi Tjarnarlands á Fljótsdalshéraði

**Mat á umhverfisáhrifum**
**Kynning á drögum að matsáætlun og athugasemdafrestur**

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað vinnur nú að mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sorpurðunarsvæði á Tjarnarlandi, Fljótsdalshéraði þar sem áformað er að urða allt að 68.000 tonn af úrgangi.
Framkvæmdin er matsskyld skv. 12. tl. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
Nú liggja fyrir drög að tillögu að matsáætlun.
Allir geta kynnt sér tillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins, **fljotsdalsherad.is**, og lagt fram ábendingar og/eða athugasemdir. Skriflegar athugasemdir skulu berast fyrir 13. apríl 2012 á netfangið bjh@verkis.is eða á heimilisfangið Verkís, Kaupvangi 3b, 700 Egilsstaðir, merkt **„sorpurðun á Tjarnarlandi"**.
Að athugasemdafresti loknum verður tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun til formlegrar meðferðar.

Fljótsdalshéraði 27.03.2012

## Námskeið

### STANGVEIÐIMENN ATHUGIÐ

Síðasta námskeið vetrarins í flugköstum í TBR húsinu Gnoðavogi 1 . **Hefst sunnudaginn 1. apríl kl. 20:00. Kennt verður 1 - 15 - 22 - 29 apríl.**
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu **(ekki kort )** mætið tímanlega munið eftir inniskóm.

**Verð 13.000 kr enn 11.000 kr til félagsmanna.**
Uppl. í síma **894 2865** Gísli eða í síma **896 7085** Svavar KKR, SVFR og SVH

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Úlfarsbraut, íþróttasvæði**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Fram við Úlfarsbraut og eystri hluta lóðarinnar að Úlfarsbraut 122-124. Í breytingunni felst að bílastæði og aðkoma eru aðlöguð að landhalla og lóðamörk skilgreind fyrir íþróttasvæði.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Sæmundargata 4, Háskólatorg**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Háskólatorg, vegna lóðar nr. 4 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst stækkun á Háskólatorgi, byggingareitur merktur H-1 er stækkaður til austurs og norðurs ásamt skilgreiningu á byggingareit neðanjarðar og nýr byggingareitur er skilgreindur meðfram Suðurgötu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. mars 2012 til og með 21. maí 2012**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 21. maí 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 30. mars 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**
**Í kvöld, föstudaginn 30. mars kl. 20:30 heldur Árni Reynisson** erindi sem hann nefnir **Spá í Völuspá** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 31. mars kl.15:00 er opið hús og 15:30** heldur **Magnús Guðmannsson** erindi sem hann nefnir **Garðar Ásbjarnar vegghamars og Dyr.**
**Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Hemmi Gunn – og svaraðu nú!**
**Fjölbreyttur og fjörugur þáttur**



alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel




| | | |
|---|---|---|
| Laugard. 31.mars 20:00 | Sunnud. 15.apríl 20:00 | Laugard. 28.apríl 20:00 |
| Laugard. 14.apríl 20:00 | Sunnud. 22.apríl 20:00 | Í Hofi, Akureyri 18.-19.apríl. |

**Síðustu sýningarnar á þessu leikári!**

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ERIC CLAPTON,** enski gítarleikarinn, er 67 ára í dag.
*„Ég verð aldrei jafn góður og þeir sem ég lít mest upp til.“*

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar hjartkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SÓLVEIGAR SIGURÐARDÓTTUR**
**Skólastíg 14, Stykkishólmi.**

**Magdalena Kristinsdóttir** **Jón Pétursson**
**Sigrún Kristinsdóttir**
**Sesselja Kristinsdóttir** **Árni Valgeirsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Sendum innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,

**FRIÐRIKS H. ÓLAFSSONAR**
**tannlæknis**
**frá Kálfatjörn,**
**Hátúni 10, Reykjavík.**

**Erlendur Steinar Friðriksson og fjölskylda**
**Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir og fjölskylda**
**Elísabet Guðrúnardóttir og fjölskylda**

---

✝



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**VILHELM S. SIGURÐSSON**
**frá Görðum við Ægisíðu,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi föstudagsins 23. mars, verður jarðsunginn frá Neskirkju mánudaginn 2. apríl kl. 13.00.

**Eva Vilhelmsdóttir** **Ólafur Haukur Matthíasson**
**Elín Vilhelmsdóttir** **Stefán Ó. Helgason**
**Sigurður Vilhelmsson** **Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Málfríður Vilhelmsdóttir** **Kristján Thorarensen**
**Ingvar Vilhelmsson** **Kristín Sandholt**
**Olga Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**KRISTINS GÍSLASONAR**
**kennara.**

**Jakob Líndal Kristinsson** **Kristín Gísladóttir**
**Halldóra Kristinsdóttir** **Þorkell Traustason**
**Gísli Kristinsson** **Bjarney Sigvaldadóttir**
**Jónína Vala Kristinsdóttir** **Gylfi Kristinsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri

**EYJÓLFUR RÚNAR SIGURÐSSON**
**Miðvangi 57, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi þriðjudagsins 27. mars. Jarðsungið verður frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 4. apríl klukkan 15.00.

**Rannveig Vigfúsdóttir**
**Vigfús Almar Eyjólfsson**
**Inga María Eyjólfsdóttir** **Sigurður Kr. Ómarsson**
**Inga María Eyjólfsdóttir** **Sigurður Hallur Stefánsson**
**Huldar Örn Sigurðsson** **Sólveig Ósk Jónsdóttir**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Lönguhlíð 3c, Akureyri,**

lést 26. mars á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 3. apríl kl. 10.30.

**Edda Hörgdal Stefánsdóttir**
**Gréta Björg Björgvinsdóttir** **Lúðvík Kristinsson**
**Stefán Hlynur Björgvinsson** **Kristín Laufey Ingólfsdóttir**
**Björgvin Björgvinsson** **Aletta Pomper**
**Edda Hrönn Björgvinsdóttir** **Gunnólfur Sveinsson**
**Eva Dögg Björgvinsdóttir** **Sigmundur Guðni Sigurðsson**
**Ómar Björgvinsson** **Sigríður Sólveig Stefánsdóttir**
**Freyr Björgvinsson** **Ásta Magnúsdóttir**
**Bergþóra Sif Björgvinsdóttir** **Arnar Erlingsson**
**María Rut Björgvinsdóttir** **Guðsteinn Jónsson**
**Pétur Már Björgvinsson** **Tinna Hermannsdóttir**
**og barnabörn.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 30. MARS 1949

## *Óeirðir á Austurvelli*



Þann 30. mars 1949 brutust út óeirðir á Austurvelli en þennan dag samþykkti Alþingi inngöngu Íslands í Norður-Atlantshafsbandalagið. Andstæðingar samþykktarinnar og stuðningsmenn flykktust á Austurvöll og létu skoðanir sínar í ljós. Grjóti, eggjum og mold rigndi yfir Alþingishúsið og var varalið lögreglunnar kallað út. Mannfjöldanum var dreift með táragasi. Lögregluliðið var með hermannahjálma og beitti kylfum.

Áætlað er að á Austurvelli hafi þá verið milli átta og tíu þúsund manns. Alls þurftu tólf manns að fara á Landspítalann eftir ryskingarnar og voru nokkrir alvarlega slasaðir, þar á meðal fimm lögreglumenn.



**SKÁLD OG MÆÐGUR** Þær Kristín Eiríksdóttir og Ingibjörg Haraldsdóttir lesa í fyrsta sinn saman upp úr verkum sínum á veitingahúsinu Kryddlegnum hjörtum í kvöld klukkan 19.30. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KRYDDLEGIN SKÁLD: INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR OG KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR

# Flytja ljóð saman í fyrsta sinn

„Okkur finnst þetta sérstaklega gott tækifæri til að fá að lesa upp saman sem mæðgur. Við höfum aldrei gert það áður,“ segir Kristín Eiríksdóttir, ljóðskáld og rithöfundur, sem mun ásamt móður sinni, Ingibjörgu Haraldsdóttur, koma fram á veitingahúsinu Kryddlegnum hjörtum í kvöld. Þær ríða á vaðið í vordagskrá veitingahússins, næstu fjögur föstudagskvöld, þar sem gestum verður boðið upp á lystauka í formi ljóða.

„Ljóðabækurnar hennar mömmu höfðu verið ófáanlegar um nokkurn tíma, en árið 2009 kom út safn með ljóðum hennar. Hún ætlar að mæta með þann doðrant og lesa upp úr honum frá mismunandi tímabilum,“ segir Kristín.

Sjálf ætlar hún að lesa upp úr eigin ljóðabók frá árinu 2007, Annars konar sælu, auk óbirtra ljóða sem hún hefur skrifað á síðustu árum. „Ég hef aðallega verið að skrifa prósa að undanförnu en ég skrifa alltaf ljóð líka og er hægt og rólega að safna í ljóðahandrit.“

Spurð hvort þær mæðgur hyggist ekki skiptast á ljóðabókum og lesa upp úr verkum hvor annarrar svarar Kristín: „Við höfðum ekki hugsað út í það, en það er reyndar svolítið góð hugmynd. Það væri gaman að prófa það.“

Ingibjörg hefur unnið við ritstörf í áraraðir, er margverðlaunuð fyrir ljóð sín og ljóðaþýðingar úr rússnesku. Kristín hefur nú þegar gefið út þrjár ljóðabækur, auk þess að hafa vakið mikla athygli fyrir bókina Doris deyr, sem kom út árið 2010. Hún segist vissulega hafa verið undir áhrifum frá móður sinni þegar hún tók ákvörðun um að verða skáld sjálf. „Við erum hressilega ólíkar týpur, þó við séum miklar vinkonur, svo ljóðin okkar eru frekar ólík,“ segir hún og heldur áfram. „En þegar ég þurfti að taka ákvörðun um hvort ég ætti að taka þetta alvarlega hjálpaði það mér að hafa alist upp á heimili þar sem það taldist eðlileg starfsgrein að vera rithöfundur. Ég fékk hvatningu, í staðinn fyrir að vera sagt að gera eitthvað praktískt. Að því leyti var það mikil blessun að eiga ljóðskáld fyrir móður.“

Ingibjörg er að vonum ánægð með þá leið sem dóttir hennar hefur valið sér. „Ég er auðvitað afskaplega stolt af henni og hef alltaf verið, frá því hún fæddist. Reyndar á ég líka son sem er þýðandi, þannig að þau hafa bæði tvö fetað í mín fótspor,“ segir hún og bætir við að hún hafi fljótt áttað sig á því að dóttirin hafði hæfileika á ritvellinum. „Hún byrjaði að yrkja ljóð, fjögurra, fimm ára. Ég var auðvitað alltaf eitthvað að bulla við hana og hún byrjaði fljótt að bulla á móti. Þegar hún varð aðeins eldri skrifaði hún ritgerðir í skólanum sem voru mjög góðar. Hún er bara fædd með þessa hæfileika, að geta skrifað,“ segir Ingibjörg.

Dagskráin á Kryddlegnum hjörtum hefst klukkan 19.30 í kvöld.

holmfridur@frettabladid.is

# Djassstórmenni í Hörpu

Lyginni líkast, stórtónleikar í Silfurbergs-sal Hörpu sem haldnir verða sunnudaginn 1. apríl, eru öðrum þræði upphitun fyrir tónleikaferð íslenskra djassleikara til Bremen í Þýskalandi í lok apríl. Ytra leika fjórar íslenskar hljómsveitir, ADHD, Raddir þjóðar, Tríó Sunnu Gunnlaugs og Stórsveit Samúels J. Samúelssonar, á tónleikum í tengslum við Jazzahead, stærstu djassstefnu í Evrópu.

Í Hörpu á sunnudaginn koma fram Stórsveit Reykjavíkur, Raddir þjóðar, ADHD, Stórsveit Samúels J. Samúelssonar, Tríó þýska trompetleikarans Sebastians Studnitzkys og Tríó Sunnu Gunnlaugs.

Herlegheitin hefjast klukkan 14 og má nálgast miða á Midi.is.



**DJASS** Stórsveit Reykjavíkur er meðal þeirra sem koma fram á stórtónleikunum Lyginni líkast í Hörpu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SÍÐUSTU DAGAR lagersölunnar

66° NORÐUR

DÖMUR



**FROST peysa**
ÁÐUR: 18.800 kr. **NÚ: 5.000 kr.**

HERRAR



**HEKLA úlpa**
ÁÐUR: 42.000 kr. **NÚ: 17.000 kr.**

DÖMUR



**ÖSKJUHLÍÐ húfa & trefill**
ÁÐUR: 7.500 kr. **NÚ: 2.500 kr.**

HERRAR



**ASKJA LIGHT buxur**
ÁÐUR: 27.500 kr. **NÚ: 7.500 kr.**

**50-80% afsláttur**

**Bolir 2 stk. 500 kr.**

DÖMUR



**LOGN hettupeysa**
ÁÐUR: 15.800 kr. **NÚ: 6.500 kr.**

HERRAR



**ARNARHÓLL jakki**
ÁÐUR: 18.500 kr. **NÚ: 7.500 kr.**

DÖMUR/ HERRAR



**GOLA léttur jakki**
ÁÐUR: 11.500 kr. **NÚ: 3.000 kr.**

DÖMUR



**GOLA létt kápa**
ÁÐUR: 11.500 kr. **NÚ: 3.000 kr.**

**Faxafen 12, 108 Reykjavík:** Fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16
**Glerárgata 32, 600 Akureyri:** Fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. lokað

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** læra, **6.** tveir eins, **8.** starfsgrein, **9.** spíra, **11.** ónefndur, **12.** skattur, **14.** bragsmiður, **16.** hvað, **17.** svörður, **18.** hylli, **20.** í röð, **21.** bás.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ofneysla, **3.** hvort, **4.** fugl, **5.** tálbeita, **7.** kvarnast, **10.** í viðbót, **13.** lærdómur, **15.** mannvíg, **16.** rámur, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** lesa, **6.** ff, **8.** fag, **9.** ála, **11.** nn, **12.** tíund, **14.** skáld, **16.** ha, **17.** mór, **18.** ást, **20.** aá, **21.** stía.
**LÓÐRÉTT:** **1.** ofát, **3.** ef, **4.** sandlóa, **5.** agn, **7.** flísast, **10.** auk, **13.** nám, **15.** dráp, **16.** hás, **19.** tí.






# Náttúruleg fegurð

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**

Játning: Mér leiðast umhverfismál. Ég veit, ég veit, ég ætti að skammast mín. Ég bara get ekki að því gert. Þegar rammaáætlanir, megavött og ál ber á góma reikar hugurinn samstundis að mikilvægari málum eins og „hvað á ég að hafa í matinn í kvöld“ eða „telst það löggild afsökun fyrir að þrífa ekki klósettið að mosagrænu rákirnar sem línustrika skálina gætu verið næsta stóra vísindauppgötvun á par við pensillín?“ Fyrir áhyggjum af landi og náttúru treysti ég mér betri mönnum; Svandísi Svavarsdóttur; Andra Snæ Magnasyni. Þau kunna þetta.



**ÉG SAT** nýverið á Soho hótelinu í Lundúnum og beið þess að taka viðtal við framleiðanda sjónvarpsþáttanna Game of Thrones. Til að drepa tímann fletti ég Fréttablaðinu. Hugurinn tók samstundis að reika: Mengunarvarnir eru öfgar – „mig langar í pitsu í matinn“; mannréttindi að fá að spæna upp utanvega-gróður – „ef næsta pensillín fyndist í klósettinu hjá mér fengi ég pottþétt Nóbelsverðlaun“; nauðsynlegt að reisa Búlandsvirkjun því Skaftárhrepp vantar búbót – „já, já, bla, bla“. Svandís og Andri Snær sæju um að lesa þetta. Ég setti stefnuna á fólk í fréttum. „Ah, betra.“ Íslendingur að meikaða í útlöndum. „Frábært.“ Annar Íslendingur að meikaða í útlöndum. „Geggjað.“ Ég var niðursokkin í að dást að þeirri ómetanlegu landkynningu sem barmurinn á Ásdísi Rán er þegar útréttur armur framleiðandans braust inn í sjónlínu mína.

**KOMIÐ** var að lokaspurningunni: „How did you like Iceland?“ Ég hafði engan sérstakan áhuga á svarinu. Í huganum var ég komin í H&M verslunina við hliðina á hótelinu. En þar sem hluti nýju Game of Thrones-seríunnar var tekinn upp á Vatnajökli varð ég að spyrja. „Ísland er ólíkt öllu öðru sem ég hef séð!“ Ákafi framleiðandans sló mig. „Við þurftum enga tölvugrafík á Íslandi. Þar eru til litir sem maður hefur aldrei séð áður. Fegurð Íslands er náttúruleg; hún er ekta.“

**DAGLEGA** drekkum við í okkur fréttir af Íslendingum sem gera garðinn frægan erlendis; skáldum sem keyptu sér miða með Iceland Express til London og fundu þar ljósritunarvél; tónlistarmönnum sem sigldu með gítarinn til Köben og eru nú stórir á Strikinu. En okkur yfirsést Íslendingurinn sem raunverulega meikaði það í útlöndum. Um þessar mundir leikur íslensk náttúra eitt af aðalhlutverkum í einum vinsælasta sjónvarpsþætti heims. Ef til vill er tími til kominn að við leggjum þeim Svandísi Svavars og Andra Snæ lið og sýnum íslenskri náttúru jafnmikinn stuðning og við sýnum brjóstaskorunni á Ásdísi Rán. – (Sýningar á Game of Thrones hefjast 2. apríl á Stöð 2. Vatnajökul og umhverfi hans má sjá á Suðausturlandi – að minnsta kosti enn um sinn).

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# AFMÆLISTILBOÐ!

**RÚMFATALAGERINN VERÐUR 25 ÁRA Í HAUST OG AF ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPP Á FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!**

SPARIÐ 30.000

Bonell gormar | Svampur | Yfirdýna | Miðlungs | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð



120 X 200 SM.

Sweet Dreams

AFMÆLISTILBOÐ
120 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 89.950
**59.950**
1987 - 2012

**SWEET DREAMS amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONELL gormar pr. $m^2$. Stærð: 120 x 200 sm. Fætur fylgja með.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 01.04

www.rumfatalagerinn.is

# menning
menning@frettabladid.is




**ÓTRÚLEG SAGA UM RISASTÓRA PERU** heitir nýútkomin bók eftir danska teiknarann og rithöfundinn Jakob Martin Strid. Ljóðasafnið Í búðinni hans Mústafa eftir sama höfund hefur einnig komið út á íslensku.

Tónlist ★★★☆☆

**Hádegistónleikar**

Hlín Pétursdóttir söng, Gerrit Schuil spilaði á píanó.

**Fríkirkjan**

## Notaleg stund

Mozart var undrabarn. Hann samdi ótrúlega þroskuð verk strax í bernsku. Eitt þeirra, sem er fyrir píanó, var uppgötvað nýlega. Það var frumflutt á heimili tónskáldsins fyrir nokkrum dögum.

Auðvitað eru þessi verk misjöfn. En það er í þeim einhver neisti, fyrirboði þess besta sem tónskáldið samdi.

Þessar lítt þekktu tónsmíðar eru ekki bara fyrir píanó. Mozart samdi hvað sem var, sinfóníur, kammermúsík og einleiksverk. Og óperur. Nokkrar af óperunum hans eru stórfengleg listaverk. Þar á meðal eru Brottnámið úr kvennabúrinu, Don Giovanni og Töfraflautan. En svo eru líka til óperur eftir hann sem nánast aldrei eru fluttar. Sumar þeirra eru ókláraðar, e.t.v. tilraunir sem ekki heppnuðust.



Nokkrar aríur úr þessum minna þekktum óperum voru fluttar á tónleikum í Fríkirkjunni í hádeginu á miðvikudaginn.

Tónleikaröðin er sniðug. Gerrit Schuil, píanóleikari með meiru, hefur haft veg og vanda af henni. Maður veit aldrei fyrirfram hvað er í boði. Þegar ég settist í kirkjuna hafði ég ekki hugmynd um að ég var að fara að hlusta á fáheyrðar aríur eftir Mozart. Ég hafði heldur ekki hugmynd um hver var að fara að syngja.

Þegar klukkan var korter yfir tólf gekk Gerrit inn í kirkjuna og hélt stutta tölu. Svo gekk söngkonan fram. Það reyndist vera Hlín Pétursdóttir. Hlín hefur ekki verið áberandi í tónlistarlífinu hér undanfarið. Kannski þess vegna varð maður var við eilítið óöryggi hjá henni. Röddin var ekki alveg fókuseruð, sumir tónarnir hefðu mátt vera tærari og þéttari. En tilfinningin var fölskvalaus, túlkunin var lífleg og í anda Mozarts.

Gerrit spilaði með á píanóið og gerði það fallega. Hann hefur alveg sérstakan hljóm, sem einkennist af mikilli mýkt – og skáldskap. Tónahendingarnar hans eru þægilega óljósar, nánast impressjónískar. Það var notalegt að hlusta á hann spila með söngkonunni. En flygillinn hefði mátt vera betur stilltur.

Þess má geta að næstu hádegistónleikar í Fríkirkjunni á miðvikudaginn kemur verða þeir síðustu í vetur. Það er óhætt að mæla með þeim, hálftími er þægileg tónleikalengd í hádeginu. Og þeir kosta ekki neitt!

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Aríur eftir Mozart, aðallega úr minna þekktum óperum. Söngurinn var einlægur, en hefði mátt vera tærari. Píanóleikurinn var fallegur.

# Gamall draumur að rætast

**Kvartett Kammersveitar Reykjavíkur mun leika strengjakvartetta Jóns Leifs á þrennum hádegistónleikum.**

„Þetta er eitt það erfiðasta sem maður kemst í að spila," segir Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari um strengjakvartetta Jóns Leifs sem verða fluttir á þrennum hádegistónleikum í Kaldalónssal Hörpunnar á næstunni, þeim fyrstu nú á sunnudaginn, 1. apríl klukkan 12.15.

„Sá áratugalangi draumur minn er að rætast að taka upp strengjakvartetta Jóns Leifs. Það er svo ótrúlega sjaldgæft að þeir séu fluttir að það er viðburður og mér fannst fráleitt að við æfðum þessi erfiðu verk án þess að gefa tónlistaráhugafólki tækifæri á að heyra þau á tónleikum.

Ég hef gert margar tilraunir til að koma saman hópi sem gæti ráðist í það stórvirki að spila þau og sá hópur fannst að lokum," segir Rut en kvartettinn skipa auk hennar þau Sigurlaug Eðvaldsdóttir fiðla, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóla og Hrafnkell Orri Egilsson selló.

Auk eins strengjakvartetts Jóns verður verk eftir annað tónskáld á öllum þremur tónleikunum. Á sunnudaginn er það verk eftir Svein Lúðvík Björnsson sem nefnist ...og í augum blik minninga. - gun



**KVARTETTINN** Þau ætla að ráðast í það stórvirki að spila strengjakvartetta Jóns Leifs.

# Jóhann flytur eftirlætislögin



Í kvöld mun ríkja sannkölluð leikhússtemning í Salnum í Kópavogi en þá flytur Jóhann Sigurðarson lög úr söngleikjum og leikritum. „Það má segja að þetta séu eftilætislögin mín," segir Jóhann sem tekið hefur þátt í fjölmörgum uppfærslum á söngleikjum í leikhúsum, þar á meðal Fiðlaranum á þakinu, My Fair Lady og Sound of Music en lög úr þessum söngleikjum og fleirum munu óma í Salnum í kvöld. Einnig verða á efnisskránni lög úr íslenskum söngleikjum, leikritum og revíum eftir meðal annarra Egil Ólafsson og Ágúst Guðmundsson. „Sumt af því sem ég syng í kvöld hef ég sungið á fjölunum, en ekki allt. En svo hef líka oft sungið söngleikjalög þegar ég hef troðið upp í gegnum tíðina," bætir hann við.

Jóhann gaf út geisladiskinn Lögin úr leikhúsinu á síðasta ári þegar hann fagnaði 30 ára starfsafmæli sínu en hann hefur starfað samfellt hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu frá því hann lauk prófi frá Leiklistarskóla Íslands.

Einvalalið tónlistarmanna verður Jóhanni til fulltingis á sviðinu en það eru þeir Róbert Þórhallsson á bassa, Ásgeir Óskarsson á trommur, Eðvarð Lárusson á gítar og Pálmi Sigurhjartarson á píanó en hann sér jafnframt um hljómsveitarstjórn. Sérstakur gestur veður Andrea Gylfadóttir auk þess sem von er á leynigestum.

# Páskabarokk á skírdag

Krossfestingin, sorgin, upprisan og gleðin er yfirskrift tónleika sem verða haldnir í Laugarneskirkju fimmtudaginn 5. apríl næstkomandi. Þar verður flutt tónlist úr páskaóratoríum, úr Messíasi eftir Händel, Magnificat eftir Bach, Stabat Mater eftir Pergolesi og Gloria eftir Vivaldi. Tríóið Ljóm skipa Gerður Bolladóttir sópran, Sophie Schoonjans harpa og Victoria Tarevskaia selló. Gestasöngvari á tónleikunum verður Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzosópran. Gerður og Hólmfríður munu flytja aríur og dúetta úr framansögðum óratoríum ásamt antíkaríum, ástardúettum og fallegum söngvum sem fjalla um lífið í sinni fjölbreytilegu mynd.


Opið hús

hjá Öryggismiðstöðinni, Askalind 1, í dag, föstudaginn 30. mars, kl. 9–17

Sérfræðingar Öryggismiðstöðvarinnar kynna nýjar vörur, hjúkrunarrúm og rafskutlur. Iðjuþjálfi verður á staðnum og veitir ráðgjöf. Allir velkomnir.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



PIPAR\TBWA • SÍA • 121020

# AFMÆLISTILBOÐ!

**RÚMFATALAGERINN VERÐUR 25 ÁRA Í HAUST OG AF ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPP Á FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!**

SPARIÐ 8.000

KRONBORG®
OF DENMARK



ANDADÚNSÆNG

AFMÆLISTILBOÐ
SÆNG: 135 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 17.950
9.950
1987 - 2012

**KRONBORG TELEMARKEN ANDADÚNSÆNG**
Lúxus andadúnsæng fyllt með 80% af dúni og 20% af fiðri. Þyngd: 900 gr. Vandað, þéttofið bómullaráklæði með áprentun. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.
Koddi stærð: 50 x 70 sm. **5.995**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 01.04

www.rumfatalagerinn.is

# Helgarblað
alla laugardaga



## Þetta er allt spurning um vilja

Galdurinn að baki afrekum í íþróttum og námi er að langa nógu mikið, leggja hart að sér og láta engan stöðva sig segir spjótkastarinn og dúxinn Ásdís Hjálmsdóttir.

**Meðal annars efnis:**



**Úr greipum nördanna**
Vinsældir sjónvarpsþáttanna Game of Thrones komu aðstandendum á óvart.




**Allt sem þú þarft**




DISCOVERY CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Tvívíðir skúlptúrar í Gallerí Ágústi



**RAGNAR ÞÓRISSON** Fyrsta einkasýning hans, Manngerðir, sem nú stendur yfir í Gallerí Ágústi, hefur fengið góðar viðtökur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég vil helst ekki mynda orð í kringum myndirnar mínar, því málverkið segir eitthvað sem ég get ekki orðað. En þar sem ég þurfti að gefa sýningunni nafn fannst mér „Manngerðir“ eiga best við, því ég hef mikinn áhuga á því að mála myndir af fólki og sýna geðbrigðin,“ segir myndlistarmaðurinn Ragnar Þórisson. Sýning hans, Manngerðir, stendur nú yfir í Gallerí Ágústi á Baldursgötu 12. Henni átti að ljúka um næstu helgi, en hefur verið framlengd fram til 15. apríl, vegna góðra viðbragða.

Ragnar notar iðulega mennskar fyrirmyndir að verkum sínum, en segir þau oft taka óvæntum breytingum í ferlinu. „Ég byrja yfirleitt með skissum af manneskjum úr raunveruleikanum, oftast af ljósmyndum. Myndirnar mínar verða svo oft til úr brotum úr nokkrum slíkum. Ég lít á málverkið eins og tvívíðan skúlptúr, þar sem ég byggi fyrst upp grunn af andliti og móta það svo til, stroka út og bæti á það.“

Hann segir útkomuna alla jafna tilviljanakennda, enda reyni hann að virkja undirvitundina við sína sköpun. „Þegar málningin er að þorna á verkinu fær það sitt eigið líf og túlkar ef til vill eitthvað allt annað en ég hafði hugsað mér að segja. Þannig verð ég eiginlega bara milliliður.“

Hann segir áhugavert að fylgjast með viðbrögðum fólks við myndum sínum, því hver manneskja túlki þær á sinn hátt. „Þegar við sjáum útlínur af manneskju byrjum við strax að tengja og förum að reyna að lesa hana. Það kemur mér að vissu leyti á óvart hvað fólk sér ólíka hluti út úr myndum mínum.“ **- hhs**

# Tónleikaball á Nasa í kvöld



**SPAÐAR** Þeirra árlega Spaðaball hefur ávallt verið glaðvær samkoma, en búast má við enn meiri glaumi nú þegar Varsjárbandalagið hefur bæst í hópinn.

„Við ætlum að kveðja Nasa með því að halda tónleikaball,“ segir Guðmundur Andri Thorsson, einn liðsmanna hljómsveitarinnar Spaða, sem í kvöld heldur tónleikaball á Nasa, í félagi við Varsjárbandalagið. Hann segist eiga von á því að mikið verði dansað. „Spaðar hafa árlega haldið Spaðaballa á Nasa í nokkur ár og það hefur alltaf verið mikið fjör og gaman. Nú þegar við erum að kveðja Nasa langar okkur að gera það með bestu hljómsveitinni, að okkar mati – Varsjárbandalaginu. Þetta verður rosalegt fjör.“

Húsið verður opnað klukkan 22, þegar Spaðar stíga á svið og munu þeir spila fram að miðnætti. Þá mun Varsjárbandalagið taka við og „leiða dansleikinn til þeirra lykta að ekki mun verða þurr þráður á viðstöddum“ eins og segir í tilkynningu um viðburðinn. **- hhs**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 30. mars 2012**

### Tónleikar



**12.15** Sigurgeir Agnarsson sellóleikari spilar með Nínu Margréti Grímsdóttur á tónleikum í tónleikaröðinni Klassík í hádeginu í Gerðubergi. Þau munu flytja verk eftir Brahms og Massenet og rifja upp horfna tíma og gömul gildi. Aðgangur er ókeypis.

**12.30** Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari og Hallveig Rúnarsdóttir sópran halda tónleika á tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Háteigskirkju. Listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar er Lilja Eggertsdóttir píanóleikari. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Sýningar

**20.00** Sýningin Guð í boði verður opnuð á Kaffistofunni, sýningarrými Listaháskólanema, Hverfisgötu 44. Sýningin er samstarf listamannanna Ásu Dýradóttur og Steinunnar Harðardóttur og tengist trúarbrögðum með mismunandi nálgun.

### Uppákomur

**19.30** Ljóðadagskráin Kryddlegin skáld verður á Kryddlegnum hjörtum, Skúlagötu 17. Mæðgurnar Ingibjörg Haraldsdóttir og Kristín Eiríksdóttir flytja ljóðin að þessu sinni.

### Málþing

**10.00** Tindátar, Chomsky og framtíð klassíska tónleikaformsins er meðal þess sem fjallað verður um á ráðstefnu á vegum nema í Hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Ráðstefnan er liður í námskeiðinu Texti og Tal og fer fram í Bratta við Stakkahlíð. Allir velkomnir.

### Tónlist

**20.00** Jóhann Sigurðarson mun flytja lög úr söngleikjum og leikritum í Salnum í Kópavogi. Sérstakur gestur verður Andrea Gylfadóttir, auk þess sem von er á leynigestum.



**21.00** Tangótónlist verður spiluð í Þjóðmenningarhúsinu. Meðal þeirra sem fram koma eru Svanlaug Jóhannsdóttir og Tango Mate sem flytja söngva og sögur frá Argentínu, og Kristjana Arngrímsdóttir og hljómsveit flytja lög af plötunni Tangó fyrir lífið. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Elín Helena boðar ást á Bar 11. Að viðburðinum loknum mætir DJ á efri hæðina og heldur stemningunni gangandi til morguns. Aðgangur er ókeypis.



**22.00** KK og Maggi Eiríks halda tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir standa fyrir söngskemmtun á Café Rosenberg.

**23.00** Hjalti Þorkelsson, Gímaldin og HEK halda tónleika á Ob-La-Dí Ob-La-Da á Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** Steingrímur Þorbjarnarson er BA í mannfræði og BS í jarðfræði. Hann heldur fyrirlestur í Konfúsíusarstofnuninni Norðurljós um það hvernig var að vera námsmaður í Peking og Chengdu undir lok 9. áratugarins. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**12.00** Julie Herschend Christoffersen, fyrrum fræðimaður við Alþjóðamálastofnun Danmerkur, heldur erindi um samskipti ríkja Vestur-Balkanskaga við Evrópusambandið. Fyrirlesturinn er hluti af fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og ber yfirskriftina Stækkunarmál ESB: Balkanskaginn. Hann fer fram í stofu 101 í Lögbergi og verður fluttur á ensku.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



# Borðar barnið þitt líka sælgæti í morgunmat?




## Mini Fras er holli valkosturinn

Mini Fras er ein af fáum morgunkornstegundum fyrir börn sem uppfylla kröfur Skráargatsins. Margar gerðir af morgunkorni sem ætlaðar eru börnum innihalda allt að 35 g af sykri í hverjum 100 g, sem er svipað magn og í 100 g af hlaupi eða lakkrís.

Mini Fras — Hollara en maður heldur

fireball.



**ÓÁNÆGÐUR MEÐ SIG** Alber Elbaz, yfirhönnuður tískuhússins Lanvin, þykir einn sá færasti í bransanum í dag. Hönnuðurinn er þó sjaldnast fullkomlega ánægður með verk sín. „Ef ég væri hrifinn af verkum mínum hefði ég enga ástæðu til að bæta mig," sagði hönnuðurinn knái.



**NÝ LÚXUSKEÐJA?** Behnaz Aram, yfirhönnuður sænska tískumerkisins Whyred, hefur verið nefnur sem aðalmaðurinn á bak við nýja merkið frá H&M-samsteypunni sem opnar á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Ný keðja frá H&M 2013

**TÍSKA** Sænski verslanarisinn Hennes & Mauritz hefur tilkynnt að hann ætli sér að opna nýja keðju árið 2013.

„Við erum með mörg ólík verkefni í burðarliðnum en á næsta ári ætlum við að fara af stað með nýtt merki og verslanakeðju í líkingu við COS sem hefur átt miklum vinsældum að fagna. Þetta verður keðja sem er alveg óháð öðrum búðum samsteypunnar en fer vel saman við það vöruúrval sem við bjóðum upp á nú þegar," segir framkvæmdastjóri H&M Karl-Johan Persson.

Líkur þykja að um sé að ræða nýtt lúxusmerki frá Hennes & Mauritz og hefur yfirhönnuður sænska fatamerkisins Whyred, Behnaz Aram, verið nefndur sem aðalmaðurinn á bak við nýja merkið. H&M samsteypan á nú þegar vinsælar verslanakeðjur á borð við Monki, Weekday og Cos þannig að ekki er von á öðru en að nýja merkið slái einnig í gegn.

# Harpa Einars hannar fyrir Gallerí 17

**Samstarfsverkefni Galleris 17 og fatahönnuðarins Hörpu Einarsdóttur kemur í verslanir í byrjun apríl. Harpa er í skýjunum með afraksturinn og Gallerí 17 stefnir á áframhaldandi samstarf við íslenska hönnuði í framtíðinni.**

**TÍSKA** „Það hefur lengi verið á stefnuskránni að koma á samstarfi milli okkar og íslenskra hönnuða enda mikil gróska í þeim geira," segir Guðlaug Einarsdóttir, rekstrarstjóri Galleris 17, en fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir hefur hannað fatalínu fyrir verslanakeðjuna.



**KÖGUR** Kjólar einkenna fatalínuna Moss by Harpa Einars en fyrirsætan Kolfinna sat fyrir á auglýsingamyndunum. MYND/HELGI ÓMARS



**SKEMMTILEGT SAMSTARF** Fatahönnuðurinn Harpa Einars hannar línu fyrir Gallerí 17 sem nefnist Moss by Harpa Einars en mikil ánægja er með fatalínuna sem kemur í verslanir í byrjun apríl. Hér er hún ásamt Guðlaugu Einarsdóttur, rekstrarstjóra Galleris 17, sem hefur unnið náið með Hörpu í hönnunarferlinu.

Fatalínan er væntanleg í búðir í byrjun apríl og ber nafnið Moss by Harpa Einars. Harpa sjálf hannar undir nafninu Ziska og er þess dagana á fullu við undirbúning fyrir Reykjavík Fashion Festival. „Þetta er búið að vera svakalega skemmtilegt og ég er í skýjunum með afraksturinn. Eðlilega þurfti ég að einfalda hönnunina mína aðeins þar sem ég þarf að höfða til margra en mér finnst mitt handbragð ná að skína í gegn," segir Harpa og bætir við að fötin verði á mjög sanngjörnu verði.

„Okkur þótti Harpa strax tilvalin í verkefnið. Hún var að vinna hjá fyrirtækinu fyrir mörgum árum og þekkti því inn á ferlið, sem og að hún hefur getið sér gott orð í þessum bransa," segir Guðlaug og segir fatalínuna smellpassa inn í Gallerí 17 en fötin eru framleidd í París í samstarfi við saumastofu NTC hér á landi.

Kjólar einkenna línuna en kögur og efnin fínflauel og siffon eru áberandi. Guðlaug segir þau finna fyrir mikilli eftirvæntingu hjá viðskiptavinunum eftir hönnun Hörpu. „Ljósmyndarinn Helgi Ómars tók auglýsingamyndir og við vorum svo heppin að fá fyrirsætuna Kolfinnu Kristófers til að sitja fyrir," segir Guðlaug en Gallerí 17 stefnir á að halda samstarfi við íslenska hönnuði áfram á næstu misserum.

alfrun@frettabladid.is

# Krabbamein eykst

**HEILSA** Krabbamein í munni hefur aukist í Bretlandi að undanförnu. Á þessu ári hafa 6.200 manns greinst með meinið og eru tveir þriðju af því karlmenn samkvæmt tölum frá rannsóknarstöð krabbameins í Bretlandi. Til samanburðar greindust 4.400 manns með meinið fyrir áratug.

Flest tilfellin eru tengd við reykingar. Áfengismisnotkun og vírus vegna munnmaka eru einnig talin tengjast aukingunni, að því er sagði í frétt BBC.



**REYKINGAR** Flest tilfellin í Bretlandi tengjast reykingum.

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is

Sunna Karítas Oktavía Torfhildur Tildurrófa Aðaldal, betur þekkt sem Skotta í Stundinni okkar, borðar hundasúrur og drekkur röndóttan safa.



Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

# Að nota smokkinn í sambandi

**?** Ég er búinn að vera í sambúð með sömu konunni í tíu ár. Hún vill ekki nota pilluna, þannig að við höfum notað smokkinn. Vandamálið er að það virkar engan veginn, engin fullnæging og minni tilfinning. Svo nú hefur kynlífið hjá okkur þróast yfir í að við höfum samfarir án smokks þessa fáu daga „öruggu" daga í hverjum mánuði. Inni á milli er fátt um fína drætti, alla vega ekki hefðbundnar samfarir. Mér finnst það ekki fullnægjandi, en ég vil ekki þrýsta á hana að fara á pilluna. Ertu með einhverjar hugmyndir um það hvernig má bæta úr þessu?

**SVAR:** Svo ég skilji þig rétt, þá ætla ég að ganga út frá því að þú viljir stunda samfarir. Limur í leggöng. Án smokksins. Til að varna getnaði þá getið þið prufað að nota sæðisdrepandi krem, hettuna eða lykkjuna. Ef þið sjáið alls ekki fyrir ykkur barneignir í framtíðinni þá gætir þú látið taka þig úr sambandi. Þessar lausnir veita hins vegar ekki vörn gegn kynsjúkdómum. Þrátt fyrir að þið séuð í sambandi, þá er ágætt fyrir ykkur bæði að hafa það bak við eyrað. Mér finnst samt áhugavert að skoða þessa upplifun þína af smokknum, því það eru til ótalmargar tegundir af honum. Hefur þú prófað alla sem eru í boði? Þú gætir einnig prófað að setja dropa af sleipiefni inn í smokkinn áður en þú smeygir honum á. Ef þig langar að fá meiri örvun þá getið þið prufað typpahring með titrara og lengt forleikinn þar sem þú færð aukna örvun. Í samförum gæti konan svo spennt grindarbotnsvöðvann og þannig þrengt að typpinu. Sumum finnst það auka tilfinninguna.



**SMOKKURINN** Lesandi veltir fyrir sér smokkanotkun og Sigga Dögg er að sjálfsögðu með ýmsar lausnir.

Mig langar samt að vita hvað konan segir um kynlífið ykkar, er hún fullnægð og ánægð með það eins og það er? Það gæti meira búið að baki hér heldur en eingöngu leiði á smokkanotkun. Ég er einnig að spá í hvort „að þér finnist þetta ekki fullnægjandi" þýði að þú sért ekki fullnægður, eða að þú viljir almennt auka tíðni samfara. Kynlíf er meira en bara inn-út og það er sérstaklega mikilvægt fyrir konur, því örvun þarf að eiga sér stað á fleiri stöðum en innst inni við leghals. Ég myndi því byrja á því að ræða þetta við maka þinn og ef áhugi er til staðar til að auka tíðni samfara þá getið þið skoðað saman fyrrgreindar getnaðarvarnir samhliða aukinni örvun.

**KYNLÍF: ÞARFTU HJÁLP?**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



**FRÁBÆR VERÐ**
**Á FLOTTUM MERKJUM**



# Fótboltaskór

## frá Puma í miklu úrvali



**PowerCat 1.10**
Létt örtréfjaefni.
Stærðir 40-46
Verð: 45.990 kr.
Outlet-verð: **22.990 kr.**



**PowerCat 1.10**
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 44.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**



**PowerCat 4.10**
Gerviefni
Stærðir 42-46
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **7.990 kr.**

**Mikið úrval af fótbolta-skóm á börn og fullorðna í stökum stærðum.**
**Verð frá 4.990 kr**



**v5.10 - junior**
Stærðir 34 - 39
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **8.990 kr.**



**PowerCat - junior**
Stakar stærðir
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **8.990 kr.**



**King finale**
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 39.990 kr.
Outlet-verð: **22.990 kr.**



**Liga finale**
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**



**Liga finale gervigras**
Leður.
Stærðir 41-46
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**



**King Finale Wn´s**
Leður - Stelpuútgáfa af hinum vinsæla King-skó.
Stærðir 36-40,5
Verð: 33.990 kr.
Outlet-verð: **19.990 kr.**



**v6.10 - junior**
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior**
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v1.10 K**
Mjúkt K-leður
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**



**v1.10 K**
Mjúkt K-leður
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**

**Fótboltasokkar**
**Legghlífar**
**Hanskar**
**Boltar**



**v6.10 - junior**
**Gervigrasskór**
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior**
**Gervigrasskór**
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






popp@frettabladid.is



**BÝR TIL REGGÍPLÖTU** Snoop Dogg sem hefur hingað til verið þekktur fyrir rapptónlist sína ætlar að reyna fyrir sér í reggí. Hann er byrjaður að taka upp nýja reggíplötu með aðstoð DJ Diplo.

# Dansstjarna á leið til landsins að kenna

„Hann er að koma til að kenna hipphopp og breik, þannig að þetta er frábært tækifæri fyrir fólk sem hefur áhuga á þessum dansstílum," segir Nanna Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Dance Center, um komu So You Think You Can Dance-stjörnunnar Gev Manoukian til landsins.

Gev komst í 10-manna úrslitin í fjórðu þáttaröð So You Think You Can Dance og hefur þar fyrir utan komið fram með söngkonunni Pink og í kvikmyndinni High School Musical 2. Hann er að koma hingað til að halda námskeið þar sem öllum er velkomið að skrá sig, óháð fyrri dansreynslu. „Hann er mikið í því að gera alls kyns stökk og slíkt sem þarf góðan bakgrunn í að gera en hann er ekki að fara að kenna það. Þannig að þeir sem eru ekki með neinn bakgrunn geta komið á námskeiðið," segir Nanna.

Nanna segir mikilvægt fyrir dansara að grípa hvert tækifæri til að sækja tíma hjá þeim sem eru fremstir á sínu sviði og að fara í sem fjölbreyttasta tíma. Það sé því ómetanlegt að fá svo hæfileikaríka dansara til landsins, sem hafi ástríðu fyrir að miðla danskunnáttu sinni og byggja upp öfluga dansara.

Námskeiðið verður dagana 12.-14. apríl og lýkur með sýningu í Hörpu þar sem Gev og nemendurnir koma fram. Skráningin er þegar hafin á heimasíðunni dancecenter.is en nánari dagskrá er væntanleg á vefinn næstu dögum. **- trs**



**FJÓRÐA SERÍA** Gev Manoukian keppti í fjórðu seríu þáttanna So You Think You Can Dance og vakti þar með heimsathygli.






# Hefði getað leikið betur

Leikkonan Kate Winslet er ekki hundrað prósent ánægð með frammistöðu sína í stórmyndinni Titanic sem kom út 1997. Þrátt fyrir að hafa verið tilnefnd til Óskarsins fyrir hlutverkið telur hún að hún hefði getað staðið sig betur.

„Bandaríski hreimurinn hefði getað verið miklu betri. Leikurinn hefði getað verið miklu betri," sagði Winslet við MTV News. Í tilefni af fimmtán ára afmæli myndarinnar er hún á leið aftur í bíó í þrívídd. Titanic hlaut á sínum tíma ellefu Óskarsverðlaun og sló flest aðsóknarmet.



**ÓSÁTT** Kate Winslet telur að hún hefði getað leikið betur í Titanic.



**Á BEINU BRAUTINNI** Charlie Sheen virðist aftur vera kominn á beinu brautina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í allt öðrum líkama

Charlie Sheen líkir stórundarlegri hegðun sinni á síðasta ári við eitthvað sem gerðist í öðrum líkama en hans eigin.

Leikarinn var rekinn úr Two and a Half Men eftir að hann gagnrýndi höfund þáttanna, auk þess sem hann talaði opinskátt um fíkniefnanotkun og sambúð sína með tveimur kærustum. „Ég þekkti ekki hluta af þessum náunga. Orðaforðinn og að hann hafi litið út eins og brjálaður orðasmiður var allt í lagi. En þetta var skrítið ferðalag," sagði Sheen í viðtali í sjónvarpsþættinum Today.

Sheen er kominn á beinu brautina aftur og leikur næst í sjónvarpsþáttunum Anger Management. Hann segist ekki hafa viljað enda sjónvarpsferilinn með Two and a Half Men. „Ef þessi nýi þáttur verður svanasöngurinn þá verður þetta alla vega falleg reynsla. Hingað til hafa átta dagar í honum verið skemmtilegri en síðustu átta ár."

# Nýtt lag um Landspítala

Hljómsveitin Prinspóló hefur sent frá sér nýtt lag sem nefnist Landspítalinn. Það er óður til upphafs- og endastöðvar þeirra Íslendinga sem kjósa að fæðast á Landspítalanum. Hægt er að skoða myndband við lagið á Prinspolo.com.

Hljómsveitin ferðast til Danmerkur í maí. Þar spilar hún á tónleikum í Kaupmannahöfn 3. maí og á Spot Festival í Árósum 5. maí. Næstu tónleikar Prinspóló verða í Kaldalóni í Hörpu í kvöld kl. 17.30 ásamt Sudden Weather Change. Aðgangur er ókeypis.



**NÝTT LAG** Hljómsveitin Prinspóló hefur sent frá sér lagið Landspítalinn.

# Í rekstur með kærastanum

Jennifer Aniston hyggst koma á laggirnar framleiðslufyrirtæki í slagtogi við kærasta sinn, Justin Theroux. Aniston rak áður framleiðslufyrirtækið Plan B með þáverandi eiginmanni sínum, Brad Pitt.

„Justin hefur skrifað nokkur kvikmyndahandrit sem Jennifer vill endilega koma í framleiðslu. Henni datt í hug að auðveldast væri að stofna sitt eigið framleiðslufyrirtæki með Theroux,“ hafi tímaritið OK! eftir heimildarmanni.

Aniston og Theroux eru ekki aðeins í viðskiptahugleiðingum heldur hafa þau einnig leitt hugann að barneignum ef marka má frétt OK!. „Hana langar að verða ólétt fljótlega eða hefja ættleiðingarferli. Hana langar í fleiri börn en eitt því hún vill að börn alist upp með systkinum,“ sagði heimildarmaðurinn.



**VINNA SAMAN** Jennifer Aniston og Justin Theroux ætla að stofna framleiðslufyrirtæki saman. NORDICPHOTOS/GETTY



**MÖGULEG FJÖLGUN** Megan Fox gæti átt von á sínu fyrsta barni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fox gæti verið ólétt

Leikkonan Megan Fox er sögð eiga von á sínu fyrsta barni. Fox giftist leikaranum Brian Austin Green árið 2010 en þau hafa verið saman í sex ár.

„Þau eru himinlifandi en hafa aðeins sagt sínum nánustu frá. Megan hefur fullorðnast mikið á síðustu árum, fyrst hugsaði hún aðeins um frama sinn en núna setur hún fjölskylduna í fyrsta sæti,“ hafði tímaritið Star eftir vini parsins.

Green á tíu ára gamlan son frá fyrra sambandi og hefur Fox oft talað um hversu gefandi það sé að hafa barn á heimilinu.

# Spurningum loks svarað

Leikstjórinn Ridley Scott segist lengi hafa dreymt um að leikstýra undanfara Alien-myndanna. Þetta kemur fram í viðtali sem birtist í tímaritinu Empire.

„Mig hefur langað að gera þetta í mörg, mörg, mörg ár. Ég velti því alltaf fyrir mér þegar Alien 2, 3 og 4 komu út af hverju enginn sýndi forsögunni áhuga. Stærstu spurningunum var enn ósvarað: Hver var stóri maðurinn? Hvert voru þau að fara og af hverju? Hvað var um borð í geimskipinu?“ sagði leikstjórinn en nýjasta kvikmynd hans, Prometheus, mun svara einhverjum af þessum spurningum. Til gamans má geta að myndin var að hluta tekin upp hér á landi og má meðal annars sjá Dettifoss í sýnishorni úr myndinni.



**SPENNTUR** Leikstjórinn Ridley Scott segist lengi hafa dreymt um að leikstýra undanfara Alien-myndanna. NORDICPHOTOS/GETTY







SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 4 - 5 - 8 - 10.20 - 11 | 12 |
| HUNGER GAMES LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| LORAX 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 6 | L |
| LORAX 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| ACT OF VALOR | KL. 10.35 | 16 |
| THE VOW | KL. 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 8.15 - 10.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 - 10.30 | 12 |
| LORAX 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| LORAX 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX 3D | KL. 6 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |
| 21 JUMP STREET FORSÝNING | KL. 10 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%







Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| LORAX 3D ISL TAL | 4(950 kr), 6 |
| LORAX 2D ISL TAL | 4(800 kr) |
| LORAX 2D ENS TAL | 8, 10 |
| HUNGER GAMES | 4(800 kr), 7, 10.15 |
| 21 JUMP STREET | 8 - Forsýning |
| SVARTUR Á LEIK | 10.15 |

SAMBÍÓIN — SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS VIP | 3:40 - 5:50 - 8 -10:10 | 2D | VIP |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| PÁSKATILBOÐ KR.450 | | | 7 |
| THE MUPPETS MOVIE | KL. 3:20 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ÍSL TALI | KL. 3:20 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 3:40 | 2D | 7 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| HUGO MEÐ TEXTA | KL. 5:30 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | KL. 6 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| A FEW BEST MEN | KL. 6 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 10:10 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 12 |
| THE WOMAN IN BLACK | KL. 10:10 | 16 |
| PÁSKATILBOÐ KL.6 KR.450 | | |
| PUSS IN BOOTS M/ ÍSL TALI | KL. 6 | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| JOURNEY 2 | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| JOHN CARTER | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | KL. 10:30 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| THE LORAX- 3D M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 3D | L |
| THE LORAX M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| THE LORAX M/ ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 10 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| LORAX M/ÍSL TALI | KL. 6 | 3D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ÍSL TALI | 6 (PÁSKATILBOÐ) | 2D | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
tryggðu þér miða á sambio.is




RÍFANDI STEMNING Keppendur Tom Selleck-mottukeppninnar voru ánægðir með úrslit kvöldsins líkt og sjá má. Allir skörtuðu þeir fallegum mottum í tilefni kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Rífandi stemning

**Tom Selleck-mottukeppnin fór fram á skemmtistaðnum Boston á miðvikudagskvöld. Mikil stemning ríkti meðal gesta og þátttakenda líkt og myndirnar bera með sér.**

Þétt var setið í salnum er keppendur stigu á svið og kepptu um titilinn um Bestu mottu ársins. Sigurvegari kvöldsins var Guðmundur Halldórsson sem skartaði sérlega myndarlegu yfirvaraskeggi.



FULLT ÚT ÚR DYRUM Það var þétt setið á Boston á miðvikudaginn og biðu gestir í eftirvæntingu eftir því að keppnin hæfist.



SIGURREIFUR Guðmundur Halldórsson bar sigur úr býtum í mottukeppninni í ár. Hann er vel að sigrinum kominn enda yfirvaraskeggið þykkt og fallegt.



DÓMNEFNDIN Það voru þekkt andlit í dómnefndinni í ár. Friðrik Ingvar Ingimundarson, sigurvegari síðasta árs, Andri Freyr Viðarsson, Ómar Ragnarsson, fatahönnuðurinn Eygló Lárusdóttir og Páll Óskar völdu bestu mottuna í ár.



KYNNIR KVÖLDSINS Uppistandarinn Dóri DNA var kynnir kvöldsins. Hér er hann ásamt Aroni Bergmann Magnússyni sem eitt sinn hampaði titlinum um bestu mottuna.



HREYKINN Ljósmyndarinn Leifur Rögnvaldsson lenti í þriðja sæti í keppninni.


BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FÖSTUDAGUR: CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ AMMA LO-FI 20:00 (BOÐSSÝNING), 22:00 ■ MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:10 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20* THE DESCENDANTS 17:40
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.







BRÁÐSKEMMTILEG OG LITRÍK MYND
FRÁ HÖFUNDUM AULINN ÉG
Dr. Seuss'
LORAX
FÓR BEINT Á
TOPPINN Í USA!
SORPA 20
1991-2011
KEMUR ÞÍNU TIL ENDURVINNSLU
66°
NORÐUR
KOMIN Í BÍÓ MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
LAUGARÁS BÍÓ
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
KRINGLAN
SAMBÍÓIN
KEFLAVÍK
BORGAR BÍÓ

# sport

sport@frettabladid.is



**LOKAUMFERÐIN** í N1-deild karla fer fram í kvöld en hæst ber leikur HK og Fram í Digranesi en það er hreinn úrslitaleikur um hvort liðið kemst áfram í úrslitakeppnina ásamt Haukum, FH og Akureyri. HK dugir jafntefli til að komast áfram en leikurinn hefst klukkan 19.30.

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Exp. karla í körfu*

**8 liða úrslit, fyrsti leikur**

| | |
|---|---|
| **Grindavík - Njarðvík** | **94-67 (46-32)** |

**Grindavík:** J'Nathan Bullock 19 (10 frák.), Sigurður Þorsteinsson 17, Þorleifur Ólafsson 13, Ryan Pettinella 10, Giordan Watson 9 (12 stoðs.), Páll Axel Vilbergss. 9, Jóhann Ólafss. 7, Ómar Sævarss. 4, Ólafur Ólafss. 4, Björn Brynjólfsson 2.
**Njarðvík:** Travis Holmes 20, Cameron Echols 18, Elvar Már Friðrikss. 9, Páll Kristinss. 8, Rúnar Erlingss. 3, Hjörtur Einarsson 3, Jens Óskarsson 2, Maciej Baginski 2, Oddur Birnir Pétursson 2.

| | |
|---|---|
| **KR-Tindastóll** | **84-68 (46-32)** |

**KR:** Robert Ferguson 21, Dejan Sencanski 17, Joshua Brown 15 (12 frák.), Finnur Atli Magnússon 11 (11 frák./8 stoðs.), Emil Þór Jóhannsson 9, Martin Hermannsson 5, Hreggviður Magnússon 4, Jón Orri Kristjánsson 2.
**Tindastóll:** Curtis Allen 16, Maurice Miller 13, Þröstur Jóhannsson 12, Svavar Birgisson 11, Helgi Viggósson 9, Igor Tratnik 5, Hreinn Birgisson 2.



**ROBERT FERGUSON** Lék vel á móti Helga Rafni og félögum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KR vann Tindastól í gær:

## KR enn bara í 70 prósentum

**KÖRFUBOLTI** KR tók forystuna í einvígi sínu gegn Tindastóli með nokkuð sannfærandi sigri í Vesturbænum. KR hafði frumkvæðið frá upphafi leiksins en Stólarnir önduðu þó ofan í hálsmál þeirra í síðari hálfleik. Meira gerðu gestirnir þó ekki og Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var ánægður þótt hann telji lið sitt eiga mikið inni.

„KR-liðið stendur í 70 prósentum. Líkamlega erum við klárir og við erum búnir að setja allt upp sem við viljum gera. Núna þurfum við bara að vera klárari þegar pressan er mikil," sagði Hrafn en KR-ingar hafa nú unnið fimm leiki í röð og til alls vísir. - ktd

Grindavík vann Njarðvík:

## Miklir yfirburðir í Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Grindavík er komið með forystu í rimmu sinni gegn Njarðvík, 1-0, í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla eftir öruggan sigur í gær, 94-67. Það var fyrst og fremst sterkur varnarleikur sem skóp sigurinn.

„Grindavíkurliðið hefur stundum verið þekkt fyrir að vera með þriggja stiga skotsýningar en það var ekkert slíkt uppi á teningnum í kvöld. Það er bara varnarleikurinn sem mestu máli skiptir og ekkert annað," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur. Næsti leikur liðanna verður í Njarðvík á sunnudagskvöld. - esá

Skúli Jón Friðgeirsson:

## Semur í dag

**FÓTBOLTI** Skúli Jón Friðgeirsson, varnarmaður KR, semur ekki við norska félagið Sogndal en mun líklega semja við annað erlent félag í dag. Hann spilar því ekki með KR í Pepsi-deildinni í sumar. Skúli Jón vildi ekki segja það í gærkvöldi um hvaða erlenda félag er að ræða. -óój

# Einvígi góðkunningjanna

**Sigurður Ingimundarson og Teitur Örlygsson eru ekki að mætast í fyrsta sinn í úrslitakeppni en það eru æskuvinirnir Benedikt Guðmundsson og Ingi Þór Steinþórsson að gera. Tvö einvígi í átta liða úrslitunum fara af stað í kvöld.**

**KÖRFUBOLTI** Seinni tvö einvígin í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla hefjast í kvöld og það er óhætt að segja þjálfarar liðanna þekkist vel. Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur og Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar eru tveir af reyndustu og sigursælustu mönnunum í sögu úrslitakeppninnar og hafa þegar mæst tíu sinnum í úrslitakeppni. Hinum megin mætast aftur á móti æskuvinirnir Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs og Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells sem hafa báðir gert lið að meisturunum síðustu þrjú ár.









**ÞEKKJAST VEL** Efri röð frá vinstri: Teitur Örlygsson og Sigurður Ingimundarson. Neðri röð frá vinstri: Ingi Þór Steinþórsson og Benedikt Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Staðan er 5-5

Sigurður Ingimundarson og Teitur Örlygsson mætast í kvöld í ellefta sinn í úrslitakeppni ýmist sem leikmenn eða þjálfarar og staðan er jöfn 5-5 fyrir þetta einvígi.

Þetta er þó bara í annað skiptið sem þeir félagar mætast sem þjálfarar því það gerðist í fyrsta sinn í átta liða úrslitunum fyrir tveimur árum. Stjörnumenn voru þá í sömu stöðu og nú en töpuðu þá í oddaleik á móti lærisveinum Sigurðar í Njarðvík. Síðan Sigurður lagði skóna á hilluna hefur hann unnið þrjú af fimm einvígum þeirra Teits, þar af tvö þau síðustu.

Stjörnumenn eru mættir þriðja árið í röð í einvígi liðanna í 4. og 5. sæti en hin einvígin fóru bæði í oddaleik sem vannst í bæði skiptin á útivelli. Það hefur hallað á liðið í fjórða sæti undanfarin ár enda hefur lið númer 5 unnið tvö ár í röð og fjórum sinnum á síðustu fimm árum.

Stjörnumenn hafa farið illa með Keflvíkinga í vetur og unnið þá bæði með glimrandi sóknarleik (107-91 sigur í fyrri leiknum í Garðabæ) og með frábærum varnarleik (94-69 sigur í seinni leiknum í Keflavík). Bæði unnu liðin 14 leiki og því má búast við einvígi tveggja jafnra liða en innbyrðisviðureignirnar benda til þess að Stjörnumenn hafi forskot í því hvernig liðin vega upp á móti hvoru öðru.

### 1972-þjálfaraárangurinn í KR

Benedikt Guðmundsson og Ingi Þór Steinþórsson eru báðir fæddir árið 1972 og aldir upp í KR en svo skemmtilega vill til að þjálfarar síðustu þriggja Íslandsmeistara eiga það allir sameiginlegt að vera úr 1972-árganginum í KR. Hrafn Kristjánsson, þjálfari núverandi Íslandsmeistara KR, er einnig úr þeim öfluga þjálfaraárgangi úr Vesturbænum.

Innbyrðisleikir Þórs og Snæfells voru æsispennandi, Snæfell vann þann fyrri í Hólminum í framlengingu þar sem Hólmarar jöfnuðu í lokin en Þór vann þann seinni í Þorlákshöfn á flautukörfu.

### Fyrstu skrefin hjá Þór

Nýliðar Þórs úr Þorlákshöfn verða í kvöld átjánda félagið sem tekur þátt í úrslitakeppninni en það er ekki hægt að segja að það sé algengt að félag vinni sinn fyrsta leik í úrslitakeppni.

Það hefur sem dæmi aðeins gerst einu sinni frá árinu 1995 og svo skemmtilega vill til að þjálfari Fjölnismanna, sem unnu sinn fyrsta leik í úrslitakeppni vorið 2005, var einmitt Benedikt Guðmundsson, núverandi þjálfari Þórsliðsins.

Hin átta liðin sem hafa stigið sín fyrstu skref í úrslitakeppni undanfarin 17 ár hafa öll tapað sínum fyrsta leik.

Snæfell varð Íslandsmeistari fyrir tveimur árum en þrátt fyrir miklar breytingar á leikmannahópnum síðan þá á liðið í ár það sameiginlegt með 2010-liðinu að koma inn í úrslitakeppnina í sjötta sæti.

### Sjötta sætið reyndist vel síðast

Það boðar þó kannski ekki gott fyrir nokkra aðra en Snæfellinga því ekkert annað lið hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn eftir að hafa komið inn í sjötta sætinu.

Ingi Þór Steinþórsson er jafnframt eini þjálfarinn sem hefur gert lið að Íslandsmeisturum án þess að hafa heimavallarrétt í átta liða úrslitunum. Ingi var einnig þjálfari KR-liðsins sem varð meistari vorið 2000 eftir að hafa komið inn í fimmta sæti.

Það verður örugglega erfitt hjá þjálfurunum fjórum að koma hverjum öðrum mikið á óvart í komandi leikjum en það má búast við spennandi leikjum þar sem öll fjögur liðin telja sig eiga mjög góða möguleika á að komast áfram í undanúrslitin. ooj@frettabladid.is



**KEMUR AFTUR** Snorri Steinn Guðjónsson verður með Íslandi í Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsliðið valið:

## Snorri Steinn og Ólafur með

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson hefur valið 20 leikmenn í íslenska landsliðið sem mun taka þátt í umspilskeppni fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum.

Riðill Íslands fer fram í Króatíu um páskana en Ísland mun leika við gestgjafana og Japan og Síle. Tvö efstu liðin í riðlinum fá þátttökurétt á leikunum í Lundúnum í sumar. Miðað við styrkleika liðanna er ljóst að íslenska liðið er í dauðafæri til þess að tryggja sig til London.

Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson gefa báðir kost á sér á ný en þeir misstu báðir af EM í Serbíu í upphafi ársins. Ólafur Guðmundsson er kominn aftur í hópinn en hann hefur verið frá vegna meiðsla.

Einu forföllin eru hjá Alexander Peterssyni en hann er enn að glíma við meiðsli í öxl og sér ekki fyrir endann á því. - esá

### Landsliðshópurinn

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Haukar |
| Björgvin Páll Gústavsson | Magdeburg |
| Hreiðar Levý Guðmundsson | Nötteröy |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Arnór Atlason | AG |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Hannover-Burgdorf |
| Guðjón Valur Sigurðsson | AG |
| Ingimundur Ingimundarson | Fram |
| Kári Kristján Kristjánsson | Wetzlar |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson | HK |
| Ólafur Guðmundsson | Nordsjælland |
| Ólafur Stefánsson | AG |
| Róbert Gunnarsson | Rhein-Neckar Löwen |
| Rúnar Kárason | Bergischer HC |
| Sigurbergur Sveinsson | Basel |
| Snorri Steinn Guðjónsson | AG |
| Stefán Rafn Sigurmannsson | Haukar |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |
| Vignir Svavarsson | Hannover-Burgdorf |
| Þórir Ólafsson | Kielce |

Einar Hólmgeirsson fær óvænt tækifæri í þýsku úrvalsdeildinni og spilar með Magdeburg fram á sumar:

# Ekki fenginn til að framkalla einhver kraftaverk

**HANDBOLTI** Það verður seint sagt að lukkan hafi leikið við örvhentu sleggjuna Einar Hólmgeirsson á atvinnumannaferlinum. Hann hefur glímt við þrálát meiðsli undanfarin ár og lék sinn síðasta handboltaleik fyrir ellefu mánuðum. Þá héldu allir að ballið væri búið hjá Einari.

Svo er nú aldeilis ekki því hann fær tækifæri út þessa leiktíð til þess að sanna sig hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Magdeburg, sem Björgvin Páll Gústavsson leikur með.

„Við verðum að sjá til hvernig þetta endar. Ég er í ágætu standi en það hefur ekkert reynt almennilega á það. Þeir hafa engu að tapa og ekki ég heldur og því látum við reyna á þetta," sagði Einar en hann skrifar í dag undir samning sem gildir til loka leiktíðar. Fínasta afmælisgjöf en Einar varð þrítugur í gær.

Aðalskytta Magdeburg er meidd og verður frá fram að jólum. Sá er leysir hann af hefur átt í meiðslum og því vantaði Magdeburg mann.

„Eftir fyrstu æfinguna spurðu þeir hvort ég gæti spilað á laugardaginn. Ég hef lítið annað að gera þannig að ég var til," sagði Einar sem hefur verið að æfa með 3. deildarliði síðan í janúar.



**MÆTTUR AFTUR** Einar er kominn aftur í úrvalsdeildina. Hann er hér í leik með Flensburg gegn Ciudad Real. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann ætlaði að reyna að komast að hjá liði í janúar en varð að slá því á frest þar sem vinstra hnéð var skorið upp í október. Það var í fjórða skiptið sem hann er skorinn upp á því hné.

„Þjálfarinn veit hvernig ég er og að ég þarf örugglega mínar hvíldir. Ég er fenginn til að leysa hinn af. Ég á ekki að framkalla einhver kraftaverk hérna. Sleggjan er smá ryðguð en það þarf aðeins að pússa hana upp. Ég veit ekki alveg hvar ég stend og renni frekar blint í sjóinn."

Einar gerir sér grein fyrir því að ef vel gangi gætu opnast dyr fyrir hann í framhaldinu. Það á svo eftir að koma í ljós hvernig skrokkurinn heldur.

„Ef vel gengur má vel vera að þeir vilji framlengja fram að jólum. Maður veit það ekki. Þetta er tækifæri fyrir mig til þess að sanna að ég get enn spilað." - hbg

Eirberg



**Páskatilboð**
**á öllum rafskutlum**

# Rafskutlur
## hagkvæmur ferðamáti

**Njóttu lífsins og farðu allra þinna ferða þegar sólin hækkar á lofti.
Rafskutlurnar eru hannaðar með þínar þarfir í huga.**



**Victroy 140**
Vel útbúinn og traustur
Rafgeymir: 2x75 Ah
Hámarkshraði: 20 km/klst.
Hæð frá jörðu: 14 cm
Burðargeta: 180 kg.
L: 140cm B: 71cm



**Victory 130**
Nettur og öruggur
Rafgeymir: 2x55 Ah
Hámarkshraði: 15 km/klst.
Hæð frá jörðu: 7,6 cm
Burðargeta: 158 kg.
L: 135cm B: 63,5cm



**Victory 10DX**
Léttur og lipur
Rafgeymir: 2x40 Ah
Hámarkshraði: 10 km/klst.
Hæð frá jörðu: 3,5 cm
Burðargeta: 157 kg.
L: 119cm B: 57cm



**GoGo**
Tilvalinn í ferðalagið
Rafgeymir: 2x12 Ah
Hámarkshraði: 7 km/klst.
Hæð frá jörðu: 6 cm
Burðargeta: 125 kg.
L: 100cm B: 49cm



**Go-Chair**
Hentugur innan dyra
Rafgeymir: 2x12 Ah
Hámarkshraði: 6 km/klst.
Hæð frá jörðu: 4,5 cm
Burðargeta: 113 kg.
L: 75cm B: 47cm

**Rafskutlurnar eru auðveldar í notkun**
- Jafnt innandyra sem utan
- Snúningssæti auðvelda aðgengi
- Hraðastillingar eftir þörfum hvers og eins
- Hagkvæmar og einfaldar í rekstri

Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga út apríl kl. 11-16. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

> Stöð 2 kl. 20.10

**Spurningabomban**

***Það er komið að síðasta þætti vetrarins af Spurningabombunni með Loga Bergmann og það verður fjörugur þáttur. Annað liðið er skipað hressum tónlistarmönnum en hitt er skipað leikurum sem vita hvað þeir syngja.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON OG HÁTÍÐ Í VÆNDUM

# *Íþróttaveisla í beinni útsendingu*

Vorboðinn ljúfi, úrslitakeppnin í Iceland Express-deildinni í körfubolta hófst í gær. Fyrir þá sem ekki þekkja til þá er einfaldast að lýsa henni sem veislu. Síðustu ár hefur áhugamönnum nefnilega verið boðið upp á einhverja eftirminnilegustu kappleiki sem háðir hafa verið á Íslandi.

Minnast má lokaleiksins í úrslitunum 2007 þegar KR lagði Njarðvík í framlengdum leik. Njarðvík hafði leitt allan leikinn og lengst af með nokkuð þægilegum mun. Þegar fjórar mínútur voru eftir af leiknum kom loksins áhlaup frá KR sem endaði með því að bandaríski töffarinn J.J. Sola jafnaði á lokasekúndunni. KR vann svo í framlengingu og stemningin í bókstaflega troðfullri DHL-höllinni eins og í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta. Ekki síður eftirminnilegur var oddaleikurinn í úrslitunum KR og Grindavíkur 2009. Úrslitin réðust á lokasekúndum þegar Grindavík fékk tækifæri til að stela sigrinum eftir að hafa elt allan leikinn en misstu frá sér boltann. Raunar var allt úrslitaeinvígið 2009 með hreinum ólíkindum og spennan meiri en undirritaður man eftir úr íslenskum íþróttum.



Í þetta skiptið þykja Grindvíkingar líklegastir til afreka en kannski helst litið til KR að velgja þeim undir uggum. Fæstir körfuboltaáhangendur myndu kvarta yfir því ef þessi lið mættust í lokaúrslitunum, jafnvel þótt spennustigið yrði einungis brot af því sem myndaðist 2009. En þessar pælingar eru ótímabærar, það standa of mörg góð körfuboltalið í veginum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Á Búsúkíslóðum **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó** (23:52)
**17.23 Músahús Mikka** (74:78)
**17.50 Óskabarnið** (11:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andraland** (3:7) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Gettu betur** (7:7) (Úrslitaþáttur) Spurningakeppni framhaldsskólanna - úrslitaþáttur.
**21.30 Í góðum félagsskap** (In Good Company) Miðaldra starfsmaður á auglýsingastofu fær nýjan yfirmann sem er helmingi yngri en hann og sefur auk þess hjá dóttur hans. Leikstjóri er Paul Weitz og meðal leikenda eru Dennis Quaid, Topher Grace og Scarlett Johansson.
**23.20 Óheillakrákan** (The Cooler) Fjárhættuspilari sem er svo óheppinn að hann smitar út frá sér óláni vinnur sem óheillakráka í spilavíti í Las Vegas. Leikstjóri er Wayne Kramer og meðal leikenda eru William H. Macy, Maria Bello og Alec Baldwin. Bandarísk bíómynd frá 2003. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.00 Sherlock** (2:3) (Sherlock) (e)
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Amelia**
**08.00 Love and Other Disasters**
**10.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**12.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**14.00 Love and Other Disasters**
**16.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**18.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**20.00 Amelia**
**22.00 The Unborn**
**00.00 Hot Tub Time Machine**
**02.00 The Contract**
**04.00 The Unborn**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (51:175)
**10.15 Covert Affairs** (9:11)
**11.00 Hell's Kitchen** (7:15)
**11.45 Human Target** (8:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The House Bunny** Skemmtileg, rómantísk gamanmynd um Shelly Darlingson sem var alin upp á munaðarleysingjahæli en flytur á Playboy-setrið ung að aldri. Á 27 ára afmælinu sínu er hún orðin of gömul fyrir setrið og þarf að standa á eigin fótum.
**14.35 Friends** (5:24)
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Tricky TV** (13:23)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (8:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.45 Týnda kynslóðin** (29:29)
**20.10 Spurningabomban** (10:10)
**20.55 American Idol** (23:40)
**22.20 3000 Miles to Graceland** Spenna og hasar á léttum nótum. Elvis-eftirhermur stefna til Las Vegas en árleg uppákoma þeirra stendur fyrir dyrum. Nokkrir glæpafélagar ákveða að notfæra sér ástandið og ræna spilavíti á meðan gleðin stendur sem hæst. Þeir þykjast vera með pottþétt plan í farteskinu en ekki gengur það nú fullkomlega upp.
**00.25 The Punisher: War Zone** Mögnuð spennumynd um Frank Castle sem hefur elt og drepið mörg hundruð glæpamenn, en nú þarf hann að kljást við sinn versta óvin til þessa, sjálfan geðsjúklinginn, Jigsaw.
**02.05 The House Bunny**
**03.40 Spurningabomban** (10:10)
**04.25 Friends** (5:24)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 AZ Alkmaar - Valencia** Evrópud.
**16.15 AZ Alkmaar - Valencia** Evrópud.
**18.00 Upphitun fyrir úrslitakeppnina** Hitað upp fyrir úrslitakeppnina í Iceland Express deild karla í körfuknattleik.
**19.00 Iceland Express deildin 2012**
**21.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.30 La Liga Report**
**22.00 Evrópudeildarmörkin**
**22.50 Iceland Express deildin 2012**
**00.35 Box: Erik Morales - Danny Garcia**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Liverpool - Wigan**
**18.40 Arsenal - Aston Villa**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Newcastle - Leicester, 1996**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Swansea - Everton**

## EXTRA

**18.00 The Doctors** (81:175)
**18.45 The Amazing Race** (6:12)
**19.35 Friends** (11:24)
**20.00 Modern Family** (11:24)
**20.30 Mið-Ísland** (2:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 How I Met Your Mother** (7:24)
**22.20 American Idol** (24:40)
**23.05 Alcatraz** (8:13)
**23.50 NCIS: Los Angeles** (15:24)
**00.35 Mið-Ísland** (2:8)
**01.05 Týnda kynslóðin** (29:29)
**01.30 Friends** (11:24)
**01.55 Modern Family** (11:24)
**02.20 The Doctors** (81:175)
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví (10:12)** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (13:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (8:10) (e)
**12.25 Game Tíví** (10:12) (e)
**12.55 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 7th Heaven** (21:22)
**16.25 Britain's Next Top Model** (3:14)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Good Wife** (9:22) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (39:50) (40:50) (e)
**19.40 Got to Dance (5:15)**
**20.30 Minute To Win It** Systurnar Taneshia og Shalaye Camillo leggja hart að sér í spennandi keppni.
**21.15 Hæfileikakeppni Íslands** (1:6) Leitin að hæfileikaríkasta Íslendingnum er hafin. Dómnefndina skipa Anna Svava Knútsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson.
**22.15 Mobbed** (1:11)
**23.05 Jonathan Ross** (19:19)
**23.55 Once Upon A Time** (12:22) (e)
**00.45 Flashpoint** (13:13) (e)
**01.35 Saturday Night Live** (13:22) (e)
**02.25 Jimmy Kimmel** (e)
**03.10 Jimmy Kimmel** (e)
**03.55 Whose Line is it Anyway?** (31:39) (e)
**04.20 Smash Cuts** (40:52) (e)
**04.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Shell Houston Open 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Shell Houston Open 2012 (1:4) **15.00** Champions Tour - Highlights (5:25) **16.00** Shell Houston Open 2012 (1:4) **19.00** Shell Houston Open 2012 (2:4) **22.00** US Open 2006 - Official Film **23.00** PGA Tour - Highlights (12:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.30** The Vicar of Dibley **07.40** Jane Eyre **08.30** New Tricks **09.25** Come Dine With Me **10.10** My Family **11.10** The Vicar of Dibley **12.10** My Family **13.10** The Vicar of Dibley **15.00** QI **16.00** The Best of Top Gear **16.55** Live at the Apollo **17.40** The Vicar of Dibley **18.40** QI **19.10** Derren Brown. Mind Control **20.00** Live at the Apollo **20.45** Peep Show **21.15** Live at the Apollo **22.00** The Vicar of Dibley **23.40** Jane Eyre **00.35** New Tricks **01.25** Live at the Apollo **02.55** Peep Show **03.20** ,Allo ,Allo! **03.55** EastEnders

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Bag Borgen **10.35** Dyrehospitalet **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Dyk Olli dyk **14.15** Timmy-tid **14.25** Ellevilde Ella **14.35** Skrål **15.00** Pacific Paradise Police **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Her er dit liv **19.00** TV Avisen **19.30** Det' indviklet **21.20** Jul undercover **23.00** En plads i mit hjerte

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Fremmed i Norge **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Snøballkrigen **14.50** Glimt av Norge **15.00** NRK nyheter **15.10** Norsk attraksjon **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Førstebetjent Banks **21.15** Kveldsnytt **21.30** Førstebetjent Banks **22.10** Tungrockens historie **22.55** Elskerinner

## svt1

**08.00** Go'kväll **08.45** Debatt **09.30** Plus **10.30** Född 2010 **11.30** Det söta livet **11.40** Bakom 30 grader i februari **11.45** Antikrundan **12.45** Livet på Laerkevej **13.30** Spisa med Price **14.00** Rapport **14.05** Konståkning. VM **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Minuten **19.00** Skavlan **20.00** In the Land of Women **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Unfaithful **23.45** Rapport **23.50** Game of Thrones

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |







FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

**LÆRDÓMUR VIKUNNAR**



*„Gabriel með Joe Goddard er tryllt og svo er Nova með Burial & Four Tet svona sparilagið mitt.“*

Logi Pedro Stefánsson, liðsmaður sveitarinnar Retro Stefson.

# Íslenska pylsan til Svíþjóðar

„Eftir Svarta dauða kemur SS-pylsan“, svo hljóðar fyrirsögn er birtist í Aftonbladet í vikunni. Fréttin segir frá áætlunum Sláturfélags Suðurlands um að hefja innflutning á íslenskum pylsum til Svíþjóðar.

Í fréttinni er íslensku pylsunum lýst sem töluvert styttri en þeim sænsku og að þær séu oftast borðaðar „með öllu“. Blaðamaður Aftobladet fjallar einnig um söluskálann víðfræga, Bæjarins beztu, sem stendur niðri við Reykjavíkurhöfn og tekur fram að staðurinn hafi fengið glimrandi meðmæli frá The Guardian og sjálfum Bill Clinton. „Einstaklingar á borð við Metallica og Bill Clinton hafa einnig notið SS-pylsunnar. Clinton borðaði hana þó ekki á réttan hátt, hann sleppti lauknum, remúlaðinu og tómatsósunni sem olli honum hjartatruflunum samkvæmt heimildum,“ skrifaði blaðamaðurinn.

Í greininni er einnig vitnað í Steinþór Skúlason, forstjóra SS, sem segir fyrirtækið stefna á að selja pyslur í Svíþjóð og víðar í litlum söluskálum í anda Bæjarins beztu.

Á vef SS kemur fram að fyrirtækið hafi í gegnum árin fengið fjölda fyrirspurna frá ýmsum aðilum sem hafa haft áhuga á að selja SS-pylsur á erlendum markaði, ekki hafi þó verið hægt að verða við slíku fyrr en nú. Á síðunni kemur einnig fram að líkur eru á að valdar áleggstegundir og steikur eigi möguleika á erlendum mörkuðum. **- sm**



**PYLSUÚTRÁSIN** Pylsurnar frá SS verða brátt fáanlegar í Svíþjóð. Aftonbladet fjallaði um innreið íslensku pylsunnar í Svíþjóð á síðum sínum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Stofna sína aðra ferðaskrifstofu

„Stefnan hjá okkur er að hrista aðeins upp í þessu, það er klárt mál,“ segir Þór Bæring Ólafsson.

Hann hefur opnað ferðaskrifstofuna Gamanferðir ásamt Braga Hinriki Magnússyni. Þar verður áhersla lögð á ýmiss konar utanlandsferðir, þar á meðal á tónleika, fótboltaleiki og handboltaleiki. Einnig verða fjölskylduferðir, borgarferðir og ævintýraferðir í boði.

Þór og Bragi Hinrik stofnuðu ferðaskrifstofuna Markmenn árið 2003. Þar náðu þeir að lækka verð á fótboltaferðum og árið 2006 keypti Iceland Express skrifstofuna og stofnaði Express ferðir. Skömmu síðar hættu þeir í bransanum og hafa síðan þá einungis aðstoðað fjölskyldu og vini við að fá miða á viðburði erlendis. „Við vorum ekki sjálfstæðir lengur og þetta var ekki alveg eins gaman,“ segir Þór, sem telur að núna sé rétti tíminn til að snúa aftur. Í þetta sinn verða þeir í samstarfi við flugfélagið Wow Air. „Það er meiri stemning hjá fólki að fara út og gera eitthvað skemmtilegt. Það er búið að vera hálfgert ferðabann hjá fólki síðustu ár.“

Þór er ánægður með að vera farinn að selja ferðir til útlanda á nýjan leik. „Þessi ferðabransi er gríðarlega skemmtilegur. Maður er bara spenntur að vakna á morgnana og takast á við verkefni dagsins.“ **- fb**



**Á VELLINUM** Þór Bæring Ólafsson og Bragi Hinrik Magnússon hafa stofnað ferðaskrifstofuna Gamanferðir.



**STÓRHUGA TÓNLISTARMENN** Þeir Margeir Sigurðsson og Stephan Stephensen mynda dansdúettinn Gluteus Maximus en þeir hafa einnig stofnað útgáfufyrirtækið Radíó Bongó. Á morgun frumflytja þeir lagið Everlasting á RFF í Hörpu en Högni Egilsson er gestasöngvari í laginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MARGEIR SIGURÐSSON: EKKI HÆGT AÐ DANSA ÁN RASSVÖÐVANS

# Nefna dansdúett eftir stærsta vöðva líkamans

„Ég er viss um að við verðum eftirlætishljómsveit sjúkra- og einkaþjálfara,“ segir plötusnúðurinn Margeir Sigurðsson um dansdúettinn Gluteus Maximus sem hann hefur stofnað ásamt Stephan Stephensen.

Dúettinn kemur í fyrsta sinn fram á Reykjavík Fashion Festival í Hörpu á morgun en þar frumflytur hann lagið Everlasting og hefur fengið til liðs við sig söngvarann Högna Egilsson. „Við erum mjög ánægðir með að Högni samþykkti að syngja í laginu enda með frábæra rödd. Við erum langt komnir með næsta lag og þar fáum við leikarann Magnús Jónsson til liðs við okkur,“ segir Margeir og bætir við að dúettinn ætli sér að vinna með ýmsum gestasöngvurum í framtíðinni. Nafn dúettsins vekur athygli en Gluetus Maximus er heiti á stærsta vöðva líkamans, rassvöðvans. „Rassvöðvinn er mjög mikilvægur. Maður getur til dæmis ekki dansað án rassvöðvans,“ segir Margeir.

Margeir og Stephan, betur þekktur sem President Bongo úr GusGus, hafa verið að vinna saman í nokkurn tíma og þá aðallega við að endurhljóðblanda lög, til dæmis fyrir sveitina Sigur Rós. „Samstarf okkar nær nokkur ár aftur í tímann en við höfum undanfarið verið að prófa okkur áfram með eigið efni og nú er komið að frumflutningi á því,“ segir Margeir en það er góðvinur þeirra, finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor, sem samdi enska texta lagsins. Lagið kemur út með vorinu hjá nýstofnaðri útgáfu þeirra kappa, Radíó Bongó, en það er Stephan sem á veg og vanda að þeirri útgáfu. Hún sérhæfir sig í að gefa út tónlist á vínyl í takmörkuðu upplagi. Lagið Everlasting verður önnur útgáfa Radíó Bongó en sú fyrsta er sólóplata Davíðs Þórs Jónssonar píanóleikara.

„Dúettinn er kominn til að vera og við erum spenntir yfir að koma í fyrsta sinn fram á Íslandi en hingað til höfum við verið að prufukeyra Gluteus Maximus erlendis við góðar viðtökur,“ segir Margeir og er nokkuð viss um að þeir hnykli rassvöðvana á tískupöllunum í Hörpu á morgun.

alfrun@frettabladid.is


Harðfiskurinn frá Stykkishólmi
Þessi sjúklega góði

Humarsoð frá Hornarfirði

Humar 2000 kr.kg
Óbrotinn fyrsta flokks humar

Ferskur Túnfiskur
Alla föstudaga og laugardaga

Glæný Bláskel frá Stykkishólmi

Fiskibollur að dönskum hætti
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


# Goðsögn með Taylor í Hörpu

„Þetta er algjör goðsögn,“ segir trommarinn Einar Scheving um kollega sinn Steve Gadd sem spilar með James Taylor í Hörpunni í maí.

Gadd hefur á ferli sínum einnig spilað mikið með Eric Clapton og Paul Simon á tónleikum, auk þess sem hann hefur spilaði inn á hljómplötur með fjölda þekktra flytjenda á borð við Paul McCartney, Peter Gabriel og The Bee Gees.

Einar kynntist Gadd lítillega þegar hann var einn af leiðbeinendum á námskeiði sem hann sótti í Danmörku. „Ég kynntist honum lítillega, alla vega nóg til að heyra í honum annað slagið,“ segir Einar, sem hefur miklar mætur á Gadd. „Þetta verða frábærir tónleikar með James Taylor en Gadd er náttúrulega bónus enda má segja að hann sé stærsta nafnið í trommuheiminum. Hann er ekki þekktasti trommarinn í heiminum en í þessum trommubransa er hann sennilega stærsta nafnið.“

Að sögn Einars var Gadd einnig einn eftirsóttasti djasstrommuleikari heims um tíma og spilaði mikið með Chick Corea sem stígur einmitt á svið í Hörpunni í apríl. Hann segir að trommustíll Gadds sé mjög einkennandi. „Þó að hann sé þekktur fyrir að vera mjög leiðandi tæknilega er hann ekkert endilega að fara hamförum um settið. Hann er fyrst og fremst með þungavigtargrúv og gefur allt í músíkina.“ **- fb**



**GOÐSÖGN TIL LANDSINS** Steve Gadd spilar á trommur í hljómsveit James Taylor í Hörpunni í maí. NORDICPHOTOS/GETTY

VOR/SUMAR 2012

# ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!

Regatta GREAT OUTDOORS

DARE 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

### Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |

### Dömur & herrar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolir | 1.990,- | Softshell peysur | 4.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- | Isotex jakkar | 7.490,- |
| Buxur | 4.990,- | Isotex kápur | 7.490,- |
| Kvart buxur | 4.990,- | Undirföt buxur | 2.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- | Undirföt bolur | 2.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- | Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- | Bakpokar, skór ofl. | |
| Flís peysur | 3.990,- | | |

**Hjá okkur má skila og skipta**



### Vetur 11/12 - Verðhrun

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barna flís peysur | 990,- | Dömu softsh peysur | 1.990,- |
| Barna softsh. peysur | 1.990,- | Úlpur | 3.990,- |
| Barna úlpur | 1.990,- | Snjóbuxur | 3.990,- |
| Barna snjóbuxur | 3.990,- | Skór | 3.990,- |

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kolrassa krókríðandi snýr aftur

**Elíza Geirsdóttir Newman** og vinkonur hennar í hljómsveitinni Kolrössu krókríðandi vakna af værum blundi og koma saman aftur 1. apríl á sextíu ára afmælistónleikum Myllubakkaskóla í Andrews Theatre í Keflavík. Kolrassa krókríðandi heldur líka upp á sitt eigið afmæli þessa dagana því liðin eru tuttugu ár frá því að hljómsveitin var stofnuð og frá sigri þeirra í Músíktilraunum árið 1992. Á meðal annarra flytjenda á tónleikunum í Keflavík verða Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og hljómsveitin Júdas, Jóhann Helgason og Valdimar Guðmundsson.



### Ljóð og myndband í Seðlabankanum

Ársfundur Seðlabankans fór fram í gær eins og getið er um framar í blaðinu. Már Guðmundsson seðlabankastjóri hélt ræðu venju samkvæmt en lauk ræðunni á skáldlegum og óvenjulegum nótum, með því að vitna í ljóð eftir Jónas Hallgrímsson. En það var fleira sem var óvenjulegt á fundinum. Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, gat ekki verið á fundinum þar sem hann er staddur í Kanada. Því brá hann á það ráð að taka upp ræðu sína á myndband, sem var sýnt í matsal Seðlabankans á fundinum.

**- fb, þeb**



### Mest lesið VÍSIR

1. Ósáttir eigendur Kalda: Risarnir tveir einoka markaðinn
2. Fórnarlamb hópnauðgunar lést á spítala
3. Nýr forsetaframbjóðandi: Ég hef kjark og þor
4. Búið að stela nær öllum tönnum úr búrhvalnum í Beruvík





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS



# VORTILBOÐ

25-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

## ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing



Rúm Gott
Öllum fermingarrúmum fylgir dýnuhlíf, lak og sængurver.
Gjafapakki að verðmæti kr. 17.500,-

## FERMINGARTILBOÐ

Á HEILSURÚMUM - VERÐ 120X200 FRÁ KR. 79.442

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur
Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM